# FRÉTTABLAÐIÐ

206. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 1. SEPTEMBER 2018



# Dreymdi aldrei um fullan völl

Landsliðskonurnar Sif Atladóttir og Guðbjörg Gunnarsdóttir ræða stórleikinn fram undan og stöðu kvenna í fótbolta. → 30

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Mirjam segir sögu sína

Taldi sig hafa smyglað 3 kílóum af amfetamíni en ekki 20. → 24



MEÐ OG Á MÓTI



## Bólusetningar leikskólabarna

Líf og Hildur. → 40









## Veður



Suðvestan strekkingur á morgun með rigningu á köflum eða skúrum, en talsverð rigning við Breiðafjörð. Hiti 7 til 12 stig. Bjartviðri og hiti að 16 stigum norðaustan til. SJÁ SÍÐU 52



**Frá vettvangi í Grafarholti í gærkvöldi.** FRETTABLADID/SIGTRYGGUR

# Þrír handteknir eftir stunguárás

**LÖGREGLUMÁL** Þrír menn á tvítugs- og fertugsaldri voru handteknir við verslun Krónunnar í Grafarholti um kvöldmatarleytið í gær, í tengslum við alvarlega líkamsárás. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var maður stunginn.

Maðurinn var fluttur á slysadeild en er ekki talinn í lífshættu. Þegar Fréttablaðið fór í prentun höfðu mennirnir ekki verið yfirheyrðir.

Viðbúnaður lögreglu var mikill vegna málsins. Sjónarvottur, sem Fréttablaðið ræddi við í gærkvöld, sagði að sjö til átta viðbragðsbílar hefðu verið á svæðinu. Hann sagðist hafa séð blóðugt handklæði, eða tusku, við strætóskýli á svæðinu.

„Það var allt morandi í löggubílum,“ sagði sjónarvotturinn. **– bg**

# Hörmulegt slys í Steinsholtsá

**SLYS** Konan sem lenti í háska í Steinsholtsá í gær er látin. Þetta kemur fram í tilkynningu frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Tvennt var í bíl sem reynt var að aka yfir ána, sem er á leið inn í Þórsmörk. Þau voru á jepplingi. Bíllinn festist í ánni. Maðurinn komst á þurrt en konan flaut niður ána og staðnæmdist á grynningum.

Þyrla Landhelgisgæslunnar flutti fólkið á sjúkrahús en konan var úrskurðuð látin þegar á Landspítalann var komið. Maðurinn mun hafa verið blautur og kaldur þegar björgunarlið kom á staðinn.

Lögreglan á Suðurlandi rannsakar málið. **– bg**

# Fjörutíu árum síðar




FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá 40 ára afmæli Hlemms er að finna á Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

**Leið 4 frá Högum að Sundi og leið 1 frá Hlemmi að Vallahverfi í Hafnarfirði áttu óvænt stefnumót við Hlemm í dag. Í gær voru 40 ár liðin frá því að Hlemmur opnaði dyr sínar fyrir vegfarendum. Af því tilefni var fólki boðið að stíga um borð upp í leið 4 og fræðast um sögu Hlemms. Strætó BS hefur vaxið og dafnað með Reykjavíkurborg. Þegar leið 4 flutti farþega á sínum tíma var til mynda ekkert Vallahverfi til.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Uppsagnir og verðhækkun hjá Morgunblaðinu

**FJÖLMIÐLAR** Sigurður Nordal hefur látið af störfum sem fréttastjóri viðskipta hjá Morgunblaðinu.

Hann sendi starfsfólki Morgunblaðsins tölvupóst í gær þar sem hann greindi frá því að samkomulag hefði náðst á milli sín og stjórnar Árvakurs um starfslokin. Skapta Hallgrímssyni, blaðamanni til 40 ára hjá Morgunblaðinu, var síðan sagt upp í gær.

Stefán Einar Stefánsson, aðstoðarfréttastjóri á viðskiptaritstjórn Morgunblaðsins, mun taka við starfi fréttastjóra viðskipta, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Í Morgunblaðinu í gær var greint frá verðhækkun á áskrift að blaðinu. Full mánaðaráskrift er nú 6.960 krónur, en var 6.597 krónur. **– sks**

# Hef fulla trú á að þeim takist ætlunarverk sitt

**Katrín Jónsdóttir hefur verið óvinnufær í vikunni sökum spennu fyrir leik íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu gegn Þýskalandi sem fram á Laugardalsvellinum í dag. Katrín lítur öfundaraugum til núverandi leikmanna liðsins.**

**FÓTBOLTI** Katrín Jónsdóttir, leikjahæsti leikmaður íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu, er borubrött fyrir leik Íslands gegn Þýskalandi í dag. Katrín sem er búsett í Svíþjóð verður límd við skjáinn þegar leikurinn fer fram, en hún hefur fulla trú á íslenskum sigri. Hún segir þróunina hvað varðar gæði og umgjörð hafa tekið stakkaskiptum frá því að hún hóf sinn landsliðsferil.

„Ég er búin að vera mjög spennt alla vikuna og það kemst fátt annað að en þessi leikur í mínum huga þessa stundina. Það verður mjög gaman að fylgjast með þessu og við fjölskyldan og vinir munum fylgjast með leiknum hér úti. Ég horfði á fyrri leikinn ein og var að farast úr stressi undir lok leiksins. Ég hoppaði og skoppaði um íbúðina og gólaði á tölvuskjáinn af spennu,“ segir Katrín í samtali við Fréttablaðið.

„Það hefur verið gaman að fylgjast með umfjöllun um leikinn og það er frábært að heyra af því að það verði uppselt. Ég öfunda stelpurnar ekkert smá af að fá að spila fyrir framan fullan völl og ég væri alveg til í að spila þennan leik, þó ekki í því formi sem ég er í núna, heldur eins og þegar ég var á hátindi ferils míns. KSÍ og fjölmiðlar eiga hrós skilið fyrir að hafa lyft umgjörðinni og umfjölluninni upp á það plan sem stelpurnar eiga skilið,“ segir hún enn fremur.

„Ég hugsa að leikurinn muni þróast á svipaðan hátt og hann gerði úti í Þýskalandi. Íslenska liðið muni leika agaðan og þéttan varnarleik og vera þolinmóðar. Þær eru svo banneitraðar í skyndisóknum sínum sem eru alla jafna vel útfærðar. Þær skoruðu til að mynda úr tveimur slíkum í leiknum ytra og það verður öflugt vopn í þessum leik,“ segir fyrrverandi fyrirliði íslenska liðsins.



**Leikmenn íslenska liðsins eiga einkar mikilvægan leik fyrir höndum þegar liðið etur kappi við Þýskaland á Laugardalsvellinum í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Við unnum þær á útivelli og hvers vegna ættum við ekki að geta endurtekið leikinn. Ég hef fulla trú á íslenska liðinu.**
>
> Katrín Jónsdóttir

„Stelpurnar í liðinu hafa bætt sig umtalsvert frá því þegar ég var í liðinu og það hefðu bara verið draumórar að velta því fyrir sér að leggja Þýskaland að velli á sínum tíma. Við náðum einu sinni að standa í þeim í úrslitakeppni EM, en framan af mínum ferli fengum við stóra skelli á móti þeim. Nú eigum við bara raunhæfa möguleika á að fara með sigur af hólmi. Við unnum þær á útivelli og hvers vegna ættum við ekki að geta endurtekið leikinn? Ég hef allavega fulla trú á íslenska liðinu,“ segir þessi fyrrverandi varnarjaxl um leikinn. **hjorvaro@frettabladid.is**



# VIÐ FÖGNUM 31 ÁRS AFMÆLI

## OG BJÓÐUM FRÁBÆR TILBOÐ

# SPARIÐ ALLT AÐ 70%

31 árs



KODDI FULLT VERÐ: ~~9.995~~

**4.995**

DÖNSK GÆÐAVARA

Downafresh
Hygiene according to DIN EN 12935

NOMITE
Hentar vel fyrir astma- og ofnæmissjúklinga

Allt að **57%** afsláttur

**90% MOSKUSDÚNN**

SÆNG FULLT VERÐ: ~~34.990~~

**14.990**

**PREMIUM MOSKUSDÚNSÆNG**
Einstök heilsárssæng fyllt með moskusdúni sem minnir á besta dún í heimi, æðardún. Létt og skemmtileg sæng sem mun ylja þér í mörg ár. Sængin er dönsk gæðaframleiðsla þar sem ýtrustu gæðakröfum er fylgt. Sængin hentar fólki með ofnæmi. Burðargeta 11. Fylling: 600 gr. 90% evrópskur moskusdúnn og 10% evrópskar smáfjaðir. Áklæði 100% bómullarléreft. Þolir þvott við 60°C. Sæng 135x200 cm. Koddi 50x70 cm. Vnr. 401-40400, 403-40400



**50%** afsláttur

31 árs

NÚ VERÐ FRÁ:

**995**

**TOP STORE PLASTKASSAR**
**32** lítra ~~1.995~~ nú **995** **52** lítra ~~2.495~~ nú **1.245**
Vnr. 301-156-1034, 301-156-1037

VIÐ GEFUM 12X
**25.000 KR.**
**GJAFABRÉF**
Í VERSLUNUM OKKAR
1. OG 2. SEPTEMBER

31 árs

Allt að **50%** afsláttur



**DÝNA+BOTN+FÆTUR**

90x200 cm ~~64.900~~ nú 29.950
120x200 cm ~~79.900~~ nú 39.950
140x200 cm ~~94.900~~ nú 49.950

NÚ VERÐ FRÁ:

**29.950**

**DREAMCLOUD DÝNA**
Góð miðlungsstíf dýna með 280 pokagormum pr. $m^2$. Botn og fætur fylgja með. Áföst yfirdýna. Vnr. 8880002090

**50%** afsláttur



VEFVERSLUN
**WWW.RFL.IS**
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

PLUS
ÞÆGINDI & GÆÐI

NÚ VERÐ FRÁ:

**1.695**

KRONBORG®
OF DENMARK

**ANE SÆNGURVERASETT**
100% bómullarsatín. Koddaver 50 x 70 cm.
Lokað með rennilás. 140x200 cm ~~3.495~~ nú **1.695**
140x220 cm ~~3.995~~ nú **1.995** 200x220 cm ~~5.995~~ nú **2.995**
Vnr. 1336880

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR TIL 11.09**

+PLÚS



Saga almenningssamgangna í Reykjavík hófst árið 1931 með stofnun Strætisvagna Reykjavíkur hf. Strætó bs. varð til með sameiningu SVR og Almenningsvagna hf. árið 2001.

# Ferðalag 40 ár aftur í tímann

Hlemmur opnaði dyr sínar þann 31. ágúst árið 1978 og var þá aðalskiptistöð strætó. Hlemmur skipar nú stóran sess í menningarsögu Reykjavíkur, þó að hlutverk hans hafi sannarlega breyst á síðustu árum.




Gestir fengu að hoppa upp í leið 4, Hagar – Sund. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Unnur Bergsveinsdóttir sagnfræðingur fræddi farþega um sögu Hlemms.



Hlemmur lék stórt hlutverk í reykvískri menningu og var snemma á níunda áratugnum afdrep pönkara.



Icelandic Tattoo Expo hófst með pompi og prakt í Laugardalshöll í gær. Fjölmargir voru mættir á staðinn til að fá sér flúr þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Tattú-veisla í Laugardalshöll

Tattoo & Skart stendur fyrir mikilli tattú-sýningu í Laugardalshöll um helgina. Icelandic Tattoo Expo er nú haldin í sjötta sinn og um níutíu húðflúrarar, hvaðanæva mæta á staðinn til að sýna listir sínar.



Það getur verið sársaukafullt að fá sér húðflúr og þá er gott að hafa einhvern sér við hlið.



Flúrarar sýna sína bestu takta um helgina. Á sunnudaginn verður uppskeruhátíð þar sem flottustu flúrin verða valin.



Verkin eru stór sem smá, oft valin af gaumgæfni, stundum af handahófi.

Ekkert kostar inn á sýninguna. Því er engin afsökun fyrir því að mæta ekki og fá sér flúr.



**TÖLUR VIKUNNAR** 26.08. 2018 - 01.09. 2018

**7 voru ákærðir** í einu umfangsmesta þjófnaðarmáli síðari ára hér á landi. Málið varðar þjófnað á 600 öflugum Bitcoin-leitarvélum úr þremur gagnaverum í lok síðasta árs og upphafi þessa árs.

**3,1 milljarði króna** nam vörusala skyndibitakeðjunnar KFC á Íslandi í fyrra. Salan jókst um sex prósent á milli ára eða 160 milljónir.

**18,6%** að jafnaði var hlutfall innflytjenda af starfandi fólki á öðrum ársfjórðungi 2018 samkvæmt frétt Hagstofu Íslands.

**23%** var hlutfall iðnaðar af landsframleiðslu á síðasta ári. Hlutur byggingarstarfsemi af landsframleiðslu nam 7,7 prósentum.

**30 milljarða króna** er áætlað að námsmenn hafi unnið sér inn frá því að skólum lauk í vor, samkvæmt tölum sem Hagstofa Íslands tók saman fyrir Samtök atvinnulífsins.

**22 króna verðmunur** var á vörukörfunni í Bónus og Krónunni í nýrri verðkönnun verðlagseftirlits ASÍ sem gerð var 28. ágúst.

## Þrjú í fréttum
## Ábyrgð, skráning og bólusetning



**Björgólfur Jóhannsson**
*forstjóri Icelandair Group*
kvaðst axla ábyrgð á ákvörðunum sem valdið hefðu Icelandair tjóni og sagði þess vegna upp. Hann sagði breytingarnar á sölu- og markaðsstarfi auk breytinga á leiðakerfi gerðar á sinni vakt. Ljóst væri að þessar breytingar hefðu valdið félaginu fjárhagslegu tjóni.



**Mahad Mahamud**
*lífeindafræðingi*
er gert að mæta daglega til skráningar hjá lögreglu. Hann sótti um hæli hér eftir að hafa verið sviptur ríkisborgararétti í Noregi.



**Hildur Björnsdóttir**
*borgarfulltrúi*
Sjálfstæðisflokksins kvaðst ætla að leggja fram tillögu í borgarstjórn um að almennar bólusetningar yrðu skilyrði fyrir inntöku barna í leikskóla borgarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Staða Braga enn ekki auglýst

**Óákveðið er hvenær staða forstjóra Barnaverndarstofu verður auglýst. Bragi Guðbrandsson sagði henni upp í júní. Bragi er á fullum launum í sérverkefnum og nefndarstörfum. Nefndarsetan er ólaunuð hjá SÞ.**



Bragi Guðbrandsson var í eldlínunni í vor, hér á leið til fundar við velferðarnefnd Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**STJÓRNSÝSLA** Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær staða forstjóra Barnaverndarstofu verður auglýst. Staðan hefur verið laus frá því í júní, þegar Bragi Guðbrandsson sagði starfi sínu lausu í kjölfar þess að hann var kjörinn í barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna í júní. Bragi hafði þá verið í tímabundnu leyfi frá því í febrúar og því legið í loftinu frá þeim tíma að staða hans myndi losna. Heiða Björg Pálmadóttir hefur starfað sem staðgengill forstjóra frá því í febrúar. Hennar tímabundna skipun rennur út í október.

„Ákvörðun um auglýsingu verður tekin á næstu vikum,“ segir Ásmundur Einar Daðason velferðarráðherra, aðspurður um stöðuna.

Bragi Guðbrandsson verður á fullum forstjóralaunum hjá Barnaverndarstofu til 28. febrúar á næsta ári, samkvæmt samningi sem velferðarráðuneytið gerði við Braga, þá forstjóra Barnaverndarstofu, undirrituðum þegar framboð Braga var í undirbúningi. Í samkomulaginu er fjallað um starfskjör Braga bæði á framboðstímanum og eftir kjör hans í nefndina.

Auk nefndarsetunnar í New York sinnir Bragi sérverkefnum fyrir velferðarráðuneytið; veitir ráðgjöf og sinnir afmörkuðum verkefnum samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra, eins og greinir í 2. gr. samningsins. Þegar launagreiðslum Barnaverndarstofu lýkur í lok febrúar á næsta ári tekur velferðarráðuneytið við og greiðir Braga full forstjóralaun til 31. ágúst 2019 en frá þeim tíma fyrir þar til Bragi lætur af störfum fyrir barnaréttarnefndina, verður hann í hálfu starfi hjá ráðuneytinu, annars vegar vegna nefndarsetunnar og hins vegar í ráðgjöf fyrir ráðuneytið.

Hjá Sameinuðu þjóðunum er ekki litið á nefndarsetuna sem starf og er hún ólaunuð. Hins vegar er greiddur ferðakostnaður auk dagpeninga en nefndin kemur saman tvisvar til þrisvar á ári í fjórar vikur í senn.



**Ásmundur Einar Daðason, velferðarráðherra.**

Fjallað er um barnaréttarnefndina í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Nefndin hefur það hlutverk að fara yfir skýrslur um réttarstöðu og aðbúnað barna í aðildarríkjum barnasáttmálans og taka kvörtunum um brot á samningnum. Lögð er áhersla á að nefndarmenn séu óháðir í störfum sínum hjá þeim nefndum Sameinuðu þjóðanna sem hafa eftirlit með mannréttindasamningum. Í skráðum viðmiðum um hlutleysi og óhlutdrægni nefndarmanna slíkra nefnda er vikið að sambandi nefndarmanna við heimaríki sín. Með hliðsjón af mögulegum áhrifum þess að nefndarmenn eru tilnefndir í nefndina af pólitískum fulltrúum framkvæmdarvaldsins er sérstaklega brýnt fyrir nefndarmönnum að gæta að stöðu sinni í nefndinni í öllum samskiptum við ríkið á málefnasviði samningsins.

**adalheidur@frettabladid.is**

### Starfskjör og starfssvið Braga á næstu árum:

**1. mars 2018 – 28. febrúar 2019**
- Full forstjóralaun frá Barnaverndarstofu
- Ráðgjöf og afmörkuð verkefni fyrir velferðarráðuneytið samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra

**1. mars 2019 – 31. ágúst 2019**
- Full forstjóralaun frá velferðarráðuneytinu
- Störf fyrir barnaverndarnefndina og ráðgjöf á sviði barnaverndarmála fyrir ráðuneytið

**1. september 2019 þar til Bragi lætur af störfum í nefndinni**
- Hálf forstjóralaun frá velferðarráðuneytinu
- Störf fyrir nefndina og ráðgjöf fyrir ráðuneytið í hálfu starfi



ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI ALFA ROMEO Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16


BOSS
HUGO BOSS
SAND
COPENHAGEN
POLO
RALPH LAUREN
Stenströms
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
G-STAR RAW
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BELLINI
collezione
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun
af merkjavöru!
60%
afsláttur af öllum vörum



Vigfús fékk fjögurra ára fangelsi fyrir brot sín gegn konunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Nauðgari fékk fjögurra ára fangelsisdóm

**DÓMSMÁL** Vigfús Jóhannesson var í gær dæmdur í fjögurra ára fangelsi í Héraðsdómi Norðurlands eystra, fyrir misneytingu og ítrekaðar nauðganir á þroskaskertri konu. Hann var bocciaþjálfarinn hennar um nokkurra ára skeið og var gerður að persónulegum talsmanni hennar árið 2015. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að maðurinn sýndi enga iðrun þrátt fyrir að hafa ekki getað dulist fötlun konunnar og erfiðar aðstæður.

Vigfús var einnig dæmdur til að greiða konunni tvær milljónir í miskabætur ásamt vöxtum en í framburði sálfræðings fyrir dómi kom fram að brot mannsins hefðu haft mjög alvarleg áhrif á andlega heilsu konunnar. **– aá**

## Rukka meira fyrir smjörið

**NEYTENDUR** Heildsöluverð á smjöri hækkar um fimmtán prósent í dag og heildsöluverð mjólkur og mjólkurafurða annarra en smjörs um 4,86 prósent. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið tilkynnti um þessa ákvörðun verðlagsnefndar búvara í gær. Lágmarksverð mjólkur til bænda hækkar um 3,52 prósent, eða úr 84,4 krónum í 90,48 krónur.

Samkvæmt því sem kom fram í tilkynningu ráðuneytisins er hækkunin til komin vegna kostnaðarhækkana við framleiðslu og vinnslu mjólkur. Greint er frá því að síðasta verðbreyting hafi verið gerð á nýársdag 2017 og síðan þá hafi gjaldaliðir í verðlagsgrundvelli kúabús hækkað um 3,6 prósent. Reiknuð hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar afurðastöðva hafi þá hækkað um 8,14 prósent. **– þea**

# Tónninn sleginn í kröfugerð vegna komandi kjarasamninga

**Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði renna út um næstu áramót. Verkalýðshreyfingin vinnur nú að kröfugerð sinni en atvinnurekendur hafa sagt að lítið svigrúm sé til launahækkana. Verkalýðsfélög leita til grasrótarinnar til að fá fram áherslumálin.**



Í stjórnarsáttmálanum segir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir samstilltu átaki með aðilum vinnumarkaðarins til að tryggja að kjarasamningar skili launþegum og samfélaginu raunverulegum ávinningi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**KJARAMÁL** Stjórnvöld hafa staðið fyrir samráðsfundum með aðilum vinnumarkaðarins frá því í ársbyrjun. Í aðdraganda komandi kjarasamninga var Gylfi Zoëga hagfræðiprófessor fenginn til að vinna skýrslu um stöðu efnahagsmála. Í skýrslunni sem kynnt var í samráðshópnum í síðustu viku kemur fram að svigrúm til launahækkana sé um fjögur prósent.

Ljóst er að verkalýðshreyfingin lítur einnig til aðgerða stjórnvalda til að liðka fyrir samningum. ASÍ sendi í gær frá sér tilkynningu þar sem segir að tími aðgerða sé runninn upp. Búið sé að greina stöðuna og er þar meðal annars vísað í ársgamla skýrslu sambandsins um þróun á skattbyrði launafólks.

Segir í tilkynningunni að kaupmáttaraukning síðustu ára hafi síður skilað sér til lágtekjufólks vegna vaxandi skattbyrði. Stjórnvöld hafi í skattaáherslum sínum unnið gegn áherslu verkalýðshreyfingarinnar á sérstaka hækkun lægstu launa.

Þessi þróun hafi orðið vegna þess að skattleysismörk hafi ekki fylgt launaþróun á sama tíma og vaxta- og barnabætur hafi lækkað. ASÍ segir að boltinn sé hjá stjórnvöldum og tími til kominn að tekið verði á þessu augljósa óréttlæti.

sighvatur@frettabladid.is



### Sólveig Anna Jónsdóttir
*formaður Eflingar*

„Það er unnið hörðum höndum að undirbúningi kröfugerðar. Við erum í greiningarvinnu hér á kjaramálasviðinu og erum að skoða mjög margt.“

Sólveig Anna segir líka að beðið sé eftir niðurstöðum úr ítarlegri launakönnun meðal félagsmanna. „Niðurstöður þessarar könnunar munu nýtast okkur vel því við erum að kanna hug félagsmanna og stemninguna meðal þeirra.“

Þar að auki mun Efling standa fyrir fundaröð sem hefst í dag. „Við munum fara yfir ýmislegt, ekki síst áherslurnar í kjaramálunum. Svo verðum við með vinnustaðafundi í næstu viku þar sem við eigum beint samtal við okkar félagsmenn.“



### Aðalsteinn Baldursson
*formaður Framsýnar*

„Það má segja að við séum að versla í okkar kröfugerð. Við auglýstum eftir hugmyndum félagsmanna og það er byrjað að skila sér. Svo verðum við með félagsfund þar sem fólk fær tækifæri til að taka þátt í afgreiðslu tillagnanna.“

Aðalsteinn segir ýmsar hugmyndir þegar fram komnar. Sumar snúi að launatölum, meðal annars að lágmarkslaun verði 375.000 krónur á mánuði. „Svo eru hugmyndir um hækkun persónuafsláttar og að hann falli niður við milljón króna tekjur. Einnig um styttingu vinnuvikunnar og hækkun vaxta- og barnabóta.“



### Hilmar Harðarson
*formaður Samiðnar*

„Við erum að leggja af stað í það verkefni að móta okkar kröfugerð. Það verður farin hringferð þar sem öll aðildarfélögin verða heimsótt. Það er mikilvægt fyrir okkur að heyra í grasrótinni hvar áherslur okkar eiga að liggja. Svo vinnum við úr þeim gögnum.“

Hilmar segir það kröfu félagsins að fá góða kaupmáttaraukningu. „Þrátt fyrir áherslu á hækkun lægstu launa hefur kaupmáttur þessa hóps aukist mun minna en þeirra sem eru hærra launaðir.“

Þá gagnrýnir Hilmar að æðsta stjórnkerfið sé orðið leiðandi í launaþróun. „Hugsanlegir erfiðleikar í tengslum við kjarasamninga skrifast alfarið á stjórnvöld.“



### Ragnar Þór Ingólfsson
*formaður VR*

„Við sendum könnun til okkar félagsmanna um afstöðuna til komandi kjarasamninga. Það hefur verið gríðarlega mikil svörun og greinilegt að baklandið er orðið virkara. Við höfum ekki séð svona mikinn áhuga í langan tíma.“

Ragnar Þór segir það klárt mál að ef alvara sé á bak við það að bæta kjör almennings þurfi að ráðast í almennar kerfisbreytingar sem séu forsenda þess að launahækkanir skili sér.

„Það er þegar búið að samþykkja hluta kröfugerðarinnar. Við munum leggja mikla áherslu á húsnæðismálin og viljum þjóðarátak þar. Svo verður áhersla á skattkerfisbreytingar eins og þrepaskiptan persónuafslátt.“

FLOREALIS

Sefitude — ný meðferð við kvíða og svefntruflunum

Ert þú að fást við svefntruflanir eða kvíða?
Sefitude er viðurkennt jurtalyf unnið úr rót garðabrúðu.
Styttir tímann til að sofna og bætir gæði svefns.

**Notkun** Við vægum kvíða: fullorðnir, 1 tafla á dag allt að 3 á dag. 12–18 ára: 1 tafla á dag allt að 2 á dag. Við svefntruflunum: fullorðnir og eldri en 12 ára: 1 tafla ½–1 klukkustund fyrir svefn. Ekki ráðlagt börnum yngri en 12 ára, þunguðum konum eða konum með börn á brjósti. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leitið læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.




Fæst í öllum helstu apótekum án lyfseðils

florealis.is/sefitude


TRYGGÐU ÞÉR BESTA VERÐIÐ
MEÐ ÁSKRIFTARKORTI
Stækkaðu
heiminn
18.900 kr.
Fjórar sýningar að eigin vali
Ungmennakort: 12.900 kr.
1.000 kr. viðbótargjald fyrir söngleik
FLJÓTLEGAST AÐ PANTA Á NETINU
borgarleikhus.is

# Ekki verða rafmagnslaus

**Hver kannast ekki við baráttuna gegn rafhlöðu snjallsímans? Fréttablaðið tók saman nokkur góð ráð til að hámarka bæði endingu hleðslunnar og líftíma rafhlöðunnar sem lesendur gætu haft gott af.**

**Hladdu oft og lítið**
Til þess að rafhlaðan endist sem lengst er best að hlaða símann oft, en lítið í einu. Best er að halda rafhlöðunni á milli 50 og 80 prósentum svo líftími hennar skerðist sem minnst. Auðvitað er þó í lagi að fara í gegnum fulla hleðslu af og til ef nauðsyn krefur.

**Eigðu mörg hleðslutæki**
Til að geta hlaðið oft og lítið er þægilegt að vera með fleiri en eitt hleðslutæki. Gott er að kaupa eitt fyrir heimilið, annað fyrir vinnu og þriðja fyrir bílinn.

**Endurræstu símann**
Um það bil einu sinni í viku er ráðlegt að endurræsa símann. Með því er hægt að hreinsa út bakgrunnsforrit sem safnast hafa upp og eyða hleðslu.

**Lækkaðu birtustig skjásins**
Því minni birtu sem skjárinn þarf að framleiða þeim mun minni orku eyðir hann. Ekki er ráðlegt að kveikja á sjálfvirku birtustigi þar sem sá eiginleiki gerir skjáinn oft bjartari en hann þarf að vera.

**Styttu skjávaratíma**
Gott ráð er að stytta tímann sem líður þangað til skjárinn slekkur sjálfkrafa á sér án þess að þú sért að nota hann.

**Slökktu á titringi**
Hvort sem um er að ræða titring þegar þú færð tilkynningar eða símtöl eða titring þegar þú skrifar á lyklaborð kostar það orku.



**»Rafhlöðusparandi stillingar eru til staðar í allflestum snjallsímum.**

**»Best er að halda hleðslu símans í 50 til 80 prósentum.**

**Slökktu á þráðlausum tengingum**
Gott ráð er að slökkva á GPS, Bluetooth, NFC, Wi-Fi og farsímagögnum þegar ekki er verið að nota tenginguna.

**Kastaðu græjunum**
Hægt er að setja fjölda græja (e. Widgets) á heimaskjá símans, til að mynda græjur frá Facebook, Twitter eða jafnvel bara klukku. Slíkar græjur uppfærast stöðugt og kosta þig hleðslu.

**Skoðaðu stillingarnar**
Hægt er að skoða rafhlöðusparandi stillingar og nota í flestöllum Android- og Apple-símum. Þá er einnig hægt að fylgjast með því hvaða forrit nota rafhlöðuna mest.

**Notaðu einfaldar myndir á heima- og lásskjái**
Hreyfimyndir eru augljóslega orkufrekari en venjulegar. Á símum með AMOLED-skjá getur einnig dregið úr rafhlöðunotkun að vera einfaldlega með svartan heima- og lásskjá.

**Sparaðu Siri**
Slökktu á þeim eiginleika að Siri og sambærilegir starfrænir aðstoðarmenn spretti upp þegar þú segir fyrirfram ákveðinn frasa, til dæmis „Hey, Siri“.

thorgnyr@frettabladid.is



**Lager á hafnarsvæðinu**
3.650 m² á Holtavegi 10

Lager með bjartri skrifstofu og starfsmannaaðstöðu. Hægt er að hafa allt að þrjár innkeyrsluhurðir en Reitir munu laga rýmið að þörfum leigutaka. Lofthæð er 4,50 m undir plötu en 3,83 m undir bita. Skrifstofurýmið er með góðum gluggum til norðurs og möguleiki er á snyrtilegri móttöku fyrir viðskiptavini.

**TIL LEIGU**

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á **www.reitir.is** og hjá **Halldóri Jenssyni** sölustjóra í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR
Velkomin til starfa




## Sóma Veislubakkar

# ★ FERSKAR HUGMYNDIR ★

## — FYRIR VEISLUR OG FUNDI —

### GAMLI GÓÐI
3.980 kr.



20 bitar
fyrir 5 manns

Hangikjöt, eggjasalat.

Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur.

Rækjusalat.

### EÐALBAKKI
3.980 kr.



20 bitar
fyrir 5 manns

Hangikjöt, lauksósa, salatmix.

Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir.

Kjúklingur, rautt pestó, sýrður rjómi, paprika, salatmix.

### LÚXUSBAKKI
3.980 kr.



20 bitar
fyrir 5 manns

Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa.

Kjúklingur, egg, lauksósa.

Reyktur lax, íssalat.

### PÍTUBAKKI
3.980 kr.



24 bitar
fyrir 5 manns

Tikka masala kjúklingur og íssalat.

Reykt skinka.

Eggja- og íssalat.

### PARTÝBAKKI
4.430 kr.



20 bitar
fyrir 5 manns

BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spínat.

Fetaostur, rauðlaukur, spínat.

Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat, lauksósa.

### VEISLUBAKKI
4.430 kr.



30 bitar
fyrir 5 manns

Reykt skinka, egg, íssalat.

Tikka masala kjúklingur, íssalat.

Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

### ÁVAXTABAKKI
4.430 kr.



40 - 60 bitar
fyrir 5 - 8 manns

NÝTT

Mangó, ananas, melónur, vínber og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.

### DESERTBAKKI
2.450 kr.



50 bitar
fyrir 10 manns

Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.

Kókostoppar með súkkulaði.

### KÖKUBAKKI
3.550 kr.



24 bitar
fyrir 10 manns

Súkkulaðikaka með mjúku súkkulaðikremi.

Gulrótarkaka með rjómaostakremi.

Eplakaka með kanilkeim.

Við höfum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum á boðstólum. Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 næsta virka dag fyrir afhendingu.

**Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is**

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO



# Kína hafnar ásökunum um heilaþvott

**Nefnd á vegum SÞ sakar Kínverja um að heilaþvo Uyghur-fólk í búðum í Xinjiang-héraði. Kínverjar sakaðir um heilaþvott og pyntingar. Talið að milljón gæti verið í haldi án ákæru eða dóms. Kínverjar hafna ásökununum og segja þær byggðar á röngum upplýsingum.**

**KÍNA** Ásakanir nefndar Sameinuðu þjóðanna um upprætingu kynþáttafordóma um að Kínverjar starfræki risavaxnar heilaþvottabúðir fyrir Uyghur-fólk í Xinjiang-héraði eru óábyrgar og byggðar á röngum upplýsingum. Þetta sagði Hua Chunying, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytis Kína, á blaðamannafundi í gær.

Nefndin lýsti áhyggjum sínum af ástandinu í skýrslu á fimmtudaginn. „Margar ábendingar hafa borist um fangelsun stórra hópa Uyghur-fólks og annarra minnihlutahópa sem eru íslamstrúar. Fólki sé meinað að hafa samband við umheiminn í langan tíma án þess að hafa verið ákært fyrir nokkuð eða farið fyrir dómstóla. Þetta sé gert undir því yfirskini að verið sé að berjast gegn hryðjuverkum og trúaröfgum,“ segir í skýrslu sem nefndin birti almenningi á fimmtudag. Ýmis hryðjuverkasamtök innan þjóðflokksins hafa gert árásir í Kína.

Vitnað er til sönnunargagna frá Xinjiang í skýrslunni sem benda til þess að tugum þúsunda sé haldið í fangabúðum í héraðinu. Þar sé fólkið „endurmenntað“. Nefndin lagði til að Kommúnistaflokkur Kína sleppti þeim sem hefðu ekki verið ákærð eða hlotið dóm og rannsakaði vandlega og á óhlutdrægan hátt ásakanir um kynþáttafordóma í garð Uyghur-fólks og annarra múslima.

Einnig fór nefndin fram á að Kínverjar greini opinberlega frá staðsetningu og ástandi flóttamanna úr Uyghur-þjóðflokknum sem kínverska ríkið krafðist að kæmu heim á undanförnum fimm árum. Farið var fram á skýringu á því hversu margir væru í fangabúðunum í Xinjiang, hvers vegna hver og einn hefði verið fluttur þangað og ástandi fanga og kennsluskrá „endurmenntunarinnar“.

Newsnight, fréttaskýringaþáttur á BBC, fjallaði ítarlega um málið á fimmtudag. Meðal annars var greint frá því að gervihnattamyndir sýndu að stórar fangabúðir hefðu nýlega verið byggðar og þá voru sýndar ljósmyndir af föngum sem áttu að hafa verið teknar í búðunum.

Rætt var við tvo sjónarvotta, annar hafði verið í búðunum og hinn heimsótt þar ástvin. Frásögnum þeirra bar saman um að fólk væri látið kyrja söngva Kommúnistaflokksins, afneita trú sinni og þylja upp boðskap kínverska kommúnismans.

Maðurinn sem hafði verið í búðunum sagðist hafa verið pyntaður og hengdur upp klukkutímum saman fyrir framan ýmis pyntingartæki. Sá sem heimsótti búðirnar sagði að vinir hans og vandamenn í búðunum hefðu virst eins og vélmenni.

John Sweeney, blaðamaður BBC sem var með umfjöllunina, sagði að þótt Kínverjar hefðu talað um endurmenntun í útgefnu efni kallaðist starfsemin í búðunum í Xinjiang einfaldlega „heilaþvottur“ á mannamáli.

Mannréttindabrotarannsakandi sem BBC ræddi við sagði að afar hóflegt væri að áætla að 100.000 væri haldið í búðum í Xinjiang. Mögulega væri talan mun nær milljón.

Allnokkrir bandarískir þingmenn úr röðum beggja stóru flokkanna kölluðu eftir því í vikunni að ráðist yrði í þvingunaraðgerðir vegna málsins. „Í ljósi fangelsunar allt að milljón Uyghur-fólks og annarra múslima í „pólitískum endurmenntunarbúðum“ er nauðsynlegt að alþjóðasamfélagið bregðist við af hörku,“ sagði í bréfi sem þingmennirnir sendu Mike Pompeo utanríkisráðherra.

„Saga mannréttindamála í Kína er mun betri en í Bandaríkjunum þannig að Bandaríkin eru ekki í neinni stöðu til þess að dæma okkur. Kína er staðráðið í því að tryggja trúfrelsi kínverskra borgara,“ sagði Hua um bréfið. thorgnyr@frettabladid.is



Hua Chunying, upplýsingafulltrúi kínverska utanríkisráðuneytisins, hafnaði ásökununum í gær. NORDICPHOTOS/AFP






**Lyngás 17, 748 m²**

Bjart skrifstofurými í Garðabæ

Skrifstofurými á 2. hæð í lyftuhúsi í Garðabæ. Rýmið skiptist í opin rými með góðum gluggum og skrifstofur/fundarherbergi. Góð lofthæð, þakgluggar og fallegt útsýni. Reitir geta útfært eða breytt rýminu í takt við þarfir nýrra leigutaka.

**TIL LEIGU**

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á **www.reitir.is** og hjá **Halldóri Jenssyni** sölustjóra í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR

Velkomin til starfa


Nýr Touareg. Af hverju
að fara einhvern milliveg?
ZB E38
Nýr og öflugri Touareg er mættur.
Þægindin eru meiri en þú hefur áður kynnst og aksturseiginleikarnir engu líkir. Fjölmörg
aðstoðarkerfi eru staðalbúnaður og í mælaborðinu finnur þú 12" aðgerðaskjá með raddstýringu.
Ný og framúrskarandi tækni í Touareg gera aksturinn enn betri, þægilegri og öruggari.
Komdu í HEKLU Laugavegi 170-174 og skoðaðu nýjan Touareg í návígi.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
85 ÁRA
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# Þjóðarmorð á Róhingjum í Mjanmar

**Mjanmarskir herforingjar voru í vikunni sakaðir um þjóðarmorð. Sagðir hafa brennt Róhingja inni í húsum þeirra og tekið af lífi í hrönnum. Mjanmarska ríkið neitar sök og fyrrverandi friðarverðlaunahafinn sem leiðir ríkisstjórnina hefur sagt um falsfréttir að ræða.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is





**Ungar Róhingjastelpur á bak við gaddavírsgirðingu í Kutupalong-flóttamannabúðunum í Bangladess.** NORDICPHOTOS/AFP

Æðstu yfirmenn mjanmarska hersins, sem kallaður er Tatmadaw á máli heimamanna, voru í vikunni sakaðir um alvarleg brot á alþjóðalögum. Í skýrslu sem rannsóknarnefnd á vegum mannréttindaráðs SÞ birti voru mennirnir sakaðir um þjóðarmorð, glæpi gegn mannkyninu og stríðsglæpi.

Yfirvöld í Mjanmar, til að mynda Nóbelsverðlaunahafinn Aung San Suu Kyi, eru sökuð um að ljúga um glæpi hersins. Bæði yfirvöld og her hafa lýst sig saklaus af ásökunum. Skýrslan er sögð einhliða.

Þótt skýrslan fjalli einnig um ofbeldi í Shan- og Kachin-ríkjum Mjanmar er að mestu fjallað um þjóðarmorðið á þjóðflokknum Róhingjum í Rakhine-ríki. Á meðan meirihluti Rakhine, og Mjanmar alls, er byggður búddistum eru Róhingjar múslimar.

### Svart haust

Haustmánuðir síðasta árs rata á spjöld sögunnar sem einir þeir svörtustu í sögu þessa heimshluta, jafnvel heimsins alls. Eftir auknar ofsóknir í kjölfar átaka í ríkinu árið 2012 höfðu margir Róhingjar fengið nóg. Frelsisher Róhingja (ARSA) gerði árás á herstöðvar í Rakhine þann 25. ágúst 2017.

Ekki var um háþróaða árás stórhættulegra hryðjuverkasamtaka að ræða. Lítill hluti óþjálfaðra leiðtoga ARSA bar skotvopn en flestir árásarmennirnir voru algjörlega óþjálfaðir og báru prik og hnífa. Sumir höfðu frumstæðar sprengjur. Tólf fórust í árásunum.

„Viðbrögð yfirvalda, sem fóru af stað innan við klukkutíma seinna, voru snör, harðneskjuleg og úr öllu samhengi við upphaflegu árásirnar,“ segir í skýrslunni. Markmið yfirvalda var að afmá „hryðjuverkaógnina“ sem stafaði af ARSA og á næstu dögum og vikum breiddist ofbeldið út til hundraða bæja. Aðgerðirnar beindust gegn öllum Róhingjum og töluðu yfirvöld um „hreinsunaraðgerðir“ í þessu samhengi. Á árinu sem fylgdi flúðu að nærri 750.000 Róhingjar til Bangladess.

Rannsakendur segja að árásarmynstrið hafi verið hið sama alls staðar. Róhingjar vöknuðu við skotvelli, sprengingar eða öskur nágranna sinna. Kveikt var í byggingum, byrgt fyrir dyrnar og skotið var inn um glugga.

Landið sem hinir brenndu bæir stóðu á fór ekki aftur til Róhingja. Jarðýtur flöttu landið út og var þannig öllum ummerkjum um fyrri veru Róhingja á svæðinu eytt. Nýjar byggingar voru svo reistar fyrir „alvöru“ íbúa Mjanmar.

### Hrottaleg brot

Mat rannsakenda á tölu látinna er það að of hóflegt væri að áætla að 10.000 Róhingjar hafi verið myrtir. Í skýrslunni eru útlistuð nokkur af svæsnustu brotum hersins.

Fjallað er um að í Min Gyi, Maung Nu, Chut Pyin, Gudar Pyin og í fleiri bæjum hafi stórfelldar fjöldaaftökur farið fram. Í mörgum tilfellum hafi hundruð verið myrt í einu.

Einnig greina rannsakendur frá því að hermenn hafi beitt kynferðisofbeldi sem vopni. Konum hafi verið nauðgað í hópum, jafnvel þangað til þær létu lífið, fyrir framan fjölskyldu sína.

### Ásakanir rannsakenda

Yfirmenn mjanmarska hersins eru í skýrslunni sakaðir um stríðsglæpi, glæpi gegn mannkyninu og þjóðarmorð.

Mælst er til þess að öryggisráð SÞ komi sér saman um að sjá til þess að réttlætinu verði fullnægt. Annaðhvort með því að vísa málinu til Alþjóðaglæpadómstólsins eða með því að samþykkja skipun sjálfstæðs stríðsglæpadómstóls. Í ljósi viðbragða Kínverja í vikunni, í þá átt að skýrslan hafi verið til þess fallin að auka á togstreituna og gert illt verra, er ljóst að erfitt verður fyrir ráðið að ná samkomulagi um aðgerðir.

Imogen Foulkes hjá BBC benti á í vikunni að með því að skipa sérstakan stríðsglæpadómstól, líkt og gert var í kringum stríðsglæpi í Rúanda og Júgóslavíu, væri hægt að komast hjá neitunarvaldi öryggisráðsins. Allsherjarþingið gæti skipað dómstólinn. Hins vegar þyrfti mjanmarska ríkið að vinna með rannsakendum, tryggja að hinir ákærðu mættu fyrir dóm.

### Nóbelsverðlaunahafinn

Aung San Suu Kyi er þjóðarleiðtogi Mjanmar. Hún komst til valda í kosningum 2015 eftir að henni hafði verið neitað um að taka við völdum eftir kosningar árið 1990. Eftir þær kosningar fór hún í stofufangelsi og fékk hún friðarverðlaun Nóbels ári seinna fyrir friðsamlega andstöðu sína gegn herforingjastjórninni, sem ógilti kosningarnar. Suu Kyi sneri aftur 2015 og tók sæti eftir kosningar sem ríkisráðgjafi.

Þrátt fyrir að hafa engin völd yfir hernum er Suu Kyi ekki undanskilin gagnrýni rannsakenda í skýrslunni. Hún er sögð, líkt og ríkisstjórn hennar öll, hafa logið um glæpi hersins, neitað því að þeir hafi átt sér stað og um að torvelda starf rannsakenda. Ólíklegt þykir þó að Suu Kyi verði sjálf dregin fyrir dóm.



**Aung San Suu Kyi ríkisráðgjafi á ráðstefnu í vikunni.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Haustmánuðir síðasta árs rata á spjöld sögunnar sem einir þeir svörtustu í sögu þessa heimshluta.**

### Viðbrögð Mjanmar

Mjanmarska ríkið neitaði því alfarið í vikunni að þjóðarmorð hefði verið framið. „Við leyfðum nefndinni ekki að koma til Mjanmar og þar af leiðandi munum við ekki samþykkja eða vera sammála neinum ályktunum mannréttindaráðsins,“ sagði Zaw Htay, upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar.

Htay sagði að ríkisstjórnin hefði sjálf ráðist í rannsókn á „upplognum ásökunum stofnana Sameinuðu þjóðanna og alþjóðasamfélagsins“. Þá væri ríkisstjórnin algjörlega andvíg öllum mannréttindabrotum. Þessar rannsóknir mjanmarskra yfirvalda eru sagðar algjörlega marklausar í skýrslunni.

### Suu Kyi gagnrýnd

Zeid Ra'ad al Hussein, mannréttindastjóri Sameinuðu þjóðanna, sagði á fimmtudag að Suu Kyi hefði getað gert mun meira til þess að koma í veg fyrir hörmungarnar. Hún hefði getað sagt af sér og hefði í raun átt að gera það frekar en að reyna að hreinsa mannorð hersins.

„Hún var í góðri stöðu til þess að beita sér. Annaðhvort hefði hún átt að þegja eða einfaldlega segja af sér. Það var engin þörf á því að hún yrði talsmaður mjanmarska hersins,“ sagði Hussein í viðtali við fyrrnefnda Foulkes hjá BBC.

Suu Kyi hefur sjálf ekki tjáð sig um skýrslu vikunnar. Hún hefur áður sagt, í viðtölum við fjölmiðla og á ráðstefnum, að ásakanirnar byggist á misskilningi og falsfréttum.

**FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS**

Umfjöllun um baksögu þessarra ofsókna má nálgast á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**

ATVINNUHÚS EHF




Fyrirtæki með mikla möguleika

Gamalgróin og vel þekkt raftækjaverslun á besta stað í Reykjavík er til sölu.

Mikill eigin innflutningur á ýmis konar rafmagnsvörum sem gefur töluverða möguleika á veltuaukningu bæði í verslun og heildverslun.

Tilvalið fyrirtæki fyrir hugmyndaríkt fólk eða samhenta fjölskyldu.

Atvinnuhús ehf • Atli Vagnsson hdl., lögg. fasteignasali
Hverfisgata 4 • 101 Reykjavík • Sími: 561 4433 / 698 4611
atli@atvinnuhus.is

# SÓFADAGAR!

## 25% AFSLÁTTUR

**AF ÖLLUM SÓFUM OG SÓFASETTUM**

**TILBOÐIÐ GILDIR TIL 8. SEPTEMBER**



JAYSON SÓFI Í ÁKLÆÐI
KR. 186.000,-, NÚ KR. 139.500,-
FÁANLEGUR Í DÖKKGRÁU, GRÆNU, BLÁU OG ANTIKBLEIKU VELÚR ÁKLÆÐI

HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11-16.



Þessir Róhingjar voru á meðal þeirra fjölmörgu sem flúðu yfir Naf-fljót og til Bangladess eftir átökin í Rakhine árið 2012. Enn fleiri hafa flúið á síðasta ári, um það bil 750.000. NORDICPHOTOS/AFP

# Ofsótt og óvelkomin í heimalandi sínu

**Ofbeldi gegn Róhingjum í Mjanmar á sér áratugalanga sögu. Traðkað er á mannréttindum þjóðflokksins og er Róhingjum meðal annars neitað um ríkisborgararétt. Þau eru kölluð ólöglegir innflytjendur, jafnvel þrátt fyrir að þau hafi búið í landinu kynslóðum saman.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Ofsóknir gegn Róhingjum í Mjanmar eru síður en svo nýjar af nálinni. Þessi óvelkomni þjóðflokkur hefur verið hlunnfarinn um grundvallarmannréttindi í áratugi.

## Óvelkomin

Róhingjar hafa sætt ofsóknum í áratugi. Einkum frá því herinn tók völdin í landinu árið 1962. Í skýrslu rannsóknarnefndar SÞ segir að herinn hafi ítrekað leitast við að koma á átökum á milli þjóðflokka til þess að sýna fram á nauðsyn þess að herinn væri við stjórnvölinn. Herinn væri sem sagt eina leiðin til að tryggja frið í landinu.

Á þeim tíma þar sem herinn hafði öll völd í landinu var í raun ákveðið að átta stórir þjóðflokkar væru í Mjanmar. Þeim var skipt niður í 135 minni þjóðflokka. Þessi listi skilgreinir, samkvæmt skýrslunni, hvaða fólk „á heima“ í Mjanmar. Allir aðrir, sama hversu margar kynslóðir hafa lifað í landinu, eru taldir innflytjendur. Þessum hópi „innflytjenda“ tilheyra Róhingjar.

Árið 2008 innleiddi herinn nýja stjórnarskrá í landinu. Stjórnarskráin tryggði að völd hersins héldu sér að mestu en hleyptu almennum borgurum einnig að borðinu. Herinn fer með völdin í varnarmála-, landamæragæslu- og innanríkisráðuneytinu. Hann á jafnframt rétt á fjórðungi þingsæta.

Herinn hefur því enn, þrátt fyrir að almenningur velji þjóðarleiðtoga, algjör völd yfir sjálfum sér. Hann hefur sömuleiðis réttinn til þess að dæma í eigin málum. Hefur sum sé enga ábyrgð gagnvart almenningi og er í raun yfir alla gagnrýni hafinn. Þótt almenningur hafi nú fengið að koma að stjórn landsins hefur ástandið því lítið breyst fyrir Róhingja.

## Ófrjáls

Eins og fjallað er um í skýrslunni voru drögin að ofsóknum gegn Róhingjum lögð löngu áður en alvarlegt ofbeldi braust út árið 2012. Þeir Róhingjar sem rannsóknarnefndin ræddi við sögðu þó að samskipti við búddíska meirihlutann hafi verið góð fyrir þann tíma.

Líkt og áður segir eru Róhingjar ekki á listanum yfir þjóðir Mjanmar. Þeir hafa því ekki lagalega stöðu ríkisborgara í Mjanmar. Hvort sem þeir fæddust í landinu eða ekki. Hlaðið hefur verið ofan á þessa mismunun í mjanmörskum lögum og eru Róhingjar í raun heimilislaus þjóð. Yfirvöld neita þar að auki að kalla þjóðina nafni sínu, tala heldur um Róhingja sem Bengala þar sem þau líta á þá sem ólöglega innflytjendur frá Bengal-svæðinu sem tilheyrir Indlandi og Bangladess.

Alvarlegar takmarkanir hafa áratugum saman verið gerðar á frelsi þjóðflokksins. Bannað er að ferðast á milli bæja innan Rakhine, hvað þá að fara út fyrir ríkið, án leyfis yfirvalda. Erfiðlega gengur fyrir Róhingja að fá hjúskaparvottorð, jafnvel fæðingarvottorð. Bannað er að eignast of mörg börn og áratugum saman Róhingjar verið skotmörk handahófskenndra handtaka, vinnuþrælkunar og kynferðisofbeldis.

Á áttunda og á tíunda áratug síðustu aldar réðst herinn í harðar aðgerðir gegn Róhingjum. Fjölmargir voru reknir úr landi og vöktu brottvísanirnar athygli alþjóðasamfélagsins. Að því er kemur fram í skýrslunni vöruðu Sameinuðu þjóðirnar til að mynda við því að ef stjórnvöld breyttu ekki um kúrs væru hamfarir í uppsiglingu. Ekki var breytt um kúrs.

## Ofsótt

Alvarleg átök á milli Róhingja og yfirvalda í Rakhine-ríki blossuðu upp í júní 2012. Samkvæmt rannsóknarskýrslunni var morð búddískrar konu og svo morð á tíu múslimum kveikjan að átökunum. 192 eru sagðir hafa farist, en líklega er talan mun hærri.



Ungur Róhingi grætur eftir að yfirvöld stöðvuðu för báts hans sem var á leiðinni til Bangladess. NORDICPHOTOS/AFP

**» Drögin að ofsóknum gegn Róhingjum voru lögð löngu áður en alvarlegt ofbeldi braust út í Rakhine.**

„Sérstaklega var áformað að kynda undir ofbeldi og togstreitu á svæðinu. Hatursherferð gegn Róhingjum hafði verið í gangi mánuðina á undan og leiddi Þróunarflokkur þjóða Rakhine (RNDP) herferðina,“ segir í skýrslunni.

Rannsakendur benda á að Róhingjar hafi í útgefnu efni flokksins verið sagðir ólöglegir innflytjendur, hryðjuverkamenn og ógn við búddista þar sem „óstjórnlega há fæðingartíðni“ þeirra gæti gert það að verkum að Róhingjar myndu einfaldlega gleypa aðrar þjóðir. RNDP kórónaði svo stefnuna með því að vitna í Hitler í nóvember 2012. Sagði að ómennskar aðferðir væru nauðsynlegar til að viðhalda kynstofni.

Herinn bar einnig ábyrgð á átökunum. Rannsakendur segja herinn ekki hafa gert neitt til að stöðva þau, hann hafi meira að segja tekið þátt með því að myrða, jafnvel pynta Róhingja.

Þessi átök urðu vendipunktur í samskiptum Róhingja og búddíska meirihlutans. Ótti og hatur í garð Róhingja fór vaxandi. Hatrið náði einnig til Kaman-þjóðflokksins. Sá þjóðflokkur er á listanum yfir viðurkenndar þjóðir en í ljósi íslamstrúar sinnar urðu þau einnig skotmark.

## Eftir átökin

Samkvæmt skýrslunni brugðust yfirvöld við með því að auka veru hersins í Rakhine og þvinga fram aðskilnað samfélaga Róhingja og annarra. Neyðarástandi, sem lýst var yfir við upphaf ofbeldisins, var viðhaldið til 2016 og það nýtt til þess að banna fundi fleiri en fimm Róhingja.

Rúmlega 140.000 misstu heimili sín í átökunum, að mestu leyti Róhingjar. Þeir fáu búddistar sem misstu heimili sín fengu snarlega aðstoð yfirvalda við að koma aftur undir sig fótunum en enn þann dag í dag eru 128.000 úr þjóðflokkum Róhingja og Kaman-fólks í sérstökum tjaldbúðum án nokkurs ferðafrelsis og án nauðsynja. Kosningarétturinn var sömuleiðis tekinn af Róhingjum.

## Uppreisnin

Frelsisher Róhingja (ARSA) er eins konar andspyrnuhreyfing sem varð til sem svar við ofsóknunum sem fóru að aukast eftir átökin 2012. Þann 9. október 2016 gerði ARSA sína fyrstu árás. Réðst á þrjár gæslustöðvar landamæravarða í norðurhluta Rakhine. Níu voru myrt.

Herinn svaraði með „hreinsunaraðgerðum“ og í kjölfarið neyddust 87.000 Róhingjar til þess að flýja til Bangladess. Þessir atburðir voru forsmekkurinn af því sem koma skyldi.

# Markaðurinn ER Á FRETTABLADID.IS

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar og greinargóða umfjöllun um viðskiptalífið.

Fylgstu með á frettabladid.is/markadurinn




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Ford VOLVO mazda PEUGEOT CITROËN

# SEPTEMBER TILBOÐ BRIMBORGAR

Tryggðu þér bíl á septembertilboði Brimborgar.
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla,
frábært verð og framúrskarandi þjónustu.
*– við eigum rétta bílinn fyrir þig!*

GEGGJUÐ TILBOÐ!

GLÆSILEGIR NÝIR BÍLAR!

## ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA

### CITROËN C3 FEEL

1,2 bensín, 82 hö, beinskiptur

Verðlistaverð með málmlit: 2.305.000 kr.

**SEPTEMBERTILBOÐ: 1.985.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 320.000 KR.**

-320.000 kr.



### MAZDA3 VISION

2,0 bensín, 120 hö, beinskiptur

Verðlistaverð með málmlit: 3.260.000 kr.

**SEPTEMBERTILBOÐ: 2.960.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 300.000 KR.**

-300.000 kr.



*Kauptu Volvo V60 CC fyrir 15. september og þú færð að auki vetrardekk frítt með*

VOLVO 30 ÁR HJÁ BRIMBORG

### VOLVO V60 CROSS COUNTRY

Inscription D3 FWD 2,0 dísil, 150 hö, sjálfskiptur

**Aukabúnaður:** Málmlitur, rafdrifið farþegasæti, dökkar rúður í farþegarými, nálægðarskynjari einnig að framan, bakkmyndavél, varadekk á stálfelgu og Edition aukahlutapakki

Verð með aukabúnaði: 6.104.000 kr.

**SEPTEMBERTILBOÐ: 5.340.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 764.000 KR.**



-764.000 kr.




# ALLT Á EINUM STAÐ

## PEUGEOT 308 SW ACTIVE

1,6 dísil, 120 hö, sjálfskiptur

Verðlistaverð með málmlit: 3.680.000 kr.

**SEPTEMBERTILBOÐ: 3.280.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 400.000 KR.**

**-400.000 kr.**




## FORD KA+ ULTIMATE SPORT

1.2i bensín, 85 hö, 5 dyra og 5 gíra

Aukabúnaður í tilboðsbílum: Málmlitur

Verð með aukabúnaði: 1.955.000 kr.

**SEPTEMBERTILBOÐ: 1.790.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 165.000 KR.**

**-165.000 kr.**

**TAKMARKAÐ MAGN!**




**ÚRVAL! ÚRVAL! ÚRVAL! ÚRVAL!**

***Kauptu Ford KA+ fyrir 15. september og þú færð að auki vetrardekk frítt með***

***SKOÐAÐU ÚRVALIÐ FRÁ FORD, VOLVO, MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG***

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5

**brimborg.is**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

# Egg í sömu körfu



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Umrót er í viðskiptalífinu svo ekki sé meira sagt. Stóru flugfélögin, Wow og Icelandair, eru fyrirferðarmest. Hið fyrrnefnda náði mikilvægum fjármögnunaráfanga í vikunni og virðist, ef marka má orð stjórnenda, vera komið fyrir vind fram að fyrirhugaðri skráningu félagsins á næstu 18 til 24 mánuðum.

Icelandair birti sína aðra afkomuviðvörun á réttum sex vikum. Í kjölfarið axlaði forstjórinn, Björgólfur Jóhannsson, ábyrgð á slælegu gengi og hætti störfum.

Mikið hefur verið rætt um kerfislega áhættu sem af kunni að hljótast ef annað flugfélaganna, eða bæði, lenda í rekstrarvandræðum eða gjaldþroti. Ferðamannaiðnaðurinn er okkar stærsta útflutningsgrein. Vart þarf að fjölyrða um áhrifin ef verulegur hluti ferðamanna sem hingað ætla sér að koma kemst ekki.

Að þessu leyti eru flugfélögin tvö á sama báti. Bæði eru þau orðin kerfislega mikilvæg fyrir land og þjóð.

Að öðru leyti eru þau gerólík. Wow er ungt fyrirtæki sem vaxið hefur gríðarlega undir stjórn forstjóra þess, og eina eiganda, Skúla Mogensen. Lengi hefur verið á allra vitorði að Skúli og Wow hafi spilað djarft. Það fylgir því einfaldlega að vera ungt fyrirtæki sem ætlar sér stóra hluti. Tímabundin lausafjárvandræði eru þekkt stærð á þeirri vegferð.

Icelandair er rótgróið íslenskt stórfyrirtæki, upprunalega stofnað 1937, og að mörgu leyti samofið auknum samskiptum Íslands við umheiminn. Flugleiðir, eins og Icelandair hét lengi vel, er flaggskipsflugfélag, rétt eins og BA í Bretlandi eða SAS á Norðurlöndunum. Vandræði Icelandair rista einfaldlega dýpra í þjóðarsálinni.

En kannski er það einmitt þessi staða Icelandair sem eins af krúnudjásnunum í íslensku viðskiptalífi sem er rót vandans. Félagið er nánast einvörðungu í eigu íslenskra lífeyrissjóða, og því á forræði fólks sem sýslar með annarra manna fé.

Ýmislegt bendir til þess að skjólstæðingar lífeyrissjóðanna hafi látið áhrif og völd í stórfyrirtækinu afvegaleiða sig frá því meginhlutverki að fylgjast með rekstrinum og veita aðhald. Icelandair missti á meðan sjónar á rekstrarkostnaði, og fór í auknum mæli að fjárfesta í óskyldum rekstri.

Hvers vegna, fyrst lífeyrissjóðirnir hafa slíka trú á flugrekstri, voru öll eggin sett í Icelandairkörfuna? Hefði ekki verið eðlilegt að dreifa áhættunni og fjárfesta samtímis í öðrum innlendum og erlendum flugfélögum?

Hlutabréf í Icelandair hafa lækkað um 60% á einu ári, 80% yfir tveggja ára tímabil. Lífeyrisþegar hafa orðið fyrir gríðarlegu tjóni. Er ekki eðlilegt að forsvarsmenn lífeyrissjóðanna hugsi sinn gang – reyni að átta sig á hvernig koma megi í veg fyrir að slíkur verðmætabruni endurtaki sig?

**Er ekki eðlilegt að forsvarsmenn lífeyrissjóðanna hugsi sinn gang – reyni að átta sig á hvernig koma megi í veg fyrir að slíkur verðmætabruni endurtaki sig?**





SUÐRÆN SVEIFLA



Suðræn sveifla er skemmtileg líkamsrækt fyrir konur á öllum aldri. Námskeiðið byggist upp á mjúkri upphitun, latin dönsum eins og Cha Cha, Jive, Salsa og fl., kviðæfingum og nidra slökun.

Hver tími er 60 mínútur og kennt er tvisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:30 í leikfimissal Hvassaleitisskóla. Námskeiðið er tólf vikur.

Kennari er Birgitta Sveinbjörnsdóttir danskennari.

Skráning er hafin á námskeiðið sem hefst þriðjudaginn 11. september kl. 17.30.

Upplýsingar og skráning í síma: 899-8669.


## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Bastarðar samtímans

Hugmyndafræði er eins og eðlisfræðiformúla búin til úr fiðurkoddum og kasmírull: x + y = klippt og skorin veröld þar sem íbúar sofa værum svefni á hverri einustu nóttu með höfuðið á handtíndum æðardún umvafnir vandlega ofinni voð og vissu um að hlutirnir eru sléttir og felldir, annaðhvort svartir eða hvítir, og martraðir á borð við efa og óvissu eru efnislegur ómöguleiki.

Hugmyndafræði er á yfirborðinu jafnkósí og uppbúið rúm í Ikea. En þeir sem hreiðra um sig í slíku kerfi fljóta þó gjarnan sofandi að feigðarósi.

### Auðlindir handa öllum

Fyrir nokkrum vikum birtist í Fréttablaðinu grein um eignarhald á landi eftir Ögmund Jónasson, fyrrverandi þingmann og ráðherra. Í greininni spyr Ögmundur Samtök atvinnulífsins hvort ekki sé ráð að sameinast um að auðlindir Íslands á borð við land verði Íslendinga allra. Þeim til skemmtunar sem hafa gaman af ritdeilum beit Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, á agnið og svaraði Ögmundi fullum hálsi. Halldór kveður það glapræði að færa land í hendur fjöldans. Vísar hann í kennisetningu um „harmleik almenninganna“ og segir: „Þegar eitthvað er í eigu allra hefur enginn hagsmuni af því að ganga vel um það.“

Nýlega kom út í Bretlandi ævisaga Geralds Grosvenor, sjötta hertogans af Westminster sem lést árið 2016. Grosvenor fjölskyldan hefur kynslóðum saman verið ein auðugasta fjölskylda Bretlands. Fjölskyldunafnið sem og auðæfin má rekja aftur um þúsund ár. Forfaðir Geralds, Normanninn Hugh „Le Grand Veneur“ (mikli veiðimaðurinn), var stór vexti og var því uppnefndur „Le Gros Veneur“ (feiti veiðimaðurinn). Hugh þessi var handgenginn Vilhjálmi 1. Englandskonungi, eða Vilhjálmi bastarði eins og hann er gjarnan kallaður, og að launum hlaut hann mikið land í Cheshire. Það var hins vegar árið 1677 þegar Thomas Grosvenor kvæntist hinni tólf ára Mary Davies, erfingja að votlendi sem síðar varð að fínustu hverfum Lundúna, Mayfair og Belgravia, að ríkidæmi fjölskyldunnar var tryggt.

Þegar Gerald Grosvenor lést var hann einn stærsti landeigandi Bretlands og var hann talinn þriðji ríkasti maður landsins. Var viðskiptaveldi hans metið upp á 8,3 milljarða punda eða 1.200 milljarða íslenskra króna. Hertoginn var góðvinur Karls Bretaprins og guðfaðir Vilhjálms Bretaprins.

Eitt sinn spurði ákafur blaðamaður Financial Times hertogann hvaða ráð hann gæti gefið ungum athafnamönnum sem vildu leika eftir velgengni hans. Hertoginn svaraði: „Að eiga forföður sem var góðvinur Vilhjálms bastarðar.“

### Markaðurinn og eiginhagsmunir

Árið 2007 fullyrti Alan Greenspan, fyrrverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna og óþreytandi talsmaður hugmyndafræðinnar um hinn frjálsa markað, að lagasetningar á sviði fjármála væru svo gott sem óþarfar: „Stærstur hluti alþjóðlegra fjármálaviðskipta heimsins og þar af leiðandi viðskipta einstakra landa sér sjálfur um að setja sér leikreglur; markaðurinn virkar ... Við vitum ekki hvernig en hann virkar.“ Árið 2008, eftir að alþjóðlega efnahagskreppan brast á, varð Greenspan að éta ofan í sig orð sín: „Það voru mistök af minni hálfu að gera ráð fyrir að eiginhagsmunir stofnana á borð við banka væru betur til þess fallnir að vernda hluthafana.“

Eiginhagsmunir tryggja ekki neitt. Ef hagsmunir okkar stýrðu gjörðum okkar værum við öll í kjörþyngd með blóðþrýstinginn í lagi, viðbótarlífeyrissparnað skipulagðan í Excel, búin að plana fisk og salat í kvöldmatinn, afhenda börnunum bók í staðinn fyrir iPaddinn og að skræla gulrætur í kvöldsnarl á leiðinni í jóga á hjóli með aukalóð á fótunum.

Það eina sem hugmyndafræði framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins tryggir er að góðvinir Vilhjálms bastarðar samtímans og afkomendur þeirra mega eiga von á góðu.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Fjörugt, fræðandi og skemmtilegt

# BARNASTARF

## Í ÖLLUM KIRKJUM Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



*– Hefst 2. og 9. September. Sjá nánar hverja kirkju fyrir sig og á heimasíðum þeirra.*

### REYKJAVÍK OG KÓPAVOGUR

**ÁRBÆJARKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.arbaejarkirkja.is*

**ÁSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.askirkja.is*

**BREIÐHOLTSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.breidholtskirkja.is*

**BÚSTAÐAKIRKJA**
Sameiginlegur sunnudagaskóli með Grensáskirkjusöfnuði alla sunnudaga kl. 11:00 **frá 9. september**
*Nánar á www.kirkja.is og www.kirkjan.is/grensaskirkja*

**DIGRANESKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.digraneskirkja.is*

**DÓMKIRKJAN**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.domkirkjan.is*

**FELLA- OG HÓLAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.fellaogholakirkja.is*

**GRAFARVOGSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 í kirkjunni **frá 2. september**
*Nánar á www.grafarvogskirkja.is*

**GUÐRÍÐARKIRKJA GRAFARHOLTI**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 9. september**
*Nánar á www.gudridarkirkja.is*

**HALLGRÍMSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.hallgrimskirkja.is*

**HÁTEIGSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.hateigskirkja.is*

**HJALLAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.hjallakirkja.is*

**KÓPAVOGSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 í safnaðarheimilinu Borgum **frá 2. september**
*Nánar á www.kopavogskirkja.is*

**LAUGARNESKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.laugarneskirkja.is*

**LANGHOLTSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.langholtskirkja.is*

**LINDAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.lindakirkja.is*

**NESKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.neskirkja.is*

**ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN**
Annan og fjórða sunnudag mánaðarins kl. 14 **frá 9. september**
*Nánar á www.ohadisofnudurinn.is*

**SELJAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.seljakirkja.is*

### GARÐABÆR OG HAFNARFJÖRÐUR

**ÁSTJARNARKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.astjarnarkirkja.is*

**BESSASTAÐAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11:00 í Brekkuskógum 1 nema 1.sunnudag hvers mán. í Bessastaðakirkju **frá 2. september**
*Nánar á bessastadasokn.is*

**VÍDALÍNSKIRKJA – GARÐABÆ**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.vidalinskirkja.is*

**FRÍKIRKJAN HAFNARFIRÐI**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.frikirkja.is*

**HAFNARFJARÐARKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is*

**VÍÐISTAÐAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 9. september**
*Nánar á www.vidistadakirkja.is*

### MOSFELLSBÆR OG SELTJARNARNES

**LÁGAFELLSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 13 **frá 2. september**
*Nánar á www.lagafellskirkja.is*

**SELTJARNARNESKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 **frá 2. september**
*Nánar á www.seltjarnarneskirkja.is*

## KOMDU MEÐ Í SUNNUDAGASKÓLANN!

# Spennandi tilhugsun að tryggja sætið

Sara Björk Gunnarsdóttir, fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu, er gríðarlega spennt fyrir leik liðsins gegn Þýskalandi í dag. Sara Björk segir spennustigið hjá leikmönnum vera rétt stillt fyrir leikinn og meiri tilhlökkun en kvíði verið til staðar í undirbúningnum.

**FÓTBOLTI** Rétt fyrir klukkan 15.00 í dag mun Sara Björk Gunnarsdóttir leiða lið sitt inn á fullan Laugardalsvöll þar sem andstæðingarnir verða Þjóðverjar. Leikurinn er liður í undankeppni HM 2019 í knattspyrnu kvenna, en þegar tveir leikir eru eftir er Ísland á toppi riðilsins með eins stigs forskot á þýska liðið. Liðið sem hafnar í efsta sæti fer beint í lokakeppnina og annað sætið gæti veitt þátttökurétt í umspili. Af þeim sökum er mikið í húfi.

„Það er mikil spenna hjá leikmönnum liðsins fyrir leiknum og mér finnst einbeitingin og líkamlegt og andlegt ástand vera í fullkomnu standi. Það hefur verið ró yfir mannskapnum í undirbúningnum og leikmenn hlakkar til leiksins frekar en að vera stressaðir fyrir honum. Við gerum okkur klárlega grein fyrir því að þetta verður erfiður leikur, en við förum í hann til þess að ná í stigin þrjú og tryggja sætið í lokakeppni HM,“ sagði Sara Björk á blaðamannafundi sem haldinn var í gær.

„Ég er búin að ná mér að fullu af þeim meiðslum sem ég varð fyrir síðastliðið vor og ég er fullkomlega klár í slaginn. Ég hef æft einkar vel í sumar og undirbúningstímabil í Þýskalandi eru þannig að leikmenn komast í gott hlaupaform. Þar af leiðandi er ég reiðubúin í að leika heilan leik á þessu getustigi á fullu tempói. Aðrir leikmenn liðsins eru einnig í góðu formi og við munum leggja allt sem við eigum í leikinn,“ sagði hún um stöðuna á sér og samherjum sínum.

„Það verður gaman að etja kappi við samherja mína hjá Wolfsburg, en þessi leikur hefur ekki verið mikið ræddur í aðdraganda leiksins. Það var ekki mikil stemming hjá þeim fyrir því að ræða fyrri leikinn og að þessu sinni er þegjandi samkomulag um að láta bara verkin tala inni á vellinum. Það kitlar mjög að fara með sigur af hólmi, tryggja farseðilinn til Frakklands og skilja þær eftir. Vonandi gengur það eftir og ég held áfram að hafa montréttinn,“ sagði miðvallarleikmaðurinn öflugi um andstæðinga dagsins. **hjorvaro@frettabladid.is**



Sara Björk Gunnarsdóttir skokkar hér ásamt Guðbjörgu Gunnarsdóttur á æfingu íslenska liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**» Ísland trónir á toppi riðilsins fyrir leikinn með 16 stig og hefur eins stigs forskot á Þýskaland. Sigur tryggir sæti í lokkeppni HM.**



## Tveir leikmenn til Rússlands

**FÓTBOLTI** Íslensku leikmönnunum í rússnesku efstu deildinni í knattspyrnu karla fjölgaði úr fimm í sjö í gær. Viðar Örn Kjartansson bættist þá í hóp þeirra þriggja íslensku leikmanna sem leika með Rostov, en þar hittir Viðar Örn fyrir Ragnar Sigurðsson, Sverri Inga Ingason og Björn Bergmann Sigurðarson. Framherjinn frá Selfossi kemur til Rostov frá ísraelska liðinu Maccabi Tel-Aviv.

**7**

**íslenskir leikmenn verða í rússnesku efstu deildinni í knattspyrnu karla í vetur.**

Þá varð Skagamaðurinn Arnór Sigurðsson dýrasti leikmaður í sögu sænska liðsins Nörrköping þegar CSKA Moskva klófesti kappann. Arnór verður þar liðsfélagi Harðar Björgvins Magnússonar sem gekk í raðir rússneska liðsins fyrr í sumar. Þessi ungi og efnilegi leikmaður var tiltölulega nýfarinn að brjóta sér leið inn í byrjunarlið liðsins og gera sig gildandi þar.

Rostov hefur farið betur af stað í deildinni á yfirstandandi leiktíð, en liðið er í þriðja sæti deildarinnar með 12 stig á meðan CSKA Moskva hefur sex stig í níunda sæti. CSKA Moskva mun þar að auki leika í Meistaradeild Evrópu í vetur, en þar er liðið í riðli með Real Madrid, Roma og Viktoria Plzen. **– hó**

# Stefnum á að klára þetta með sigri í dag

**Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska liðsins, segir dagskipunina að fara með sigur af hólmi og geirnegla sætið í lokakeppni HM. Freyr segir leikmenn sína hafa góða reynslu af stórum verkefnum og höndla þá pressu sem hvílir á liðinu.**

**FÓTBOLTI** Ef allt gengur að óskum mun Freyr Alexandersson svífa um á bleiku skýi síðdegis í dag og fagna vel og innilega með leikmönnum sínum í íslenska kvennalandsliðinu í knattspyrnu. Freyr hefur fengið drjúgan tíma til þess að smíða áætlun sem verður til þess að íslenska liðið leggur stjörnum prýtt lið Þýskalands að velli og koma liðinu í lokakeppni HM í fyrsta skipti í sögunni.

„Það eru allir leikmenn liðsins heilir og klárir í bátana. Við vorum komin með skýra mynd í kollinn um það hvernig við ætluðum að stilla upp byrjunarliðinu og hvernig leikskipulag verður. Það breytir litlu hvað undirbúninginn varðar að þýska liðið hafi skipt um þjálfara á milli leikja liðanna og ég tel mig vita hvernig hann mun stilla liði sínu upp og hvert uppleggið verður,“ segir Freyr Alexandersson um toppslag Íslands og Þýskalands í undankeppni HM 2019 sem fram fer á Laugardalsvellinum í dag.

„Við höfum tekist á við stór verkefni undanfarin ár og leikmenn liðsins eru reynslumiklir á stærsta sviðinu. Þessir leikmenn hafa leikið lengi saman og ég hef stýrt þeim í töluverðan tíma og við erum því farin að læra vel inn á styrkleika hver annars. Ég hef engar áhyggjur af því að stærð leiksins og það hversu



> **Það eru allir leikmenn liðsins heilir og klárir í bátana. Ég hef engar áhyggjur af því að stærð leiksins og það hversu þýðingarmikill hann er verði leikmönnum liðsins um megn.**
>
> Freyr Alexandersson

þýðingarmikill hann er muni verða leikmönnum liðsins um megn. Það væri geggjað ef stuðningsmenn gætu mætt snemma á völlinn og hjálpað leikmönnum að fá orku á meðan þær eru að undirbúa sig fyrir leikinn. Það er heillavænlegra að stemmingin vaxi á meðan leikmenn hita upp og nái hámarki í leiknum sjálfum, en komi ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar leikurinn hefst,“ sagði hann um það hvernig leikmenn liðsins muni nálgast leikinn.

„Það er stefnan að sækja sigur, en við vitum það vel að leikurinn getur þróast í margar áttir. Það er erfitt að lesa í það hvernig leikmyndin verður, en sama hvað gerist munum við halda við það leikskipulag sem við setjum upp og sýna þolinmæði. Eðlilega niðurstaðan úr þessum leik væri þýskur sigur, en við höfum margoft sýnt að við erum langt frá því að vera eðlileg. Pressan er öll á þýska liðinu og það væri katastrófa ef þær myndu tapa. Vonandi náum við hagstæðum úrslitum og gerum það að verkum að við getum hlaðið í gott partí,“ segir Breiðhyltingurinn enn fremur um verkefni dagsins.

**hjorvaro@frettabladid.is**

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**Keflavík - Fylkir 1-2**

0-1 Emil Ásmundsson (53.), 1-1 Aron Snær Friðriksson (sjálfsmark) (58.), 1-2 Ragnar Bragi Sveinsson (vitaspyrna) (83.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 39 | KA | 23 |
| Stjarnan | 36 | ÍBV | 22 |
| Breiðablik | 34 | Fylkir | 22 |
| KR | 30 | Víkingur | 20 |
| FH | 27 | Fjölnir | 16 |
| Grindavík | 24 | Keflavík | 4 |

**Inkasso-deild karla**

**HK - Njarðvík 1-0**

1-0 Brynjar Jónasson (31.).

**Þróttur R. - Haukar 1-2**

0-1 Arnar Aðalgeirsson (68.), 0-2 Elton Barros (78.), 1-2 Viktor Jónsson (81.),

## Íslensku liðin hefja leik í dag

**HANDBOLTI** Selfoss og FH verða í eldlínunni í fyrstu umferð í forkeppni í EHF-keppni karla í handbolta í dag, en liðin leika þá fyrri leiki sína í umferðinni. Selfoss hefur leik á heimavelli, en andstæðingar liðsins eru Klaipeda Dragunas frá Litháen. Þetta er fyrsti leikur karlaliðs Selfoss í Evrópukeppni í 24 ár. Leikur liðanna hefst klukkan 19.30.

FH-ingar mæta hins vegar króatíska liðinu RK Dubrava ytra, en leikur liðanna verður flautaður á klukkan 19.00 að íslenskum tíma. FH tók þátt í EHF-bikarnum á síðustu leiktíð, en liðið var slegið út af slóvakíska liðinu Tatran Presov með dramatískum hætti. **– hó**





LYFJA
– Lifið heil

Við erum komin á Granda

Lyfja hefur opnað nýtt apótek við Fiskislóð 3, í húsnæði Nettó, á Granda. Komið og nýtið ykkur vegleg opnunartilboð fram á mánudag, 3. september.

20% af öllum vörum.

*Tilboð gildir ekki fyrir lyfseðilsskyld lyf.

Lyfja á Granda er opin alla daga 8–24.

lyfja.is




## LIF

Borðstofustóll. Svart PU-leður eða ljósgrátt áklæði.



**9.990 kr.**
~~11.990 kr.~~

## ALBERTA

Borðstofu-stóll, svart PVC áklæði.



**6.990 kr.**
~~8.990 kr.~~




**1.** EightMood Mermaid púðar (breytipúðar), þrjár gerðir **9.390-9.990 kr.** **2.** Nordal Diamond vatnsglas, glært eða reyklitt, 10x9 cm **990 kr.** **3.** Nordal hitakanna (bleik, blá eða grá) 1L **3.990 kr.** **4.** Nordal kerti, nokkrir litir 8x10 cm/15x8 cm **1.190 kr.** **5.** Broste Meili lukt 17x17x24 cm **6.990 kr.** **6.** Sophia Hygeia stytta 16 cm **4.990 kr.** **7.** GLYK ilmvörur, nokkrir ilmir fáanlegir. Kerti 150 g/kerti 250 g/ilmstrá 165 ml **2.290/3.490/5.290 kr.**



## CONNECT

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Slitsterkt áklæði, antrazit eða svart leður. Stærð: 311 x 205 x 88 cm

Antrazit áklæði
**239.990 kr.**
~~279.990 kr.~~

Svart leður
**379.990 kr.**
~~439.990 kr.~~



## CONNECT

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Slitsterkt áklæði, antrazit. Stærð: 230 x 160 x 88 cm

SPARAÐU
**20.000**
KRÓNUR

**149.990 kr.** ~~169.990 kr.~~



## RELIEVE

Hægindastóll með eða án skemils. Nokkrar útfærslur í áklæði eða leðri.

Brons- eða bláberjalitt áklæði, álfótur
**189.990 kr.** ~~222.990 kr.~~

Skemill
**54.990 kr.** ~~62.990 kr.~~

Svart Fantasy leður
**224.990 kr.** ~~264.990 kr.~~

Skemill
**64.990 kr.** ~~76.990 kr.~~





CONFORM

Grátt eða dökkblátt bolzano leður
**229.990 kr.**
~~274.990 kr.~~

Skemill
**69.990 kr.**
~~79.990 kr.~~



*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*






## BRAVO

Hægindastóll og skammel. Svart eða koníakslitt leður og álfætur.

Stóll
**179.990 kr.** ~~209.990 kr.~~

Skammel
**59.990 kr.** ~~69.990 kr.~~



## HERNING

Soleda svart leður.
Stærð 76 x 78 x 107 cm

**139.990 kr.** ~~159.990 kr.~~

## SICILIA

2ja og 3ja sæta sófar, sófaskemlar og stólar. Grænt eða ljósgrátt áklæði og brúnt og koníaksbrúnt bonded leður.



2ja sæta áklæði: 158 x 94 x 82 cm
**69.990 kr.** ~~79.990 kr.~~

3ja sæta áklæði: 196 x 94 x 82 cm
**79.990 kr.** ~~89.990 kr.~~

Stóll áklæði: 80 x 94 x 82 cm
**49.990 kr.** ~~59.990 kr.~~

Skemill áklæði: 83 x 63 x 44 cm
**29.990 kr.** ~~34.990 kr.~~

2ja sæta bonded leður
**109.990 kr.** ~~129.990 kr.~~

3ja sæta bonded leður
**129.990 kr.** ~~149.990 kr.~~

Stóll bonded leður
**79.990 kr.** ~~89.990 kr.~~

Skemill bonded leður
**33.990 kr.** ~~39.990 kr.~~










## PASCALL

Hægindastóll með klassísku útliti. Slitsterkt áklæði, 5 litir; rauður, grár, ljósblár, bleikur og mintugrænn.

**39.990 kr.** ~~49.990 kr.~~

**Þú finnur nýja bæklinginn okkar á husgagnahollin.is**

HÚSGAGNA
HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN

# Heimsklassa djasskonur spila

Jazzhátíð Reykjavíkur verður með öðruvísi sniði í ár þar sem viðburðir verða á víð og dreif um borgina og heildarmyndin því fjölbreyttari. Allt helsta djasstónlistarfólk landsins tekur senn upp hljóðfæri sín en það sem vekur eflaust athygli í ár er að hátíðin hefur náð góðum árangri í að auka hlut kvenna í þessum annars karllæga geira.

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is



Sunnudaginn 2. september verður Jazzhátíð Reykjavíkur þjófstartað með skemmtilegu „jam-session“ á Bryggjunni Brugghúsi kl. 20 þar sem aðgangur er ókeypis. Jazzhátíðin sjálf hefst hins vegar miðvikudaginn 5. september með skrúðgöngu frá Lucky Records við Hlemm kl. 17 og gengið verður að Borgarbókasafninu þar sem hátíðin verður formlega sett.



**Leifur Gunnarsson, hátíðarhaldari og tónlistarmaður.**

Það sem er nýtt í ár er að dagskráin færist úr Hörpu yfir á fleiri staði en einnig er í ár lögð áhersla á fleiri konur í djasstónlist. Sex konur eru í fararbroddi atriða á hátíðinni í ár auk Rósu Guðrúnar Sveinsdóttur sem leiðir skrúðgönguna í ár.

„Í dag er mikið hugað að jöfnum möguleika kynjanna og í djassgeiranum eru konur í miklum minnihluta. Þetta á ekki bara við hér á Íslandi, þó svo að við séum kannski á eftir samanburðarþjóðum í þessum málum. Við í stjórn hátíðarinnar trúum því að með því að flytja inn heimsklassa kvenkyns hljómleikafólk gefum við kvenkyns tónlistarnemendum fyrirmyndir. Stelpur spila líka djass,“ segir Leifur hátíðarhaldari og tónlistarmaður.

Virku dagana fara tónleikar fram í Hannesarholti, Iðnó og Tjarnarbíói sem eru í göngufæri hvert við annað en helgardagskráin fer fram á Grand Hóteli og í Gömlu kartöflugeymslunum.

Meginuppistaðan á hátíðinni er það helsta úr íslensku djasssenunni, en einnig er flutt inn nokkur atriði frá útlöndum.

Hægt verður að kaupa staka miða á alla viðburði á Jazzhátíð en einnig eru í boði afsláttarpakkar á 4, 6 eða 8 tónleika. Miðasala fer fram á tix.is og dagskrána í heild sinni má finna á reykjavikjazz.is.

**gunnthorunn@frettabladid.is**



**Drottning dönsku djasssenunnar, Marilyn Mazur, ásamt tíu kvenna hljómsveit sinni en hún var í hljómsveit goðsagnarinnar Miles Davis forðum daga.**

## Dagskráin í grófum dráttum

**Grand Hótel**
„Það verður mikið um að vera þessa daga og það sem stendur kannski upp úr er 10 kvenna hljómsveit slagverksleikarans Marilyn Mazur. Hljómsveit hennar heitir Shamania og er Mazur án efa drottning danska djassins enda eina konan sem hefur verið í hljómsveit goðsagnarinnar Miles Davis.“

Tónleikarnir fara fram á Grand Hóteli á laugardeginum kl. 19.30.

Fyrr um daginn stígur á svið söngkonan Katrín Halldóra Sigurðardóttir sem sló svo eftirminnilega í gegn í hlutverki Ellyjar Vilhjálmsdóttur í Borgarleikhúsinu. Katrín Halldóra og Haukur Gröndal ásamt hljómsveit hans, Arctic Swing kvintett, leika lög frá gullaldarárum djassins 1927-1945 en tónleikarnir hefjast kl. 13.

Tuttugu ára gamla tríóið Marcin Wasilewski Trio spilar einnig á laugardeginum.

**Tjarnarbíó**
Gítarleikarinn Ralph Towner kemur frá Bandaríkjunum og leikur einleik á klassískan gítar. Það sem er einstakt við gítarleik Towners er að hann spilar á nælonstrengjagítar.

„Sjálfur er ég mjög spenntur fyrir þessum tónleikum. Towner er mikill meistari í sínu fagi enda fáheyrt að spilað sé á nælonstrengi. Towner er hvað þekktastur fyrir leik sinn með hljómsveitinni Oregon en hefur leikið með mörgum af stærstu nöfnum djassins,“ segir Leifur. Tónleikarnir hjá Towner fara fram í Tjarnarbíói föstudaginn 7. september kl. 21.30.

Sunna Gunnlaugsdóttir verður með útgáfutónleika á fimmtudeginum í Tjarnarbíói kl. 21.30. Sunna fór til Finnlands í nóvember sl. með tríó sitt og vann með trompetleikaranum Verneri Pohjola. Sveitin kom fram á nokkrum stöðum og hljóðritaði í leiðinni efnið sem er að finna á nýju plötunni, Anchestry.

Giulia Valle Trio, Ingi Bjarni Trio, Sigmar Þór Matthíasson og Scott McLemore Quartet koma einnig fram í Iðnó.



**Sigmar Þór Matthíasson, bassa- og tónfræðikennari.**

**Iðnó**
Sellóleikarinn Þórdís Gerður Jónsdóttir og danska tónskáldið og kontrabassaleikarinn Richard Andersson stíga á svið í notalegum húsakynnum Iðnó. Þórdís Gerður flytur eigin tónsmíðar en hún er einnig mikið fyrir spuna í djassi.

**Hannesarholt**
Agnar Már og Lage Lund taka nokkur lög í Hannesarholti en þeir eru nýkomnir úr hljóðveri í Brooklyn þar sem þeir tóku upp nýja tónlist eftir Agnar.

Sigurður Flosason og sænski píanóleikarinn Lars Jansson hafa þekkst í nokkur ár og spilað talsvert saman. Þeir spila á tvennum tónleikum í Hannesarholti þar sem áhersla verður á tónsmíðar þeirra beggja.

**Gömlu kartöflugeymslurnar**
Aðalstuðið verður svo í Gömlu kartöflugeymslunum en þar koma fram Andrés Þór og Miro Herak, Dóh Tríó, Skeltr og Una Stef sem hefur verið áberandi í íslensku tónlistarlífi undanfarin ár. Hún hefur heillað landann með sálar- og djassskotnum lögum sínum líkt og „Mama Funk“.

## Um helgina Af hverju ekki að...

**læra að finna æta sveppi?**
Það er ráðlegt að þekkja æta sveppi frá þeim eitruðu. Í dag klukkan tíu heldur Háskóli Íslands ásamt Ferðafélagi Íslands í árvissa göngu þar sem sveppum er safnað í Heiðmörk. **Gísli Már Gíslason**, prófessor í líffræði við Háskóla Íslands, leiðir gönguna ásamt fjölda nemenda sem allir hafa sérþekkingu á íslenskum sveppum.

**Ragga nagli: Öfgakenndur í örstutta stund?**
Á haustin gera margir metnaðarfullar áætlanir tengdar líkamsrækt fyrir veturinn. **Ragnhildur Þórðardóttir**, betur þekkt sem Ragga nagli, minnir á að öfgar eru ekki líklegar til árangurs.



„Það er ekkert mál að vera öfgakenndur í örstutta stund. Það er meiri áskorun að feta meðalveginn í langan tíma. En sú nálgun mun skila þér langtíma árangri. Tileinkaðu þér litlar heilsuvenjur frekar en að umturna öllu á einni nóttu. Ef þú getur ekki hugsað þér mataræði eða hreyfingu eftir sex mánuði, eitt ár þá ertu ekki á réttri braut.“

**skoða vitann sem er opinn almenningi í dag?**
Einu sinni á ári er Gróttuviti opnaður almenningi. Dagskráin er fjölbreytt, útijóga, flugdrekasmiðja og vöfflukaffi.

**horfa á The Innocents (Netflix)?**
Drungalegur og rómantískur vísindatryllir um kærustuparið June og Harry sem hleypst á brott til að hefja nýtt líf. **Jóhannes Haukur Jóhannesson** fer á kostum í aðalhlutverki.




## Sólarparadísin Agadír - Marokkó 25. október í **9 nætur**



### Oasis Hotel & Spa ★★★

FRÁBÆRT VERÐ

Agadir er stærsti sólstrandarstaður Marokkó en Agadir er einn af þessum einstöku áfangastöðum sem maður verður að heimsækja að minnsta kosti einu sinni á ævinni. Borgin stendur við hinn fallega Agadir flóa, sem jafnan er talinn einn af þeim fallegri í heiminum en meðfram flóanum liggur gullin strandlengjan eins langt og augað eygir.

Frá kr. **89.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna & 1 barn

**Innifalið:**
Flug, Gisting, Morgunverður

Verð á mann miðað við 2 fullorðna: 99.695

## Tenerife 8. september í **11 nætur**



### Beverly Hills Heights ★★★

**Frá kr. 99.675**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna & 2 börn

**Innifalið:** Flug, Gisting, Ekkert fæði

Verð á mann miðað við 2 fullorðna: 137.875

## Gran Canaria 11. október í **18 nætur**




### Turbo Club Apt. ★★★

**Frá kr. 119.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna & 2 börn

**Innifalið:** Flug, Gisting, Allt innifalið

Verð á mann miðað við 2 fullorðna: 149.900

## Krít 17. september í **11 nætur**



### Zeus Village Apt. ★★★★

**Frá kr. 98.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna & 2 börn

**Innifalið:** Flug, Gisting, Morgunverður

Verð á mann miðað við 2 fullorðna: 117.495

## Króatía 10. september í **11 nætur**



### Hotel Park ★★★★

**Frá kr. 93.795**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna & 2 börn

**Innifalið:** Flug, Gisting, Morgunverður

Verð á mann miðað við 2 fullorðna: 114.145

Kynntu þér stórkostlegt úrval sólarferða okkar nánar á **www.heimsferdir.is**

595 1000 • *Bókaðu þína ferð á* heimsferdir.is

Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríi

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

# Fallvalt frelsi Mirjam

Hún taldi að kílóin væru þrjú en ekki tuttugu og fékk þyngsta dóm burðardýrs í Íslandssögunni. Eftir afplánun í fimm fangelsum á Íslandi var Mirjam farin að njóta aukins frelsis þegar símtalið kom. Hún á að mæta aftur til afplánunar á föstudaginn.



Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Ég þori ekki að vera ein, ég er alltaf að líta í kringum mig og alltaf á tánum bara," segir Mirjam van Twuyver sem ætti að vera að njóta nýfengins frelsis á ökklabandi eftir afplánun þyngsta dóms sem fallið hefur yfir burðardýri hérlendis.

Mirjam var dæmd í 11 ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness árið 2015. Dómurinn var mildaður í 8 ár í Hæstarétti og hefur Mirjam setið inni í kvennafangelsinu í Kópavogi, í fangelsinu á Akureyri, á Hólmsheiði, Kvíabryggju og Sogni. Fyrir þremur mánuðum lauk hún vist sinni á Vernd og taldi sig vera að stíga inn í síðasta tímabil afplánunarinnar, ökklabandið, þegar hún fékk símtalið.

„Mér var bara tilkynnt þetta í símtali. Ekkert bréf eða svoleiðis. Þú átt að koma aftur í afplánun á morgun. Hvort viltu heldur fara á Kvíabryggju eða Sogn?"

Eftir að hafa haft betur hjá kærunefnd útlendingamála, sem felldi úr gildi ákvörðun Útlendingastofnunar um brottvísun Mirjam úr landi og 20 ára endurkomubann, ákvað Fangelsismálastofnun að boða hana aftur í fangelsi. Í stað afplánunar á helmingi dómsins eins og áður var ákveðið vegna brottvísunarinnar, verður henni gert að hefja afplánun í fangelsi að nýju. Hún á að mæta á föstudaginn og ljúka afplánun á tveimur þriðju hlutum dómsins. Það bætir tveimur árum við biðina eftir frelsinu.

**FRÁ ÞVÍ MIRJAM KOM TIL LANDSINS VORIÐ 2015 HEFUR HÚN DVALIÐ Í FIMM FANGELSUM, FARIÐ Í OPNA HJARTAAÐGERÐ, FUNDIÐ ÁSTINA, GIFT SIG OG EIGNAST ÍSLENSKA HESTA. HÚN BÍÐUR NÚ ÚRSKURÐAR UM FRELSI SITT.**

### Í þekktu mynstri burðardýrs

Eins og ekki er óalgengt í tilvikum burðardýra voru það félagslegar aðstæður Mirjam sem ráku hana til að taka að sér að flytja fíkniefni til Íslands gegn greiðslu vorið 2015.

„Ég er ekki glæpamaður. Ég var bara í hræðilegri stöðu," segir Mirjam.

„Ég hef alltaf verið ein með stelpurnar tvær og í Hollandi getur verið mjög erfitt að halda sér á floti fjárhagslega. Á þessum tíma var ég á kafi í skuldum og var lömuð af kvíða og áfallastreitu eftir kynferðisofbeldi sem ég hafði orðið fyrir. Ég var alveg lokuð tilfinningalega. Eiginlega með vegg fyrir framan mig og hrædd við allt. Ég opnaði ekki póstinn minn, þorði hvorki að svara símanum né fara til dyra ef það var bankað. Ég var ekki hrædd við neitt glæpsamlegt, bara kvíðin vegna leigunnar, rafmagnsreikningsins og skatta sem ég skuldaði. Svo komu þeir bara einn daginn og hentu okkur út á götu. Eldri dóttir mín var þá flutt að heiman en ég stóð úti á götu með yngri dóttur mína 15 ára. Dóttir mín fékk að vera hjá vinkonu sinni í smá tíma og ég var inn og út af heimili foreldra minna. Við vorum bara heimilislausar og allslausar og það er auðvelt að misnota fólk í þannig aðstæðum og þótt ég hafi þá aldrei flækst í neitt ólöglegt þá þekkti ég alveg fólk sem ég vissi að var í ýmsu vafasömu. Og í ráðaleysinu sem ég var í varð rangt fólk á vegi mínum sem taldi mér trú um að það væri akkúrat rétta fólkið sem ég þyrfti á að halda."

Það voru þessir kunningjar Mirjam sem buðu henni lausn á fjárhagsvandanum. Mirjam kom tvisvar til Íslands, sitthvorum megin við áramótin 2015, áður en örlagaferðin var farin vorið 2015. „Í fyrstu ferðinni var ég ekki með neitt sjálf heldur fór ég með öðrum til að dreifa grunsemdum. Ég fékk greitt fyrir það, nóg til að geta farið að leigja íbúð. Svo komu þeir aftur og buðu mér að fara sjálfri og nefndu upphæðina. Og ég hugsaði, ef ég geri þetta get ég byrjað upp á nýtt með dóttur minni, með hreint borð. Því þó að ég væri komin í húsnæði voru skuldirnar enn á sínum stað. Ég hugsaði bara um að ég gæti borgað allar skuldirnar mínar og ég sá ekkert annað. Mér fannst þetta vera minn eini möguleiki."

Mirjam bað um leyfi til að taka dóttur sína með til Íslands. Hún lýsti því þannig fyrir dómi að þær mæðgur hefðu átt svo erfitt tímabil og aldrei farið tvær saman í frí. Hún vildi líta á ferðina sem eins konar lokun á erfiðu tímabili.

Mirjam var hins vegar allslaus og átti ekki einu sinni ferðatösku. Henni var boðið að pakkað yrði niður í töskur fyrir þær mæðgur, enda þurfti að koma efnunum fyrir og tók hún því til föt og annað nauðsynlegt til þriggja daga ferðar og afhenti skipuleggjendum. Hún hafði fallist á að í sinni tösku yrði falið svipað magn fíkniefna og flutt hafði verið í fyrri ferðunum tveimur; tvö til þrjú kíló. Hún ítrekaði hins vegar að halda yrði dóttur sinni og hennar farangri utan við smyglið. Þær mæðgur tóku svo við töskunum fyrir innritun á flugvellinum í Amsterdam. Þegar þær voru stöðvaðar af tollverði í Leifsstöð kom í ljós að það voru 10 kíló af Amfetamíni í tösku Mirjam og önnur 10 kíló af MDMA-dufti í tösku dóttur hennar. Götuverðmæti efnanna var samkvæmt dóminum á bilinu 400 til 600 milljónir.

„Ég var göbbuð. Ég var með miklu meira af efnum en mér var sagt og það átti ekki að vera neitt í tösku dóttur minnar. Það var nánast eins og þeir vildu að ég næðist," segir Mirjam.

*Veistu hvort málið hefur haft einhverjar afleiðingar fyrir þá?*

„Nei, ég veit það ekki og í sannleika sagt vil ég ekkert vita af því."

*Hefurðu eitthvað að óttast ef þú ferð aftur heim?*

„Ég veit það ekki en ég mun ekki fara aftur til míns gamla heimabæjar og ætla mér ekki að verða á vegi þeirra sem áttu hlut að málinu."

*En dóttir þín, hvernig fór þetta með hana?*

„Eins óskiljanlegt og það er þá hefur hún aldrei verið mér reið fyrir þetta og skildi af hverju ég gerði þetta. Hún varð í rauninni fyrir miklu meira áfalli þegar okkur var hent út af heimili okkar í Hollandi."

*Fór hún svo aftur til Hollands?*

„Við vorum náttúrulega báðar handteknar í Leifsstöð og hún var með mér í fangelsinu fyrst. Svo var henni komið fyrir hjá fósturforeldrum sem reyndust henni mjög vel. Ég á þeim mikið að þakka. Svo fór hún aftur til Hollands. Hún vildi fara til foreldra minna, en hún getur ekki farið til okkar gamla heimabæjar vegna málsins. Það er ekki öruggt. Þannig að hún fór til pabba síns. Núna er hún komin í háskólanám og er að læra fjölmiðlafræði í Amsterdam."

Mirjam gerði allt sem í hennar valdi stóð til að hjálpa lögreglunni að upplýsa málið. Sagði frá því sem hún gat upplýst og tók þátt í tálbeituaðgerð en það dugði þó ekki til að upplýsa málið að fullu.

**ÉG ÞEKKTI ALVEG FÓLK SEM VAR Í ÝMSU VAFASÖMU OG Í RÁÐALEYSINU SEM ÉG VAR Í VARÐ RANGT FÓLK Á VEGI MÍNUM SEM TALDI MÉR TRÚ UM AÐ ÞAÐ VÆRI AKKÚRAT RÉTTA FÓLKIÐ SEM ÉG ÞYRFTI Á AÐ HALDA.**

### Áfall að koma á Hólmsheiði

Eftir komuna til landsins var Mirjam fyrst vistuð í kvennafangelsinu í Kópavogi en þegar því var lokað var hún flutt norður á Akureyri ásamt öðrum kvenföngum.

„Þegar ég lít til baka, þá var tíminn á Akureyri besti tími afplánunarinnar. Fangahópurinn var góður og fangaverðirnir á Akureyri frábærir. svo var Guðmundur Ingi, ➡



Mirjam bíður þess að storminn fari að lægja til að hún geti byrjað að leggja drög að framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN




# 120 ÁRA AFMÆLI KING KOIL

*KING KOIL*

# FRAMÚRSKARANDI FULLKOMNUN

GÆÐI OG NÝSKÖPUN Í 120 ÁR 1898-2018

Stærð Queen (153x203 cm)
**AFMÆLISVERÐ**
**154.070 kr.**
13.693 kr.* á mánuði með kredikortaláni
**Fullt verð 256.783 kr.**

## KING KOIL ALPINE PLUSH

Hágæða Amerískt heilsurúm með millistífu fimm svæða skiptu poka gorma kerfi, mjúkur toppur og steyptir kantar, ásamt botni og fótum.

**40% AFSLÁTTUR AF KING KOIL RÚMUM**

Stærð King (193x203 cm)
**AFMÆLISVERÐ**
**213.459 kr.**
18.816 kr.* á mánuði með kredikortaláni
**Fullt verð 355.765 kr.**

**Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjald

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.

rekkjan HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is



**Mirjam hefur verið hestakona frá því hún var ung. Tómas gaf henni íslenskan hest skömmu eftir hjartaaðgerðina og nú hefur annar bæst við. Hér er Mirjam með Eldingu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

formaður Afstöðu, á Akureyri. Við náðum mjög vel saman og hann sagði mér mikið um hvernig hlutirnir eru í íslenskum fangelsum. Ég hef alltaf haft áhuga á mannréttindum og vildi vita hvernig hlutirnir virkuðu í þessu landi. Svo komst ég smám saman að því að þeir bara virka alls ekki.“

Mirjam lét sig réttindi samfanga sinna varða og þegar fangelsið á Hólmsheiði var tekið í notkun og kvenfangar voru fluttir suður frá Akureyri létu þær í sér heyra enda fangelsið alls ekki tilbúið til notkunar og aðstæður alls ekki viðunandi, sturturnar virkuðu ekki, dömubindi og sápur hafi ekki verið til og sængurföt vantað. Þá voru viðbrigðin við flutning í svona öryggisfangelsi gríðarleg enda hafi fangelsið á Akureyri einkennst af heimilislegri stemningu og vingjarnlegum samskiptum milli fanga og fangavarða. Þessi reynsla var ekki aðeins föngunum erfið, segir Mirjam. „Fangaverðirnir sem fylgdu okkur frá Akureyri tóku þetta líka nærri sér. Þeir grétu þegar þeir kvöddu okkur.“

### Gift eftir þriggja mánaða kynni

Mirjam var létt þegar kom að því að hún fengi að fara á Kvíabryggju sem er opið fangelsi. Og þar var Tómas.

*Hvernig kynntust þið Tommi?*

„Hann var á Kvíabryggju þegar ég kom, en var að bíða eftir að komast á Vernd. Hann segir alltaf að hann hafi orðið ástfanginn um leið og hann sá mig stíga út úr bílnum við Kvíabryggju. Ég fann líka strax að hann hafði áhuga á mér. Ég var samt alltaf hörð á því innra með mér að ég ætti ekkert erindi í samband, hvað þá hjónaband. Ekkert slíkt kom til greina af minni hálfu í upphafi. Svo man ég að Tommi átti dagsleyfi og ég gleymi aldrei hvað hann var klaufalegur þegar hann var að reyna að fá símanúmerið mitt. Hann ætlaði að útvega mér alþjóðlegt símkort svo ég gæti hringt til Hollands og var sem sagt á sinn klaufalega hátt að reyna að fá símanúmerið mitt, undir því yfirskini að geta hringt í mig ef eitthvað kæmi upp í sambandi við það. Ég hló auðvitað að þessu innra með mér og vissi vel hvað klukkan sló. En lét hann svo hafa símanúmerið mitt. Hann var nefnilega í öðru húsi en ég á Kvíabryggju en við fórum að tala saman á kvöldin. Þannig byrjaði þetta. Bara með vináttu og spjalli og við urðum mjög náin á mjög skömmum tíma. En ég merki alltaf þennan dag sem hann fór í dagsleyfið.“

Svo fór Tommi á Vernd en Mirjam varð eftir á Kvíabryggju. „Og svo bað hann mín bara. Ég veit ekki hvernig stóð á því en ég sagði strax já. Við höfðum bara þekkst í mánuð þannig að þetta bar mjög brátt að en ég bara vissi að þetta var rétt og hef aldrei séð eftir því. Við höfum verið gift í tvö ár.“

*Og hvernig giftir maður sig í fangelsi?*

„Tommi var náttúrulega kominn á Vernd en hafði samband við Kvíabryggju og bað um leyfi fyrir okkur til að giftast. Þeirri beiðni var nú aldrei almennilega svarað. Við fundum bæði að það var allt gert til að fá okkur ofan af þessu. Ekki beint en við upplifðum það mjög sterkt. Svo var ég bara send með hraði aftur norður á Akureyri. Fékk ekki einu sinni að pakka niður.

En við sáum við þeim og giftum okkur á Akureyri,“ segir Mirjam og glottir. „Ég verð vörðunum þar óendanlega þakklát fyrir hvað þeir gerðu athöfnina okkar fallega.“ Sýslumaðurinn á Akureyri gifti þau Mirjam og Tomma við styttuna af Helga magra rétt fyrir ofan fangelsið á Akureyri.

### Milli heims og helju

Þótt Mirjam og Tommi hafi eflaust hlakkað til að Mirjam kæmist á Vernd og þaðan á ökklaband og þau gætu farið að huga að framtíðinni saman, þurfti tilhugalífið enn að bíða.

Mirjam er með meðfæddan hjartagalla og hefur verið undir eftirliti vegna þess alla ævi. Það var ekki fyrr en hún kom til Íslands að alvarleg veikindi fóru að láta á sér kræla. „Það tók mig ár að sannfæra þá um að ég væri hjartveik. Ég þurfti að fá sendar allar heilsufarsupplýsingar um mig frá Hollandi og jafnvel það dugði ekki til. Ég hætti að lokum að nenna að fara til læknisins, það er ekkert mark tekið á manni. Gottskálk, hjartalæknirinn minn, sagði Tomma seinna að þeir hefðu ekki þurft að gera annað en hlusta mig til að sannfærast. Það ískraði í hjartanu á mér.“

Það var Tommi sem útvegaði Mirjam tíma hjá Gottskálk Gizurarsyni hjartalækni. „Þegar hann hafði skoðað mig sagði hann umyrðalaust: Þú þarft að fara í aðgerð.“

Og þegar tíminn kom, fór Mirjam undir hnífinn á Borgarspítalanum og gekkst undir hjartalokuskipti. Aðgerðin var erfið því ein ósæðanna var ónýt og um hana þurfti að skipta. Aðgerðin tók 11 klukkustundir og Mirjam lá á hjartadeild Landspítalans í mánuð eftir aðgerðina og var þungt haldin.

Vegna þess hve veik hún var eftir aðgerðina gat hún ekki farið beint á Vernd. „Ég varð að fara heim því það gat enginn séð um mig á Vernd.“ Þeim tveimur mánuðum sem hún var heima að jafna sig eftir aðgerðina var bætt aftan við afplánunartímann. „Ég átti að losna af ökklabandinu í mars en afplánunin var lengd um tvo mánuði, af því að ég þurfti að fara í opna hjartaaðgerð,“ segir Mirjam og hristir hausinn yfir þessu landi sem hún á í einkennilegu ástar-haturssambandi við.

Hún tekur sem dæmi að til að fá að vera á Vernd og á ökklabandi þurfi hún að vera í vinnu. Það skipti engu þótt hún hafi vottorð frá Gottskálk lækni um að hún þurfi hvíld og eigi ekki að vera í vinnu. „Þeim er alveg sama. Þetta eru reglurnar.“ Og Mirjam mætir til sinnar sjálfboðavinnu hjá Hertex.

### Eftirlitið hringir á næturnar

Mirjam er nú komin á ökklaband og þau hjónin búa saman í gömlu húsi á Akranesi. „Ég upplifði samt eiginlega meira frelsi á Vernd en á ökklabandinu,“ segir Mirjam.

*En máttu ekki fara um allt og gera það sem þú vilt?*

„Jú, það er hugmyndin. Þegar maður er kominn á ökklaband á maður að vera að njóta frelsisins og aðlaga sig lífinu. En ég nýt einskis eins og staðan er og streitan sem þetta veldur hefur strax áhrif á hjartað,“ segir Mirjam og reynir að útskýra hversu erfitt það er að standa frammi fyrir því að vera svipt frelsinu aftur.

„Enginn sagði mér hvaða áhrif það gæti haft fyrir mig að fá ákvörðuninni um brottvísun breytt. Ef ég hefði átt val um að fara heim og koma ekki aftur í 20 ár eða vera hér og fara í fangelsi, þá er engin spurning að ég hefði valið að fara heim. Ég get ekki hugsað mér að fara aftur í fangelsi.

Þegar ég kærði ákvörðunina snerist það í rauninni ekki sérstaklega um brottvísunina heldur var það 20 ára endurkomubannið sem við gátum ekki unað. Tommi á fjölskyldu hér og ef eitthvað kemur fyrir þá viljum við geta komið til Íslands.“

Þegar Mirjam er spurð um tengdaforeldra sína, gladnar yfir henni. „Tengdamamma er frábær. Ég skil ekki orð af því sem hún segir en við eigum frábært samband og okkur þykir vænt hvorri um aðra.“

Sjálf er Mirjam einkabarn. „Ég á

## Tómas og ástin

Mirjam og eiginmaður hennar, Tómas Ingi Þórarinsson, kynntust á Kvíabryggju árið 2016. Þau giftu sig á Akureyri þremur mánuðum síðar. Tómas bað varðstjórann á Akureyri um leyfi meðan Mirjam var þar í afplánun og leyfið var fúslega veitt.

Mirjam sækir mikinn styrk til eiginmanns síns og hann hefur verið henni ómetanlegur í baráttu við bæði veikindi og kerfið. Hann er hennar helsti túlkur og Mirjam til gremju er hann oft betur inni í hennar málum en hún sjálf.

Tommi gaf Mirjam hest skömmu eftir erfiða hjartaaðgerð. Nú eiga þau tvo hesta og þeir eru orðnir helsta áhugamál þeirra hjóna.

**SÝSLUMANNINUM FANNST ÞETTA BARA ÆÐISLEGT. ÞANNIG VAR ANDRÚMSLOFTIÐ FYRIR NORÐAN. ÉG BER ÓMÆLDA VIRÐINGU FYRIR GESTI DAVÍÐSSYNI VARÐSTJÓRA. HANN SAGÐI BARA: ÞAÐ ER SVO FALLEGUR DAGUR, VIÐ FÖRUM BARA HÉRNA ÚT Á HÆÐ MEÐ ATHÖFNINA. SVO VAR BARA ÖLLUM TRILLAÐ ÚT Á HÆÐ. ÞETTA VAR BARA ALVEG DÁSAMLEGUR DAGUR.**

Tómas Ingi Þórarinsson

bara foreldra mína og stelpurnar tvær. Eldri dóttir mín frestaði brúðkaupinu fyrir mig og bíður eftir að ég losni,“ segir Mirjam og bendir á að ólíkt íslenskum föngum sem geta fengið heimsóknir, farið í dagsleyfi og viðhaldið tengslum við fjölskyldu sína, hefur hún ekki haft nein tök á að hitta fólkið sitt í Hollandi frá því að hún var handtekin.

Lögfræðingur Mirjam vinnur nú að því að fá ákvörðuninni um boðun í fangelsi breytt. Mirjam var veittur frestur, fyrst í viku og svo í mánuð til viðbótar. Sá frestur rennur út 7. september. Að óbreyttu þarf Mirjam að mæta til afplánunar eftir viku. Hún segir margt hafa breyst frá því símtalið kom. „Svo er alltaf verið að hringja í mig á næturnar, út af tækinu,“ segir Mirjam og vísar til móttökutækis ökklabandsins. Hún veit ekki hvort þau eru frá Fangelsismálastofnun eða öryggisfyrirtækinu sem sér um ökklaböndin. Þau áttu sér aldrei stað áður en hún fékk boðun um að mæta aftur til afplánunar. „Mér líður eins og það sé fylgst með hverju skrefi sem ég tek og þess beðið að ég stígi feilspor sem réttlæti að ég verði sett inn.“

*Hvað vilt þú helst að gerist?*

„Ég vil bara að þetta hverfi. Ég vil bara fá að ljúka minni afplánun næsta vor og fara heim til Hollands. En nú er það ekki lengur möguleiki. Það er ekki hægt að taka aftur hina breyttu ákvörðun.“

Mirjam ætlar að berjast fyrir frelsi sínu og lögmaður hennar er vakinn og sofinn í málinu og er daglegur gestur í helstu stofnunum sem hafa með málið að gera. „En í sannleika sagt er ég hundleið á þessu,“ segir Mirjam. „Mig langar ekkert að berjast, mig langar bara til að lifa lífinu. En ef þeir setja mig í fangelsi, þá kæri ég þá til andskotans.“

**Vildi geta sýnt kerfinu virðingu**

Mirjam segist oft hafa haft tækifæri til að kvarta undan ýmsu og fara með mál í fjölmiðla. „En ég hef altaf hugsað það vandlega, og hver áhrifin af því gætu orðið. Ekki bara fyrir mig heldur líka af virðingu fyrir starfsfólki stofnunarinnar. Ég fæ ekkert út úr því að nudda þeim upp úr því sem rangt hefur verið gert. Ég ber almennt virðingu fyrir fólki og er yfirhöfuð hvorki hatursfull né bitur manneskja. En núna hef ég bara hugsað, þegar öllu er á botninn hvolft þá hefur það sýnt sig að þetta fólk ber ekki snefil af virðingu fyrir mér eða mínu lífi og framtíðarvonum eftir afplánun. Mér líður eins og það sé stöðugt verið að draga fram í mér allar mínar verstu tilfinningar, hatur, biturð og reiði, í staðinn fyrir að nálgast mig af kærleika. Þetta veldur mér svo miklum vonbrigðum, líka bara með fólk. Af hverju má ég ekki bara halda áfram með lífið?“

Aðspurð um framtíðina segir Mirjam erfitt að skipuleggja líf sitt þegar maður veit ekki hvar maður má vera.

„Lífið hefur bara verið í bið og óvissan lamar mann í svo mörgu. Ég var til dæmis að hugsa um að læra íslensku en til hvers? Í húsinu okkar á Akranesi hef ég stóra vinnuaðstöðu til að gera töskur, en ég hef ekki standsett hana eða skipulagt neitt. Á efri hæðinni langar mig svo að hafa gallerívegg með myndum af börnunum mínum og börnunum hans Tomma og myndir úr lífi okkar. En ég hef ekki byrjað á neinu af því að ég veit ekki hvort við verðum hér; hvort ég fæ að vera í þessu landi öðru vísi en í fangelsi.

Þetta er svo mikil byrði, að vita ekki, að ég hef bara ekki orku til að hugsa um framtíðina. Eini slökunartíminn minn er þegar ég er með hestunum,“ segir Mirjam sem hefur verið hestakona frá unga aldri og þegar hún var á Vernd keypti Tommi handa henni hest. Nú eiga þau tvo hesta og Mirjam segir að bestu stundir þeirra hjóna séu með hestunum.

**Langar að heimsækja Auschwitz**

*En eitthvað hlýtur þig að langa til að gera í framtíðinni?*

„Mig langar svo að ferðast. Eignast húsbíl og keyra um alla Evrópu. Við höfum bæði gengið í gegnum svo margt og ég verð fimmtug á næsta ári. Nú langar mig bara að lifa lífinu aðeins. Ég hef líka fengið annað tækifæri í lífinu eftir hjartaaðgerðina og mig langar bara að njóta þess, og með Tomma, því að við elskum félagsskap hvort annars og okkur líður svo vel saman og við skiljum hvort annað svo vel. Því í sannleika sagt þá erum við líka bæði frekar brotin eftir fangelsisvistina því að fangelsi breytir fólki. Það breytir manni fyrir lífstíð og með óafturkræfum hætti að vera sviptur frelsinu.“

*Hvernig breytir fangelsi manni?*

„Það er erfitt að treysta fólki til dæmis. Mig langar að treysta fólki og reyni að sjá það góða í fólki en á erfiðara með að hleypa fólki að mér núna. Tommi er alveg eins. Þess vegna erum við svo góð saman, af því að við skiljum hvort annað.“

*Hvað langar þig að sjá í Evrópu?*

„Ég veit að þetta hljómar undarlega, en mig langar að sjá Auschwitz. Amma var í andspyrnunni.

En fyrst af öllu vil ég fara heim og stinga tánum í hollenska fjöru og anda að mér hollenska loftinu.“

*Áttu eftir að taka Ísland í sátt?*

„Sko, ég þoli ekki Ísland. En ég elska samt landið og náttúruna. Við Tommi förum oft í langa bíltúra og svo erum við auðvitað mikið úti í náttúrunni með hestana og landið er dásamlegt. En þegar kemur að pólitíkinni og hræsninni hér þá skil ég ekki hvernig Íslendingar geta horft fram hjá því sem gerist hér stundum, ekki bara í mínum málum heldur víðar. Ég veit að ég gerði rangt enda fékk ég þyngsta dóm sögunnar fyrir og þótt ég muni berjast gegn þessu alla leið þá langar mig mest bara til að halda áfram með lífið. Mig langar ekkert að rífast og berjast. Vegna þess líka að í öllum þessum hryllingi fann ég eitt gott. Ég fann ég manninn minn og ég má bara ekki vera að þessu.“

**MIG LANGAR EKKERT AÐ BERJAST. MIG LANGAR BARA AÐ LIFA LÍFINU. EN EF ÞEIR SETJA MIG AFTUR Í FANGELSI ÞÁ KÆRI ÉG ÞÁ TIL ANDSKOTANS.**



HÚSASMIÐJAN

blómaval

Útsala • Útsala • Útsala • Útsala

Skoðaðu tilboðin á husa.is

# Útsölu

## í Húsasmiðjunni og Blómavali Skútuvogi í dag

30% afsláttur
**3.493 kr**
~~4.990 kr~~
**Matarstell**
12 stk.
2009000

20% AFSLÁTTUR
Hitachi /DEWALT rafmagnsverkfæri

Sjáðu verðið!
**54.990 kr**
~~69.900 kr~~
**Hrærivél**
Kitchen aid, hvít/mött.
1801041

30% AFSLÁTTUR
Pottar, pönnur, katlar og hitakönnur

30% AFSLÁTTUR
Öll viðarvörn
JOTUN

41% afsláttur
**995 kr**
~~1.695 kr~~
**Verkfærataska**
Topex, 18".
5024805

25% AFSLÁTTUR
Hreinsiefni og hreingerningaráhöld

30% afsláttur
**11.897 kr**
~~16.995 kr~~
**Fjölnotavél**
300W, sagar og pússar.
5245980

35% afsláttur
**1.990 kr/m²**
~~3.066 kr/m²~~
**Harðparket**
Eik Evoko Trend 8mm.
147027

25% AFSLÁTTUR
Öll smáraftæki

35% afsláttur
**9.225 kr**
~~14.195 kr~~
**Vegghandlaug**
Lafen Kompas, 60x42 cm.
7920316

Rósir 10 stk.
Sjáðu verðið!
**2.490 kr**
~~3.490 kr~~

20% AFSLÁTTUR
Allir Electrolux ofnar

32% afsláttur
**29.995 kr**
~~43.995 kr~~
**Borvél 18V DS18DJL (1.5) + 100 fylgihlutir**
2 stk., 1.5Ah Li-ion rafhlöður, hersla 52Nm.
5246782

20% AFSLÁTTUR
Öll LADY innimálning og lökk

35% afsláttur
**9.420 kr**
~~14.495 kr~~
**Handlaugartæki**
Grohe Start.
7910800

**Allt pallaefni á TAX FREE • Allt pallaefni á TAX FREE**

háTíð



ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

Við BERJUM niður
verðið

## Ein stærsta útsala Húsasmiðjunnar er hafin

HREINLÆTISTÆKI 25-35% • BLÖNDUNARTÆKI 25-35% • FLÍSAR 25-40% • HARÐPARKET KAINDL 25-40% • FRYSTIKISTUR 20% • KÆLISKÁPAR 20%
FRYSTISKÁPAR 20% • RYKSUGUR 20-30%• ELDAVÉLAR 20-30% • HELLUBORÐ ELECTROLUX 20% • BÖKUNAROFNAR ELECTROLUX 20% • SMÁRAFTÆKI Í ELDHÚSIÐ 25%
OLÍUFYLLTIR RAFMAGNSOFNAR 20-35% • HÁRSNYRTITÆKI REMINGTON 25% • HNÍFAPÖR 30% • MATARSTELL 30% • GLÖS OG KÖNNUR 30%
POTTAR OG PÖNNUR 30% • PLASTBOX, GEYMSLUBOX OG KÖRFUR 25% • ÚTIVISTARFATNAÐUR 25-50% • VINNUFATNAÐUR 20%
RAFMAGNSVERKFÆRI HITACHI 20-30% • RAFMAGNSVERKFÆRI DEWALT 20% • RAFMAGNSVERKFÆRI BLACK+DECKER 25-35% • HANDVERKFÆRI STANLEY 25%
HANDVERKFÆRI NEO 25% • HILLUREKKAR 20% • GARÐVERKFÆRI HAND, RAFMAGNS OG BENSÍN 30% SLÖNGUHJÓL OG ÚÐARAR CLABER OG VERTO 40-50%
VERKFÆRATÖSKUR 30-40% • LJÓS 25%* • ÞVOTTAHRINGSNÚRUR BLOME 50% • ÁLTRÖPPUR OG STIGAR 20-25% • LADY INNIMÁLNING OG LÖKK 20%
ÚTIMÁLNING 30% • VIÐARVÖRN 30% • PENSLAR OG RÚLLUR 25% ...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!

## Fjölskyldufjör í Blómavali í Skútuvogi í dag




**Leikhópurinn Lotta**
skemmtir kl. 13:00 í dag

**Allir fá ís í dag**
**kl. 12-15**





**Erikur, stórar**
**3 stk.**
**999 kr**

**Allt pallaefni á TAX FREE**

**Allt palla**

ÚTSALAN ER LÍKA Í VEFVERSLUN HUSA.IS

Afslættir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" og tilboðsvörum - Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
*Gildir ekki af Hue ljósum.



Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sif Atladóttir, samherjar í FH, Val og í landsliðinu en mótherjar í sænsku úrvalsdeildinni. Þær dreymir um að komast á HM í Frakklandi á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# *Höfum þurft* að berjast fyrir *tilverurétti okkar*

Sigur á Þýskalandi í dag kemur kvennalandsliðinu á HM. Í samtali við Fréttablaðið ræða **Sif Atladóttir** og **Guðbjörg Gunnarsdóttir** um leikinn, skrefin sem KSÍ hefur tekið í jafnréttisbaráttunni og hættuna á að missa tengslin við fótboltann þegar skórnir fara á hilluna.

Ingvi Þór Sæmundsson
ingvithor@frettabladid.is



Jafnöldrurnar úr FH Sif Atladóttir og Guðbjörg Gunnarsdóttir hafa upplifað margt á löngum ferli. Þær hafa leikið fjölda landsleikja, unnið titla með félagsliðum sínum og spilað sem atvinnumenn erlendis. Eitt eiga þær þó eftir að afreka; að leika í lokakeppni heimsmeistaramótsins. Þær og stöllur þeirra í landsliðinu fá tækifæri til að skrifa þann kafla í íslenska fótboltasögu þegar Ísland mætir Þýskalandi á Laugardalsvellinum í dag. Með sigri tryggir íslenska liðið sér farseðilinn til Frakklands þar sem HM verður haldið á næsta ári.

„Það er erfitt að bera þennan leik saman við leiki í lokakeppni en þetta er stærsti leikur sem við höfum spilað í undankeppni. Þetta er allavega stærsti leikur sem ég hef spilað á Laugardalsvelli,“ segir Guðbjörg þegar blaðamaður Fréttablaðsins hitti þær Sif að máli fyrr í vikunni. Þær voru þá nýkomnar frá Svíþjóð þar sem þær leika báðar sem atvinnumenn.

Íslenska kvennalandsliðið hefur komist inn á síðustu þrjú Evrópumót en hingað til hefur ekki verið neinn hægðarleikur að komast inn á heimsmeistaramótið sem er haldið á fjögurra ára fresti.

„Það er erfiðara að komast á HM,“ segir Guðbjörg. „Núna þarftu reyndar „bara“ að vinna þinn riðil en áður fyrr þurftirðu að vinna riðilinn og síðan sigurvegarann úr öðrum riðli. Þetta var varla raunhæft.“

Ísland vann fyrri leikinn gegn Þýskalandi í undankeppninni með þremur mörkum gegn tveimur. Það er stærsti sigur kvennalandsliðsins ef litið er til styrkleika andstæðingsins og árangursins gegn honum í sögulegu samhengi. Fyrir leikinn í október í fyrra hafði Þýskaland unnið alla 14 leiki sína gegn Íslandi með markatölunni 56-3 og Íslendingar höfðu ekki skorað í tíu leikjum í röð gegn Þjóðverjum.

Leikurinn í Wiesbaden var annar leikur íslenska liðsins eftir EM í Hollandi þar sem Ísland tapaði öllum leikjum sínum og féll úr leik í riðlakeppninni. Bjartsýnin fyrir leikinn gegn Þýskalandi var því ekki ýkja mikil. En þrátt fyrir allt segir Sif að trúin í íslenska hópnum hafi verið mikil fyrir leikinn.

„EM var vonbrigði miðað við hvað okkur langaði að gera. Maður verður að vera með háleit markmið. Stundum nær maður þeim og stundum ekki. EM hjálpaði okkur rosalega mikið í undirbúningi fyrir Þýskalandsleikinn og það var mikilvægt að fá Færeyjaleikinn fyrst. Við skoruðum mörk og fengum sjálfstraust,“ segir Sif og vísar til fyrsta leiksins í undankeppni HM og fyrsta leiksins eftir EM þar sem Ísland vann Færeyjar 8-0 á heimavelli.

## Merkasti sigurinn

Sif segir að sigurinn gegn Þýskalandi hafi verið sá stærsti í sögu kvennalandsliðsins og Guðbjörg tekur undir það.

„Ég hugsa oft til leiksins gegn Hollandi þegar við tryggðum okkur sæti í 8-liða úrslitum á EM. En þegar maður horfir á heildarmyndina, þá höfðum við ekki unnið Þýskaland áður og að vinna þær á útivelli var stórt. Síðan ég man eftir mér hefur Þýskaland verið besta landsliðið ásamt Bandaríkjunum.“

Guðbjörg lék sinn fyrsta landsleik árið 2004 og Sif þremur árum síðar. Þótt þær hafi spilað samtals 135 landsleiki hafa þær aldrei upplifað að spila fyrir framan tæplega 10.000 áhorfendur á Laugardalsvelli. Það breytist í dag en uppselt er á leikinn gegn Þýskalandi. Þetta er í fyrsta sinn sem uppselt er á leik íslenska kvennalandsliðsins.

„Okkur hefði aldrei dreymt um fullan völl,“ segir Guðbjörg. „Mér finnst þetta sýna hvað kvennafótbolti hefur vaxið í augum almennings. Strákarnir fóru á HM í ár og við eigum möguleika á því núna. Við viljum alltaf meira,“ segir Sif. „Það ➡



Guðbjörg og fyrirliðinn Sara Björk Gunnarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Á Íslandi myndu allar rétta upp hönd

Talið berst að fyrirmyndum, hvort leikmenn á þeirra aldri hafi átt slíkar af sama kyni þegar þær byrjuðu að æfa fótbolta.

„Bara karlkyns fyrirmyndir,“ segir Guðbjörg. Hjá Sif voru fyrirmyndirnar í fjölskyldunni, faðir hennar, Atli Eðvaldsson, fyrrverandi landsliðsfyrirliði og -þjálfari, og bróðir hennar, Egill, sem lék lengst af ferlinum með Víkingi R.

Að sögn Sifjar og Guðbjargar eru kvennalandsliðið og leikmenn þess miklu sýnilegri en áður. Og það skiptir máli.

„Það er búið að vera innprentað í mig lengi að þegar þú ert í meistaraflokki ertu fulltrúi félagsins þíns eða landsliðsins. En maður áttar sig ekki alveg á því. Þegar við tökum þessa umræðu heima er oft sagt að við gerum okkur ekki grein fyrir hversu stórar við erum. Svíþjóð er öðruvísi. Við vorum með æfingu fyrir stelpur á aldrinum 12-14 ára og spurðum hvort þær vissu hver fyrirliði sænska kvennalandsliðsins væri. Þrjár stelpur af 55 réttu upp hönd. Ef við myndum spyrja sömu spurningar hér heima myndu 55 af 55 vita það. Við erum miklu sýnilegri en áður og það skiptir miklu máli,“ segir Sif.



SUGARFREE GUM
WRIGLEY'S
Extra
WHITE
x25
SWEET MINT
WRIGLEY'S
Extra®
TYGGÐU EXTRA EFTIR
HVERJA MÁLTÍÐ
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi



Guðbjörg og Sif hafa verið lengst í atvinnumennsku af leikmönnum íslenska landsliðsins. Guðbjörg hélt út 2009 og Sif ári seinna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

➡ er mikil tilhlökkun fyrir leikinn. Það er búið að ræða hann lengi og hann er á leiðinni. Við erum búnar að undirbúa okkur lengi. Laugardagurinn verður skemmtilegur."

**Svala Knattspyrnusambandið**

Sif og Guðbjörg hrósa Knattspyrnusambandi Íslands fyrir að bæta umgjörð kvennalandsliðsins á undanförnum árum.

„KSÍ hefur stigið hvert stóra skrefið á fætur öðru í allri jafnréttisbaráttu. Þetta eru alls konar litlir hlutir sem fólk tekur kannski ekki eftir," segir Sif. „Þegar ég kom inn í landsliðið var verið að hækka dagpeningana og taka skref sem þær sem voru elstar í liðinu þá höfðu barist fyrir í mörg ár. Það er ekki fyrr en maður verður eldri og er búinn að vera lengur í þessu sem maður tekur eftir þessum hlutum. Eftir því sem fleiri okkar fóru út að spila sáum við hvað vantaði. Mér finnst KSÍ gera allt sem það getur til að hjálpa okkur. Með hverju stórmóti sem Ísland kemst á kemur inn meiri þekking."

Guðbjörg tekur í sama streng. „Þetta er margra ára vinna. Öll umgjörð hefur breyst, til dæmis frá EM 2009. Við erum með stærra teymi í kringum liðið. Það á að vera auðveldara fyrir okkur að spila vel. Það er allt gert til að við getum náð árangri."

Sif og Guðbjörgu verður tíðrætt um að smæð KSÍ sé í raun kostur. Samvinnan þar á bæ sé mikil.

„Það sem er einstakt við Ísland er að þetta er lítið samband og við vinnum svo náið saman. Heimir [Hallgrímsson, fyrrverandi þjálfari karlalandsliðsins] leikgreindi fyrir Frey [Alexandersson, þjálfara kvennalandsliðsins] og öfugt. Það gerist ekki hjá öðrum samböndum. Við lærum svo mikið hvort af öðru," segir Guðbjörg. „Lars [Lagerbäck, fyrrverandi þjálfari karlalandsliðsins] kom á EM 2013. Þetta er ótrúlega svalt knattspyrnusamband, hvað það er mikil virðing borin fyrir öllum hérna. Ég get ekki ímyndað mér að þetta sé svona annars staðar í heiminum."

**Breyttir tímar**

Erindi sem Þóra B. Helgadóttir, fyrrverandi landsliðsmarkvörður, flutti á málþingi um kynjajafnrétti í íþróttum í Háskólanum í Reykjavík í síðasta mánuði vakti mikla athygli. Þar lýsti hún aðstæðum í landsliðinu í kringum aldamótin og sagði meðal annars að þáverandi landsliðsþjálfari hefði ekki þekkt leikmenn með nafni, verið drukkinn í landsliðsferð og boðið leikmönnum upp á herbergi til sín. Í kjölfarið neituðu nokkrir leikmenn að spila fyrir landsliðið og viðkomandi þjálfari var látinn fara. Sif og Guðbjörg segjast blessunarlega ekki hafa upplifað neitt slíkt á sínum landsliðsferli; þetta hafi verið fyrir þeirra tíð í landsliðinu. En þær þekkja það að þurfa að berjast fyrir hlutum sem ættu að vera sjálfsagðir.

**Ekki gert jafn hátt undir höfði**

„Maður lenti í ýmsu í sínum félagsliðum. Kvennaboltanum var ekkert gert rosalega hátt undir höfði. Maður fann alveg að maður var ekki eins mikilvægur og strákarnir. Við í kvennalandsliðinu höfum þurft að berjast fyrir tilverurétti okkar, fá fólk á völlinn og svona. En tímarnir hafa breyst. Við erum mun sýnilegri en við vorum," segir Sif.

Þær minnast báðar á að kvennaboltinn sé yngri íþrótt en karlaboltinn. Fyrsta heimsmeistaramót kvenna var til að mynda ekki haldið fyrr en 1991 en fyrsta heimsmeistaramót karla 1930. Meistaradeild kvenna var sett á laggirnar 2001 en 1956 hjá körlunum. Og fyrsta Íslandsmót kvenna í fótbolta hér á landi var haldið 1972, 60 árum eftir að fyrsta Íslandsmótið karlamegin fór fram.

„Kvennaíþróttir eru miklu yngri. Það sem er að gerast núna í kvennaboltanum gerðist kannski fyrir 30 árum hjá körlunum. Þetta er yngri íþrótt," segir Guðbjörg. Sif segir að þróunin í kvennaboltanum sé mjög hröð. Æ fleiri knattspyrnusambönd í heiminum leggi metnað í kvennaboltann og stærstu félög Evrópu séu flest hver komin með kvennalið. Manchester United setti til dæmis kvennalið á laggirnar í sumar.

„Íþróttakonur eru að berjast í hörðum heimi því þetta hefur alltaf verið karlaveldi. Það sem hefur gerst hefur gerst ótrúlega hratt. Síðan við byrjuðum í þessu hefur kvennaboltinn verið á hraðri uppleið," segir Sif.

**Mega ekki aftengjast**

Þrátt fyrir allar framfarirnar í kvennaboltanum og þróunina sem hefur átt sér stað þar eru peningarnir þar miklu minni. Launin eru lægri, leikmenn eiga ekki digra sjóði og fjárhagslegt öryggi þeirra er ekki mikið. Þegar skórnir fara á hilluna þurfa leikmenn venjulega að fara út á vinnumarkaðinn. Og Sif segir það alltof algengt að þegar leikmenn hætti missi þeir tengslin við fótboltann; stimpli sig út fyrir fullt og allt.

„Þegar karlkyns fótboltamaður á þokkalega háu getustigi hættir er fjárhagurinn ekkert sérstaklega erfiður. Við erum annaðhvort í skóla eða að vinna meðan við stundum okkar íþrótt. Þegar við hættum aftengjum við okkur oft íþróttinni sem hefur alið okkur upp að miklu leyti. Baráttan hefur verið löng og um eitthvað sem á að vera svo auðvelt. Þú þarft að fara að vinna og missir tengslin þangað til þú eignast kannski börn sem fara að stunda íþróttir," segir Sif sem ætlar ekki að segja skilið við boltann þegar hún hættir að spila.

„Við þurfum að koma aftur inn í félögin og hugsa hvernig við getum þróað boltann. Ef einhverjar vita hverju þarf að berjast fyrir erum það við. Við eigum að gefa til baka. Þegar ég hætti ætla ég ekki að missa tengslin því ég veit hvað þarf að gerast. Mig langar að hjálpa kvennaboltanum áfram."

„Ég hef hugsað um að gerast markvarðaþjálfari eða þjálfari. En núna einbeiti ég mér bara að því að spila," segir Guðbjörg sem hefur áhyggjur af því hversu fáa kvenþjálfara Ísland á. „Það eru svo margar stelpur sem hverfa eftir að þær hætta. Það er dýrt ef ein af hverjum 30 verður þjálfari."

**Elísabet er ótrúleg**

Sif og Guðbjörg þekkja báðar vel til Elísabetar Gunnarsdóttur sem hefur náð lengst íslenskra kvenþjálfara. Þær spiluðu báðar undir hennar stjórn hjá Val og undanfarin sjö ár hefur Sif leikið með Kristianstads í Svíþjóð sem Elísabet stýrir. Virðingin fyrir Elísabetu leynir sér ekki hjá Sif.

„Elísabet Gunnarsdóttir er ótrúleg í sínum hugsunarhætti og þess vegna er hún þar sem hún er í dag. En ég veit líka hvað hún hefur þurft að ganga í gegnum til að ná svona langt. Það er ekki jafn grundvöllur fyrir karl- og kvenþjálfara. Hún er ein af stærstu kvenfyrirmyndunum

> **EF EINHVERJAR VITA HVERJU ÞARF AÐ BERJAST FYRIR ERUM ÞAÐ VIÐ. VIÐ EIGUM AÐ GEFA TIL BAKA.**
>
> Sif Atladóttir

þegar kemur að þjálfun. Hún hefur verið lengst allra þjálfara í sænsku deildinni í starfi og það sýnir mikinn styrk. Hún veit nákvæmlega hvað hún vill og hvert hún ætlar að fara," segir Sif en Elísabet var valin þjálfari ársins í sænsku deildinni í fyrra.

**Verða að undirbúa framtíðina**

Þrátt fyrir að vera aldursforsetarnir í landsliðinu segja Sif og Guðbjörg að skórnir séu ekkert á leiðinni á hilluna í bráð. Þær eru þó báðar byrjaðar að undirbúa lífið eftir að fótboltaferlinum lýkur. Guðbjörg er menntaður hagfræðingur og Sif nýútskrifaður lýðheilsufræðingur.

„Við verðum að undirbúa framtíð okkar. Við eigum ekki sjóði sem við getum leitað í. Þetta er kannski það erfiðasta við að vera í atvinnumaður. Við eigum engan neyðarsjóð nema þú vinnir meðfram því að spila," segir Sif sem hefur stundum unnið með fótboltanum, auk þess að vera í skóla og sinna fjölskyldunni. Hún og eiginmaður hennar, Björn Sigurbjörnsson, sem er aðstoðarþjálfari hjá Kristianstads, eiga eina dóttur.

Guðbjörg, sem er á sínu tíunda tímabili í atvinnumennsku, leikur með Djurgården. Hún er búin að koma sér vel fyrir í Stokkhólmi þar sem hún býr með kærustu sinni, Miu Jalkerud, sem leikur einnig með Djurgården. Guðbjörg segir frekar ólíklegt að hún flytji heim þegar hún hættir að spila.

„Aldrei að segja aldrei en eins og staðan er núna er ég mjög vel sett í Stokkhólmi og búin að kaupa mér íbúð í miðborginni. Og eins og veðrið hefur verið hérna í sumar langar mig ekkert sérstaklega heim," segir Guðbjörg og hlær.

Sif segir Björn ráða för þegar hún hættir að spila. „Við höfum rætt það að þegar ég legg skóna á hilluna fær hann að halda um stjórnartaumana og ráða hvað hann gerir við sinn þjálfaraferil. Ég elti hann þegar þar að kemur," segir Sif að lokum.


OPIÐ HÚS í Furudal 2 laugardaginn 8. september frá kl. 14.00 til 15.00

VERKFERILL







Til sölu tvö 171m² vönduð staðsteypt parhús með bílskúr að Furudal.

Furudalur 20 er fokhelt að innan með rafmagnsinntaki og fullbúið að utan verð 37,2 millj. kr.

Furudalur 2 allt að byggingarstigi 5 og fullbúið að utan verð 46,9 millj. kr.

*Húsið eru klár til afhendingar.*

M2 FASTEIGNASALA

Hólmgarði 2c - 230 Reykjanesbær - Sími 421-8787
siggi@fermetri.is - www.fermetri.is

Sigurður fasteignasali 693 2080.




UNDANKEPPNI HM

# ÍSLAND - ÞÝSKALAND

## Í DAG 14:00

2 SPORT

ÚTILÍF
KRINGLUNNI · SMÁRALIND

VALITOR

TOYOTA



Guðmundur er frá Bolungarvík og Gylfi frá Ísafirði en þeir kynntust á Akureyri þegar þeir voru þar í hópi utanbæjarmanna í Háskólanum á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Rígurinn milli bæja er á undanhaldi

**Guðmundur Gunnarsson og Gylfi Ólafsson eru að flytja úr Reykjavík á Ísafjörð með konur og börn. Þar með snúa þeir aftur í heimahaga, eru hvor frá sínum bæ á Vestfjörðum og muna þá tíð þegar rígurinn milli þeirra bæja var áþreifanlegur.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Þeir sitja að spjalli í stórri skrifstofu í húsnæði Sjúkrahúss Ísafjarðar, Guðmundur Gunnarsson viðskiptafræðingur og Gylfi Ólafsson heilsuhagfræðingur. Hurðin er opin í hálfa gátt og Gylfi býður okkur Sigtrygg Ara velkomin í „tennishöllina“ sína! Báðir eru þeir kumpánar nýráðnir í stórar stöður á svæðinu, Guðmundur tekur við sem bæjarstjóri Ísafjarðar í dag, 1. september, og Gylfi hóf störf sem forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða (HVEST) fyrir mánuði.

Guðmundur er Bolvíkingur og Gylfi frá Ísafirði en þeir kynntust á Akureyri. „Við vorum samtíða í Háskólanum á Akureyri, báðir í hópi aðkomufólks,“ rifjar Guðmundur upp. „Já, og höfum verið dálítið samstiga síðan, ég tók við af honum sem afleysingamaður á fréttastofu RÚV á Ísafirði og báðir höfum við unnið fyrir skiptinemasamtökin AFS, ég í stjórn og hann framkvæmdastjóri,“ segir Gylfi. „Auk þess eru konan mín og Gylfi systkinabörn svo við hittumst líka í fjölskylduboðum,“ bætir Guðmundur við, „og nú erum við báðir komnir hingað.“

*Römm er sú taug er rekka dregur föðurtúna til segir í fornu kvæði. Var það taugin ramma sem togaði ykkur vestur?*

„Ég hef alltaf talið mig Ísfirðing hvar sem ég hef verið og það var alltaf einn af kostunum að flytja alfarið vestur,“ segir Gylfi. „Ég sótti um stöðu framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu fyrr á þessu ári og þá fórum við Tinna kona mín í gegnum umræðuna. Hún er frá Flateyri og fjölskylda hennar býr hér. Ég fékk ekki þá stöðu en þegar þessi hjá HVEST var auglýst, sem hentaði mínum lærdómi algerlega, þá sótti ég um.“

Guðmundur segir þá báða eiga margt kunningjafólk syðra með rætur fyrir vestan sem hittist gjarnan á æskuslóðunum um páska eða í sumarfríum. „Þá kemur alltaf upp spurningin: Hvenær á svo að flytja heim? enda blossar þá upp tilfinningin: oh, það er svo þægilegt að búa hér.“

Þeir félagar segja þó ekki aðalatriðið að telja hausa úr gamla skólaárganginum sem enn séu fyrir vestan eða komnir þangað aftur, samfélagið sé fjölbreyttara en svo. „Þegar maður kemur hingað reglulega, eins og við Gummi höfum gert, þá kynnist maður líka nýja fólkinu og það er bara heilmikill fjöldi,“ segir Gylfi.

„Já,“ segir Guðmundur. „Ég hitti væntanlegt samstarfsfólk á bæjarskrifstofunum í gær, helmingurinn af þeim sem sátu við borðið á sviðsstjórafundi hafði engar tengingar vestur þegar þeir réðu sig, en sá tækifæri í störfum sem hentuðu og líka í fjölskylduvænu umhverfi. Þetta er kannski útivistarfólk sem vill vera nær náttúrunni en í borginni og sér líka kosti þess að ala börnin upp á stað þar sem ekki fara tveir klukkutímar á dag í að skutla og sækja.“

### Nýir burðarásar í atvinnulífinu

Gylfi telur bæði samfélag og atvinnulíf fyrir vestan mun fjölbreyttara nú en fyrir nokkrum árum, þó ekki vilji hann segja að það hafi verið leiðinlegt og einsleitt áður. „Það eru komnir nýir burðarásar í atvinnulífið. Hér eru fyrirtæki sem byggja á nýsköpun og auðvitað líka ferðaþjónusta þó hún sé ekki í eins miklum mæli og af eins miklum þunga og á öðrum svæðum, sem getur líka verið gott og þýtt sóknarfæri. Á sunnanverðum Vestfjörðum hefur fiskeldið dregið margt fólk vestur, enda hafa fyrirtækin borið gæfu til að vera með höfuðstöðvar sínar á staðnum. Sama má segja um Keresis hér á Ísafirði, það er með mörg störf fyrir vel menntað fólk. Í Þróunarsetrinu eru margar stofnanir ríkis og bæja með fólk í sérfræðistörfum og Háskólasetrið er fullt af nemendum og kennurum víða að, að ógleymdum náttúrustofunum sem eru með ýmsa sérfræðinga í vinnu.“

Guðmundur kveðst vita mörg dæmi þess að útlendingum þyki gott að vera fyrir vestan og finnist auðvelt að fóta sig þar. „Nú er ég að koma úr starfi hjá skiptinemasamtökunum sem snýst meðal annars um að ungt fólk komi til Íslands til ársdvalar og reyni að samlagast samfélaginu og læra tungumálið. Þar sá ég skarpar línur í því að þau ungmenni sem voru svo heppin að fá fjölskyldur úti á landi náðu miklu betur að kynnast fólkinu þar, gekk betur að læra málið og upplifa sig sem hluta af samfélaginu en þeim sem voru í borginni. Það helgast líka af því að krakkar sem koma til Reykjavíkur halda dálítið hópinn þar. Ég held þetta sé gott dæmi um að nándin er meiri í minni plássum og þar er hægara að mynda tengsl.“

> MÉR HEFUR ALDREI FUNDIST NEITT MÁL AÐ KEYRA VESTUR, ÞÓ ÞAÐ TAKI FIMM, SEX KLUKKUTÍMA. EN ÞEKKI FÓLK FYRIR SUNNAN SEM SKILUR EKKI HVERNIG VIÐ GETUM RÉTTLÆTT ÞAÐ AÐ KEYRA ALLA ÞESSA VEGALENGD FYRIR STUTTAN TÍMA. ÞETTA SNÝR ÖÐRU VÍSI VIÐ OKKUR SEM ERUM VÖN ÞVÍ.
>
> Gylfi

### Starfsmannamál í formlegu ferli

Þeir Guðmundur og Gylfi virðast alveg með kosti þess að búa á landsbyggðinni á hreinu og fátt nefna þeir neikvætt við heimahagana, enn sem komið er. Enda telja þeir íbúum fyrir vestan þykja nóg komið af neikvæðum fréttum af svæðinu. „Fólki hér finnst fjölmiðlar engan áhuga hafa á Vestfjörðum nema þar séu frystihús að loka eða einhver að kvarta undan jarðgangaleysi. Við höfum báðir unnið sem fréttamenn og vitum að þetta er ekki svona einfalt, heldur spurning um hvaðan röddin berst úr samfélaginu, hvernig hún berst og til hverra,“ segir Guðmundur.

Gylfi tekur undir það. „Ef stofnunin mín er gúgluð þá eru fyrstu þrjátíu niðurstöðurnar fréttir af starfsmannaskiptum, yfirleitt í illu. Þetta eru vissulega fréttir en bara alls ekki einu fréttirnar. En auðvitað hefur það hrein og bein áhrif á starfsemina ef stöðurnar sem við auglýsum fá ekki umsóknir af því að fólk heldur að hér sé allt í kalda koli.“

Heilbrigðisumdæmið sem Gylfi stjórnar nær yfir fimm sveitarfélög, Bolungarvík, Ísafjarðarbæ og Súðavík á norðursvæðinu og Vesturbyggð og Tálknafjörð á suðursvæðinu. „Við erum með tvö sjúkrahús, annað á Ísafirði og hitt á Patreksfirði og við erum með heilsugæslusel, þrjú hjúkrunarheimili og heimahjúkrun,“ lýsir Gylfi og kveðst vera svolítið á flandri. „Ég var á Patreksfirði í gær, þar eru 20% af starfsfólkinu okkar enda sinnir það líka Tálknafirði og Bíldudal. Ísafjarðarlæknar sinna Þingeyri og Flateyri og fólk þaðan leitar hingað.“

*En er búið að leysa þessi erfiðu starfsmannamál í stofnuninni sem hann minntist á?*

„Nei, það er ekki alveg búið að bíta úr nálinni með þau en starfsandinn er mjög góður.“

„Ég spurði hann að þessu líka áður en þið komuð, hann er ekki bara að segja þetta við ykkur,“ skýtur Guðmundur inn í.

„Leifar af málinu eru í formlegu ferli,“ heldur Gylfi áfram. „Það eru starfslokasamningar sem er verið að klára og þetta mál hefur engin áhrif á daglegan rekstur. Við erum með skemmtilegustu kaffistofurnar á svæðinu og frábært fagfólk,“ ➡

# Fólk

Helgin

LAUGARDAGUR 1. SEPTEMBER 2018



Árvekniátakið Plastlaus september hefst í dag en átakið var fyrst haldið í september í fyrra. Markmiðið er að vekja athygli á því hversu auðvelt er að minnka plastnotkun. →4







Lýður Skarphéðinsson segir að í verslun Eins og Fætur Toga sé hægt að fá allt sem þarf fyrir fæturna. MYNDIR/EYÞÓR

# Ný verslun með allt fyrir fæturna

Eins og Fætur Toga sérhæfir sig í göngu- og hlaupagreiningum og vönduðum vörum sem eru góðar fyrir fætur og stoðkerfi. Í dag verður opnuð ný verslun í Orkuhúsinu á Suðurlandsbraut og frábær tilboð verða í boði í tilefni af því. →2

Framhald af forsíðu ➔

Laugardaginn 1. september opnar Eins og Fætur Toga nýja verslun og þjónustumiðstöð á 1. hæð í Orkuhúsinu við Suðurlandsbraut 34.

„Eins og Fætur Toga sérhæfir sig í göngu- og hlaupagreiningum og vönduðum tengdum vörum,“ segir Lýður Skarphéðinsson, eigandi verslunarinnar. „Við höfum allt fyrir fætur og bjóðum upp á úrval af vörum fyrir hlauparann, vörur fyrir endurheimt (e. recovery) og stuðningsvörur í úrvali.“

## Fullt af frábærum opnunartilboðum

„Frá stofnun hefur EOFT verið leiðandi fyrirtæki í göngu- og hlaupagreiningum og frá árinu 2010 hafa sérfræðingar EOFT tekið 30.000 Íslendinga í göngugreiningu,“ segir Lýður. „Það sem af er ári hafa 4.000 komið í greiningu. Þeir sem koma á laugardaginn og skrá sig í göngugreiningu fá 50% afslátt af greiningunni og 10 heppnir fá fría göngugreiningu. Fagfólk verður líka með kynningu og kynningartilboð þennan eina dag.“

## Mikill vöxtur

„Það hefur orðið bylting í íþróttainnleggjum og í samstarfi við stoðtækjafyrirtæki í Þýskalandi höfum við þróað nýjar gerðir af höggdempandi innleggjum fyrir börn og fullorðna,“ segir Lýður. „Við erum líka sérfræðingar í Footbalance innleggjunum, sem eru hituð og mótuð undir fótinn og gefa okkur möguleika á að útbúa innlegg í fleiri gerðir af skóm.

Við bjóðum einnig upp á nýjar þrýstiplötur og 3D innlegg,“ segir Lýður. „RsScan V9 3D þrýstiplöturnar eru þær fullkomnustu sem völ er á og styðja prentun á Phits 3D innleggjum sem fengu fyrstu verðlaun á ISPO, stærstu íþróttasýningu í heimi.

Við vorum að opna nýja heimasíðu, www.gongugreining.is, núna 1. ágúst, en þar er ný glæsileg vefverslun og mikið af upplýsingum um vörur og þjónustu,“ segir Lýður. „Við erum með verkstæði í versluninni í Bæjarlind og vinnum öll okkar innlegg sjálf. Við útbúum líka margar gerðir af fleygum og púðum til að sérsníða innleggin frekar að þörfum hvers og eins.“

## Nýtt hjá Eins og Fætur Toga

„Við erum að bjóða upp á margar nýjar vörur um þessar mundir. Við erum til dæmis með Ofoos sandala, sem eru hannaðir fyrir betri endurheimt eftir erfiði. Þarna er loksins kominn dúnmjúkur sandali sem er góður fyrir fæturna og á góðu verði. Þeir hafa marga frábæra kosti og eru á opnunartilboði hjá okkur á 4.990 kr., en venjulega kosta þeir 6.990-8.990 kr.“

- Ofoos sandalar hafa 37% meiri höggdempun en venjulegir foam skór s.s. memory foam.
- Ofoom ýtir högginu við niðurstig út til hliðanna fyrir betri endurheimt.
- Sandalarnir minnka álag á sára fætur, hné og bak.
- Lokaðar foam sellur loka á táfýlu.
- Sandalana má þvo í þvottavél og þeir fljóta í vatni.
- Þeir veita stuðning við iljarnar.
- Þeir hafa bakteríufráhrindandi fótbeð.

„Við erum líka með fleiri nýjar vörur, eins og Mavex og Akileine fótakrem, raspa og allt sem lýtur að faglegri fótheilsu,“ segir Lýður. „Við erum líka með innlegg og fótavörur frá Scholl og Pjur Active 2skin, sem þú berð á skrokkinn fyrir álag til að fá ekki blöðrur.“

## Feetures hlaupasokkar

„Við bjóðum upp á Feetures hlaupasokka, eina tæknilegustu hlaupasokkana á markaðinum,“ segir Lýður. „Það verður líka opnunartilboð á þeim, en þeir verða á 4.990 kr. í stað inn fyrir 7.990 kr.“

- Feetures eru mest seldu sokkar í hlaupaverslunum í BNA með næstum 40% markaðshlutdeild.
- Feetures eru með „heel lock“ og renna ekki niður. Þeir hafa saumalausa táhettu, sérgerðir fyrir vinstri og hægri fót og hafa stuðning undir iljunum.
- Feetures þrýstisokkarnir eru „graduated“. Það er minnstur þrýstingur neðst og hann eykst eftir því sem ofar dregur, sem eykur blóðflæðið í gegnum vöðvann. Kálfinn er rammaður inn og þannig minnkar hreyfing vöðvans, sem er frábært við beinhimnubólgu og öðrum festuvandamálum.
- Við kaupum Feetures sokkana beint frá Ameríku og bjóðum fábæra vöru á góðu verð.
- Ef þú ert ekki ánægður með Feetures sokkana þína getur þú skilað þeim.

## Brooks skór

„Við seljum líka Brooks skó, en Brooks Ghost 10 var kosinn hlaupaskór ársins 2017 hjá Runner's World, sem er langstærsti óháði aðilinn í hlaupaheiminum,“ segir Lýður. „Við vorum að fá Ghost 11, sem var að fá EC verðlaunin hjá Runner's World í áttunda sinn á tíu árum, en það eru æðstu verðlaun sem þú getur fengið í hlaupaheiminum. Í þetta skiptið fékk Adrenalin sömu verðlaun og Ravenna fékk verðlaun fyrir að vera bestu kaupin.

Við fengum hlutlausan Ghost og styrktan Adrenaline í svörtu. Þú getur ekki fengið betri skó ef þú ert að hlaupa, ganga eða vinna á hörðu undirlagi,“ segir Lýður. „Skórnir eru á sama verði á Íslandi og í nágrannalöndunum.

Við seljum vorlínu þessa árs á 12.000 kr., en það er hægt að fá tvö pör á 20.000 kr. núna á laugardaginn í báðum verslunum okkar,“ segir Lýður. „Það eru 500 Brooks pör í boði, en það er líka hellingur eftir af góðum skóm í öllum helstu númerum.“



Lýður segir að það verði boðið upp á mikið af spennandi opnunartilboðum í dag.


Hjá Eins og Fætur Toga er boðið upp á úrval aukahluta sem geta nýst göngu- og hlaupafólki.


Eins og Fætur Toga bjóða frábært úrval af Brooks skóm, sem eru mjög vinsælir og margverðlaunaðir.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# Helst í kjörþyngd og laus við löngun í gosdrykki

Bio Kult Candéa er blanda af góðgerlum, hvítlauk og Grape Seed Extract sem hefur góða áhrif á meltinguna og hjálpar til við að draga úr áhrifum og vexti candida svepps.

Candida albicans er svokallaður tækifærissveppur (sem er ákveðið form af geri) og er hann í litlum mæli í munni og þörmum til að aðstoða við meltingu. Hann er í raun eðlilegur hluti af hópi þeirra örvera sem lifa í meltingarveginum en ef þessi sveppur fær að vaxa óhindrað verður hann orsök fjölda óæskilegra einkenna eins og t.d. þreytu, liðverkja, loftmyndunar og þyngdaraukningar og löngun í sykruð matvæli og drykki eykst.

## Meltingartruflanir, sveppasýkingar eða þunglyndi?

Afar mikilvægt er að þarmaflóran okkar sé heilbrigð og í jafnvægi en það er stundum hægara sagt en gert því það er svo margt í nútímasamfélaginu sem hefur áhrif þar á og kemur á ójafnvægi í þörmunum. Þar ber helst að nefna sýklalyf, óreglulegan svefn, streitu, mikla kaffi- og áfengisneyslu og að sjálfsögðu neyslu sykurs og einfaldra kolvetna. Ef það verður ójafnvægi á þarmaflórunni og það dregur úr vexti heilbrigðra baktería myndast kjöraðstæður fyrir þær óæskilegu og er Candida-sveppurinn þá ofarlega á blaði. Ef hann fer að vaxa óhindrað veldur hann oft miklum usla og einkennin leyna sér ekki.

**Þau geta til dæmis verið:**

- Meltingartruflanir
- Uppþemba
- Óeðlilegar hægðir
- Húðvandamál
- Sveppasýkingar (sérstaklega hjá konum)
- Tímabundið ofnæmi
- Hugsanlegt þunglyndi

## Sveppur sem elskar sykur

Candida-sveppurinn elskar sykur og nærist og dafnar vel þegar svoleiðis er í boði. Hann ýtir því líka undir löngun í sætindi og eiga margir erfitt með að kljást við þann púka. Mikill ofvöxtur á Candida albicans getur valdið því að þarmaveggirnir veikjast og verða gegndræpir (leaky gut/gegndræpur ristill) og þá er ástandið orðið alvarlegt því þegar óæskileg efni ná að leka úr þörmunum út í líkamann valda þau sjúkdómum eins og til dæmis síþreytu, liðagigt, mígreni og fleiru sem getur verið mun alvarlegra.



Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsuráðgjafi hjá Artasan.

> **Það er vel hægt að ráða niðurlögum Candida-sveppsins og það fyrsta sem þarf að gera er að útiloka allan sykur úr fæðunni.**
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsuráðgjafi



„Í dag hefur gosið að mestu fokið og engin löngun er til staðar í slíkt lengur," segir Kolbrún Hildur.




## Góðir gerlar og breytt mataræði

Það er vel hægt að ráða niðurlögum Candida-sveppsins og það fyrsta sem þarf að gera er að útiloka allan sykur úr fæðunni. Það þýðir að við sleppum sælgæti, kökum, hveiti og áfengi. Einnig skal draga úr neyslu á korni, baunum, ávöxtum, brauði, pasta og kartöflum, en það mun hindra vöxt sveppsins og á endanum hjálpa til við að koma á jafnvægi. Einnig er mikilvægt að sleppa neyslu á gerjuðum matvælum eins og t.d. súrkáli því þó svo að það sé gott og örvi vöxt baktería í þarmaflórunni, þá örvar það líka óæskilegar bakteríur. Til þess að verið sé að vinna heilshugar að því að drepa gersveppinn og koma jafnvægi á þarmaflóruna er best að taka inn góða mjólkursýrugerla því það þarf að styðja við framleiðslu á góðum bakteríum á sama tíma og við drögum úr vexti þeirra „vondu".

## Bio-Kult Candéa er lausnin

Bio-Kult Candéa inniheldur öfluga blöndu af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grapefruit seed extract (GSE) sem hafa góð áhrif á meltinguna og hjálpa til við að drepa niður Candida albicans gersveppinn. Fyrir utan að innihalda 7 mismunandi gerlastrengi sem byggja upp vinveittu þarmaflóruna er þarna hvítlaukur sem er gríðarlega öflugur við að drepa niður gerjun og trufla virkni sveppsins og GSE sem er þykkni, gert úr kjörnum greipávaxta. GSE inniheldur efnasambönd sem eru afar virk gegn fjölmörgum tegundum baktería, veira og sveppa og hafa langvarandi sveppasýkingar (af völdum Candida albicans) verið meðhöndlaðar með þessu efni.

## Uppþemban hætti og sykurlöngun minnkað til muna!

Inntaka á Bio-Kult Candéa hefur reynst fjölmörgum afar vel og er Kolbrún Hildur Gunnarsdóttir ein þeirra:

„Í mörg ár fann ég fyrir óþægindum í maga. Ég upplifði það yfirleitt þegar líða tók á daginn að ég yrði sífellt uppblásnari um magann og sér í lagi efri hluta hans þannig að ég taldi líklegt að um óþol væri að ræða. Mér var bent á Bio Kult Candéa hylkin og ákvað að það sakaði ekki að prófa. Þegar ég hafði tekið staðfastlega 2 hylki daglega með stærstu máltíð dagsins í 2 mánuði fór ég að finna mun. Ég hafði í mörg ár verið afar hrifin af ákveðnum gosdrykk og hann varð hreinlega að vera til í ísskápnum. Eftir þessa tvo mánuði fór ég að finna minnkandi löngun í hann sem og aðra sykraða gosdrykki og hefur vatnsdrykkja aukist að sama skapi. Í dag hefur gosið að mestu fokið og engin löngun er til staðar í slíkt lengur. Ég hef einnig náð að halda mér í kjörþyngd og þakka ég það daglegri inntöku Bio-Kult Candéa sem fær að ferðast með mér allt sem ég fer og útblásni maginn gerir sjaldan vart við sig í dag ef ég gæti mín á salti og sykri."

> **Ég hef einnig náð að halda mér í kjörþyngd og þakka ég það daglegri inntöku Bio-Kult Candéa sem fær að ferðast með mér allt sem ég fer og útblásni maginn gerir sjaldan vart við sig í dag ef ég gæti mín á salti og sykri.**
>
> Kolbrún Hildur Gunnarsdóttir, 54 ára og 5 barna móðir

Bio-Kult Candéa er öruggt og hentar vel fyrir alla, einnig barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Pakkinn inniheldur 60 hylki og ef um fyrirbyggjandi meðferð er að ræða duga 2 hylki á dag (1 hylki tvisvar á dag). Ef Candida-sýkingin hefur þegar blossað upp þá er í lagi að taka 2 hylki tvisvar á dag.















Jóhanna Gísladóttir, formaður samtakanna, í Háskóla Íslands sem hefur gert stórátak í endurvinnslumálum. MYND/EYÞÓR

# Auðveldara en margan grunar

**Árvekniátakið Plastlaus september hefst í dag en átakið var fyrst haldið í september í fyrra. Markmiðið er að vekja athygli á því hversu auðvelt er að minnka plastnotkun.**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is

Átakið gekk svo vel í fyrra að við vorum staðráðnar í að hafa september líka plastlausan í ár," segir Jóhanna Gísladóttir, formaður samtakanna Plastlaus september. „Í fyrra kom upp hugmyndin að vera með markað þar sem fólk gæti nálgast plastlausar vörur og sameina opnunarhátíð átaksins en það náðist ekki þá og verður núna í staðinn." Markaðurinn verður í Tjarnarsal Ráðhússins milli 12 og 16 og þar kennir ýmissa grasa. „Umhverfisráðherra setur átakið og sendiherra ESB á Íslandi flytur ávarp. Þá verður erindi frá Landspítalanum sem er dæmi um vinnustað sem getur ekki án plasts verið en sem hefur markvisst dregið úr ónauðsynlegri plastnotkun og Farfuglar halda erindi um plastlausnir sínar. Á markaðinum verða ýmsir söluaðilar en einnig fræðslubásar, til dæmis frá Landvernd, Sorpu sem kynnir flokkun á plasti, Umhverfisstofnum mætir með plastkassann góða sem sýnir plastneyslu fjölskyldu á mánuði, leikskólinn Fífuborg í Grafarvogi kynnir Ellu endurvinnsludúkku sem kennir leikskólabörnum umhverfisvernd og svo verður bás frá pokastöðvunum á Íslandi þar sem verða saumaðir taupokar."

Tilgangur verkefnisins er að vekja fólk til umhugsunar um plastnotkun og þann plastúrgang sem fellur til dagsdaglega og leita leiða til að minnka plastnotkun. „Plastlaus september hvetur okkur til að taka eftir plastnotkun okkar og í framhaldinu að kaupa minna af einnota plasti. Við getum valið hvort við tökum þátt í einn dag, eina viku, heilan mánuð eða til frambúðar," segir Jóhanna sem viðurkennir að hafa ekki hugsað mikið út í plastið áður en Plastlaus september kom til sögunnar. „Ég er í doktorsnemi í umhverfis- og auðlindafræði og var auðvitað mikið að pæla í umhverfismálum eins og kolefnisfótsporinu, fjölnýtingu og að lágmarka rusl og eignasöfnun en ekkert sérstaklega í plastinu. Þegar mér var svo boðið að taka þátt í Plastlausum september í fyrra fór ég að pæla í hvað plastið skapar gríðarlegan og margþættan vanda í heiminum, þessi gríðarlega, einnota hraða neysla og hugsunarleysið sem henni fylgir í daglegu lífi. Það hefur verið mjög hvetjandi að kafa djúpt í þessi mál með svipað þenkjandi fólki og finna lausnir," segir hún og bætir við að áherslan sé á að vera á jákvæðum nótum. „Við viljum ekki vera svartsýn og skamma heldur leggja áherslu á hvað er ótrúlega auðvelt að breyta hlutum." Hún bendir enn fremur á nauðsyn þess að kynna vandamálin sem fylgja plastneyslu fyrir fólki og lausnirnar líka. „Fjölmiðlar hafa tekið vel við sér frá því í fyrra og fjalla um plasttengd málefni nánast vikulega. Á heimasíðunni okkar er listi yfir leiðir til að minnka plastnotkun og það skiptir allt máli, það þarf ekki allt eða ekkert," segir Jóhanna og bætir við: „Ég er formaður átaksins og ég er ekki alveg plastlaus en ég geri mitt besta. Ég held sem dæmi að ég hafi ekki tekið nema tvo plastpoka í matvöruverslun síðustu átján mánuði. Við Íslendingar notum 70 milljón plastpoka á ári sem þýðir að hver einstaklingur notar 282 poka. Þannig að mín fjölskylda er búin að spara fullt af pokum. Hver og einn getur fundið eitt eða fleiri atriði í lífinu þar sem hægt er að minnka plastnotkun. Kaupa bambustannbursta, muna eftir fjölnotapokanum þegar þú ferð út í búð og bara vera meðvituð um að koma minna plasti í umferð yfirhöfuð, þessu óþarfa einnota plasti sem við höfum ekkert við að gera. Endilega fylgið okkur á samfélagsmiðlum til að fá góðar hugmyndir og lausnir að minni plastnotkun. Það er fínt að plokka og safna í endurvinnslu en best að byrja á byrjuninni. "

> **Hver og einn getur fundið eitt eða fleiri atriði í lífinu þar sem hægt er að minnka plastnotkun.**
>
> Jóhanna Gísladóttir, formaður Plastlauss septembers

Hægt er að skrá sig í átakið á heimasíðunni plastlausseptember.is.

# Einstakar vörur fyrir ungbörn með kveisu

Gripe Water frá Mommys Bliss er algerlega einstök vara og söluhæsta varan í Bandaríkjunum í sínum flokki. Vörurnar eru 100% náttúrulegar og úr lífrænu hráefni.



Margir kannast við ungbarnakveisu en Mommys Bliss hefur nú framleitt lífræna jurtadropa til að hjálpa börnum með meltingatruflanir.

Mörg ungbörn kljást við kveisu og geta verið margar ástæður þar að baki. Gripe Water var hannað til að hjálpa. Gripe Water eru 100% náttúrulegir jurtadropar úr lífrænu hráefni en þeir eru notaðir til að lina meltingartruflanir hjá börnum sem lýsa sér sem kveisa, loft í þörmum, hiksti og eða óværð. Hér er um að ræða milda blöndu sem hefur verið vinsæl lengi og notuð með góðum árangri.

- Örugg, náttúruleg og virk
- Inniheldur lífrænt engifer og fennel
- Virkar hratt og vel, yfirleitt á nokkrum mínútum
- 100% vegan
- Þarf ekki að geyma í kæli




### Mommy's Bliss Constipation Ease

Mommy's Bliss Constipation Ease er einnig nýjung á Íslandi. Um er að ræða bragðgóða jurtadropa sem eru sérstaklega hannaðir til að vinna gegn hægðatregðu á mildan en áhrifaríkan hátt. Blandan inniheldur bæði jurtir og trefjar sem stuðla að eðlilegum hægðum og reglulegum þarmahreyfingum án aukaverkana. Í blöndunni eru fennel, túnfífill, magnesíum og trefjar sem saman vinna gegn hægðatregðu, uppþembu og öðrum óþægindum sem geta fylgt.

- Mild blanda fyrir börn frá 6 mánaða
- Ekkert alkóhól eða paraben
- Ekkert glúten, soja eða mjólk
- Engin gervi-, litar- eða bragðefni
- 100% vegan

Einfalt er að gefa dropana.

Mommy's Bliss fæst í apótekum og heilsuvörubúðum.

# Betri upptaka og virkni með KAL

KAL ActivMelt er ný bætiefnalína frá hinum þekkta framleiðanda KAL. Þetta eru bragðgóðar munnsogstöflur. KAL bætiefnalínan kemur frá Kaliforníu og á rætur að rekja til ársins 1932.

Vítamín og steinefni gegna mikilvægu hlutverki í allri líkamsstarfsemi. Sumir eiga mjög erfitt með að kyngja töflum eða hylkjum, til dæmis margt eldra fólk. Ösp Viðarsdóttir, næringarþerapisti hjá Heilsu, segir að upptaka líkamans á munnsogstöflum sé oft mun betri en í steyptum töflum eða hylkjum. „Munnsogstöflurnar henta því frábærlega fyrir fólk sem á erfitt með að nýta næringarefni af einhverjum ástæðum," segir hún.

### Góð form og áhrifaríkar blöndur

KAL býður nokkrar tegundir vítamína. Þar má nefna KAL B12 sem inniheldur tvenns konar form B12-vítamíns. Það eru methyl- og adenosylcobalamin. „Þessi blanda hentar vel öllum sem þurfa að taka inn B12 en þau styðja m.a. vel við efnaskiptin í líkamanum og orkuvinnslu," segir Ösp.

Frá KAL má einnig finna blöndu D3- og K2-vítamína. Þau vinna vel saman og eru til dæmis bæði mjög mikilvæg fyrir heilbrigði beina og æða. „Sífellt fleiri rannsóknir sýna fram á sterk tengsl milli K2 og D3 og hversu mikilvægt K2 er til að upptaka og nýting á kalki verði sem best. Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á nauðsyn K2 til að fyrirbyggja æðakölkun," útskýrir Ösp. „Með munnsogstöflunum fæst betri upptaka og meiri virkni," segir hún.



Ösp Viðarsdóttir næringarþerapisti.




> Munnsogstöflur henta því frábærlega fyrir fólk sem á erfitt með að nýta næringarefni af einhverjum ástæðum.

Kal ActivMelt fæst í verslunum Lyfju og í Heilsuhúsinu.




# Kúmenganga í Viðey á morgun

Björk Bjarnadóttir, umhverfis- og þjóðfræðingur, leiðir göngu um Viðey þar sem tínt verður kúmen. Hún fer yfir sögu kúmens, þurrkun, geymslu og lækningamátt þess.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Kúmenið er loksins fullþroska eftir kalt sumar. Þetta er villt kúmen sem Skúli Magnússon landfógeti kom sjálfur með út í Viðey upp úr miðri átjándu öldinni. Hann var mikill áhugamaður um ræktun,“ segir Björk Bjarnadóttir, sem ætlar að leiða kúmengönguna á morgun.

Hún hvetur fólk til að taka með sér skæri og gamalt koddaver eða taupoka en siglt verður út í Viðey frá Skarfabakka stundvíslega klukkan 13.15. „Það verður hist við bakkann og ég ætla að fara yfir sögu kúmensins, segja hvaða lækningamátt það er talið hafa, hvernig á að tína það, þurrka og loks geyma,“ upplýsir Björk og hvetur fólk til að klæða sig eftir veðri.

„Svo er tilvalið að taka með sér eitthvað heitt á brúsa og þjóðlegt nesti á borð við flatkökur með hangikjöti og kleinur,“ segir hún kankvís.

## Ræktun fór út um þúfur

Björk segir að Skúli fógeti hafi gert ýmsar tilraunir í ræktun úti í Viðey á sínum tíma, en þó með misjöfnum árangri. „Hann prófaði að rækta ýmiss konar káltegundir, kartöflur og einnig tóbak og það er hægt að finna tóbakslaut í Viðey,“ segir hún og bætir við að á 18. öld hafi erlendir bændur verið fengnir til landsins til að kenna Íslendingum að rækta grænmeti og vera sjálfbjarga í þeim efnum. „Það tókst þó ekki sérlega vel því Íslendingar voru önnum kafnir við sauðfjárrækt og höfðu engan tíma eða orku til að sinna grænmetisræktun, hvað þá að girða í kringum grænmetisgarða og sinna þeim vel. Þessi ræktun fór því út um þúfur. Hins vegar kunnu Íslendingar að tína fjallagrös og söl og gera sér mat úr þeim. Þeir tíndu skarfakál sem er mjög C-vítamínríkt og það vex líka í Viðey. Í raun eru Íslendingar enn að læra að umgangast grænmetisgarðana sína og hvernig á að ganga frá uppskerunni á haustin,“ segir Björk.

## Tilgátugarður til sýnis

Í Viðey má sjá hvernig garður Skúla gæti hafa litið út á sínum tíma. Þrír útskriftarnemar í skrúðgarðyrkju við Garðyrkjuskóla Landbúnaðarháskóla Íslands unnu að gerð matjurtagarðs í Viðey í vor í samvinnu við Borgarsögusafn Reykjavíkur en garðurinn er í anda matjurtagarðs Skúla fógeta. Björk segir bæði áhugavert og skemmtilegt að skoða garðinn. „Kúmenið kom fyrst til landsins á 17. öld en það var Vísi-Gísli sem pantaði sér kúmenfræ og prófaði að rækta það í Fljótshlíðinni.“

## Kúmenkaffi og kúmenmjólk

Kúmen þykir hollt og bragðast vel. Það er notað í margs konar í matargerð og er t.d. ómissandi í kringlur. „Kúmen er talið hafa lækningamátt og þykir t.d. gott við vindgangi og verkjum í meltingarvegi og það örvar matarlyst. Gott er að setja kúmen út í mat hjá börnum og fullorðnum sem þjást af lystarleysi. Kúmen er líka gott gegn kvefi og hósta. Best er að þurrka kúmen á þurru stykki, t.d. gömlu laki, á skuggsælum stað. Þegar það er orðið þurrt er gott að setja það í glerkrukku og geyma á skuggsælum stað. Ég set kúmen út í súrdeigsbrauð en það gefur mjög góðan keim. Kúmen má setja út í kaffi til bragðbætis og einnig setja út í mjólk og sjóða. Þingeyingar suðu mjólk með kúmeni í, sigtuðu það frá og settu mjólkina út í laufabrauðsdeig. Þannig fengu þeir kúmenbragð af laufabrauði án þess að það kæmi niður á útskurðinum,“ segir Björk en hún hefur mikinn áhuga á fornri þekkingu og ekki síst náttúrunni.

Björk er með eigin ræktun, ásamt Tómasi Ponzi sambýlismanni sínum, að Brennholti í Mosfellsdal. „Við erum með lífræna ræktun á 22 tegundum af salati og mjög sérstökum tómötum, svokölluðum ættardjásnum, og kuldaþolnum tómötum sem geta vaxið í óupphituðum gróðurhúsum. Það hefði verið mjög gaman að geta boðið Skúla fógeta að kíkja á ræktunina hjá okkur,“ segir Björk brosandi að lokum.



Björk (t.v.) með vinkonu sinni, Elínu Edwald. Hún segir að Skúli fógeti hafi gert ýmsar tilraunir í ræktun úti í Viðey á sínum tíma, en þó með misjöfnum árangri. Hann prófaði að rækta ýmiss konar káltegundir, kartöflur og tóbak.



Mikill áhugi er á að tína villt kúmen úti í Viðey.




MARKAÐURINN
Viðskiptafréttir
sem skipta máli
Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum

## STARFSMAÐUR Í LYFJASKÖMMTUN

Starfsmaður í lyfjaskömmtun óskast í tímabundið starf á Hjúkrunarheimilinu Grund.



**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Góðir samskiptahæfileikar og jákvæðni.
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Stundvísi og skipulagshæfni.
- Reynsla af störfum í lyfjaskömmtun æskileg.

Trúnaður, traust og umhyggja er höfð að leiðarljósi í samskiptum og lögð er áhersla á góðan vinnuanda, sjálfstæð vinnubrögð og heimilislegt umhverfi.

Um 100% tímabundið starf er að ræða.

Umsóknarfrestur til og með 10. september 2018

Nánari upplýsingar um starfið veitir Andri Jónasson, lyfjafræðingur á: Andri@grund.is eða í síma 822-5027.

Við hlökkum til að heyra frá þér.

GRUND

*Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.*



Hagstofa Íslands

Borgartúni 21a · 105 Reykjavík
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099
www.hagstofa.is

# Hagstofa Íslands

**Hagstofa Íslands óskar eftir því að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann til starfa.**

## Gæðastjóri

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða drífandi sérfræðing til að leiða gæðastarf stofnunarinnar. Framundan er að samþætta gæðakerfi stofnunarinnar við vottað ISO 27001 öryggiskerfi hennar og leiða áframhaldandi ferlavinnu og umbætur.
Gæðastjóri er fremsti sérfræðingur Hagstofunnar á sviði gæðamála. Sem slíkur veitir hann stjórnendum ráðgjöf um gæðamál, sér um innri og ytri úttektir og er fulltrúi stofnunarinnar í samstarfi á alþjóðavettvangi. Gæðastjóri mun einnig halda utan um persónuverndarmál Hagstofunnar og mun hljóta þjálfun í því.

**HÆFNISKRÖFUR**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl starfsreynsla af gæðastarfi
- Mikil fagleg þekking á gæðastarfi og aðferðum gæðastjórnunar
- Reynsla af innleiðingu gæðastaðla er kostur
- Reynsla af stjórnun umfangsmikilla verkefna er kostur
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Þekking á persónuverndarlöggjöf er kostur
- Afbragðs geta til að tjá sig í ræðu og riti á bæði ensku og íslensku
- Frumkvæði til verka og umbótasinnað hugarfar
- Góð samskiptafærni
- Góð skipulagsfærni og nákvæm vinnubrögð

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.
**Umsóknarfrestur er til og með 17. september 2018** og skulu umsóknir berast í pósti á: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Hauksdóttir í síma 528 1000.**



NORÐURÁL

# Yfirverkfræðingur rafveitu

Norðurál óskar eftir að ráða yfirverkfræðing rafveitu, starfið heyrir undir framkvæmdastjóra viðhaldssviðs. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi verkefni fyrir einstakling sem hefur frumkvæði og metnað í starfi og býr yfir ríkri öryggisvitund.

**Helstu verkefni:**

- Tryggja rekstur rafveitu með öryggi, skilvirkni og hagkvæmni að leiðarljósi
- Skipulagning og samhæfing vinnu í rafveitu
- Innleiðing verkefna og verklags
- Innkaup á raforku
- Umsjón með dreifikerfi rafveitu
- Skýrslu- og áætlanagerð
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**

- Rafmagnsverkfræði/tæknifræði (sterkstraumssvið)
- A-löggilding til rafvirkjunarstarfa
- Reynsla af störfum sem lúta að hönnun og/eða uppsetningu háspennuvirkja er kostur
- Rík öryggisvitund
- Leiðtogahæfni og frumkvæði
- Öguð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi

**Umsóknarfrestur er til og með 9. september nk.** Sækja skal um starfið á vef Capacent, www.capacent.is. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

**Norðurál** á Grundartanga er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Norðurál vill stuðla að jöfnu hlutfalli karla og kvenna innan fyrirtækisins og jöfnum tækifærum til starfsþróunar.



# Við mönnum stöðuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

# Vantar þig aukatekjur?

NUMERUS

**Um starfið:**

Numerus óskar eftir að ráða spyrla til starfa í tímabundið verkefni. Starfið felst í að hafa samband símleiðis við almenning og bjóða þeim að vera þátttakendur í spurningavagni Numerus. Unnið er að jafnaði tvö kvöld í viku.
Góðir tekjumöguleikar. Hentar vel með námi.

**Hæfniskröfur:**

- Jákvæðni, samviskusemi, stundvísi, kurteisi og góð færni í mannlegum samskiptum.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- 18 ára aldurstakmark.

VINNUSTAÐAGREININGAR
SPURNINGAVAGNAR
SKOÐANAKANNANIR

**Hvað er Numerus?**

Numerus var stofnað árið 2018. Við könnum skoðanir fólksins í landinu. Við spyrjum, greinum og kynnum niðurstöður. Fagmennska og trúverðugleiki eru einkennisorð okkar.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á
Jóhönnu Margrét Sigurðardóttur á netfangið johanna@numerus.is

# VILT ÞÚ VERÐA HLUTI **AF GÓÐU FERÐALAGI?**




## NEMAR Í FLUGFJARSKIPTUM

Isavia óskar eftir að ráða nýnema í flugfjarskiptum. Námið hefst um miðjan október n.k. og eru áætluð námslok í maí 2019. Námið er tvíþætt: Bóklegur hluti í 12 vikur og fer fram á dagvinnutíma, seinni hlutinn er starfsþjálfun í 16–20 vikur í flugfjarskiptadeild í Gufunesi. Nemendur eru á launum á námstímanum og þeim sem standast lokapróf verður boðið starf flugfjarskiptamanns. Um vaktavinnu er að ræða.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hallgrímur Sigurðsson í síma 892 6265 eða í netfanginu **hallgrimur.sigurdsson@isavia.is**.

**Hæfniskröfur**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Tölvukunnátta og góður skrifhraði á tölvur
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Umsækjendur þurfa að standast heyrnar-, vélritunar- og lesblindupróf

Sif er flugumferðarstjóri í flugturninum á Keflavíkurflugvelli. Hún er hluti af góðu ferðalagi.

Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.

STARFSSTÖÐ: **REYKJAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR: **16. SEPTEMBER**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia



## Vilt þú taka þátt í að gera Nestisstöð N1 á Sauðárkróki að enn betri veitingastað?

**N1 leitar að kraftmiklum og drífandi verslunarstjóra til að stýra þjónustustöð og veitingastað félagsins á Sauðárkróki.**

**Helstu verkefni**

- Daglegur rekstur þjónustustöðvarinnar
- Yfirumsjón með veitingasölu
- Verkstjórn
- Starfsmannastjórnun
- Innkaup og samskipti við birgja
- Birgðarstýring og kostnaðareftirlit
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

**Hæfniskröfur**

- Menntun á sviði verslunarstjórnunar eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á sviði verslunar-, þjónustu- og veitingareksturs
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og árangursdrifni
- Samskiptafærni og jákvætt viðhorf
- Leiðtogahæfileikar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Páll Örn Líndal rekstrarstjóri þjónustustöðva í síma **440 1022** eða **pallorn@n1.is**

Áhugasamir sæki um á **www.n1.is** – merkt verslunarstjóri Sauðárkrókur, ferilskrá og kynningarbréf fylgi með umsókn. Umsóknarfrestur til og með **16. september** nk.

Við hvetjum bæði kyn til að sækja um auglýst störf hjá fyrirtækinu.

Framúrskarandi fyrirtæki

N1




Íslandsbanki

# Sérfræðingur hjá Fyrirtækjaráðgjöf

**Vegna mikilla umsvifa leitum við að kraftmiklum liðsmanni í samhentan hóp Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka.**

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hefur gegnt leiðandi hlutverki við mótun og uppbyggingu íslensks fjármálamarkaðar undanfarin ár. Deildin veitir ráðgjöf við kaup og sölu fyrirtækja, skráningu fyrirtækja á markað, skuldabréfa- og hlutafjárútboð og yfirtökutilboð á félögum. Fyrirtækjaráðgjöf vinnur náið með lykilstjórnendum fyrirtækja og eru flest stærstu fyrirtæki landsins í viðskiptavinahópi deildarinnar.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Verðmat og greining á fyrirtækjum
- Gerð kynningargagna
- Kynning og rökstuðningur greiningarefnis
- Samskipti við viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Próf í verðbréfaviðskiptum æskilegt
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði er kostur en ekki skilyrði
- Þekking á reikningshaldi og gerð verðmata er kostur
- Færni í notkun Excel og PowerPoint
- Áhugi á fjármálamarkaði, sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og kraftur

**Umsóknir óskast fylltar út á islandsbanki.is/storf.**
**Umsóknarfrestur er til og með 10. september.**

Nánari upplýsingar veitir:
Sigrún Ólafsdóttir, ráðningarstjóri: 844 4172 — sigrun.olafs@islandsbanki.is

STUÐLAR
MEÐFERÐARSTÖÐ FYRIR UNGLINGA

Fossaleynir 17
(Grafarvogi),
112 Reykjavík
www.studlar.is

## Tvær stöður sálfræðinga við meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga að Stuðlum eru lausar til umsóknar

Lausar eru til umsóknar tvær stöður sálfræðinga á Stuðlum. Starfshlutfall er 100%. Stuðlar starfa á grundvelli barnaverndarlaga og reglugerðar um Meðferðarstöð ríkisins. Stuðlar sinna unglingum á aldrinum 12-18 ára með hegðunarerfiðleika, þ.m.t. vímuefnavanda.

**Starfssvið**
***Meðal verkefna sálfræðings er:***
- Greining og meðferð unglinga og vinna með fjölskyldum þeirra.
- Gerð og framkvæmd meðferðaráætlana.
- Ráðgjöf og stuðningur við barnaverndarnefndir, skóla sem og samvinna við ýmsar aðrar stofnanir.
- Ráðgjöf og handleiðsla við starfsfólk Stuðla sem og við aðrar meðferðarstofnanir.
- Þátttaka í almennri stefnumótun.
- Þátttaka í ART (agression replacement training) og notkun áhugahvetjandi samtals (motivational interviewing).

**Persónulegir eiginleikar**
- Lögð er áhersla á persónulega eiginleika, svo sem góða samstarfshæfni og jákvæð viðhorf til skjólstæðinga.

**Hæfnikröfur:**
- Réttindi til að starfa sem sálfræðingur.
- Þekking og reynsla á meðferð og greiningu unglinga er æskileg.
- Þekking og færni í hugrænni atferlismeðferð, fjölskyldumeðferð, atferlismótun og félagsnámskenningum.
- Frumkvæði í starfi og skipulagshæfileikar.
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og í teymi.

Nánari upplýsingar veitir Funi Sigurðsson, forstöðumaður Stuðla í síma 530-8800 eða á netfanginu funi@bvs.is.

Við úrvinnslu umsókna gildir mat forstöðumanns Stuðla á hæfni og eiginleikum umsækjanda.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins við Sálfræðingafélag Íslands. Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is. **Umsóknarfrestur er til og með 17. september 2018** og þarf umsækjandi helst að geta hafið störf sem fyrst.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Auglýsingin gildir í 6 mánuði frá birtingu.

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing




FAST Ráðningar
lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is

# Deildarstjóri Radíódeildar

Laust er til umsóknar spennandi og krefjandi deildarstjórastarf yfir Radíódeild Vodafone. Deildin gegnir lykilhlutverki í rekstri fyrirtækisins og ber deildarstjórinn ábyrgð á hönnun og rekstri farsíma-, sjónvarps- og útvarpskerfa, ásamt stoðkerfum þeirra. Viðkomandi mun stýra teymi sérfræðinga og krefst starfið góðra hæfileika og reynslu af stjórnun tæknimanna í krefjandi og hröðu umhverfi.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólmenntun sem nýtist í starfi eða menntun í tæknifræði, rafeindavirkjun eða öðru sambærilegu.
- Árangursrík reynsla úr tæknilegu stjórnendastarfi er mikill kostur.
- Framúrskarandi leiðtogahæfileikar og frábær samskiptafærni.
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og ögun í vinnubrögðum.
- Geta til að vinna í álagsdrifnu starfi þar sem verkefnin er mörg og mismunandi.

**Umsóknarfrestur er til og með 9. september nk.**
**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á radningar.syn.is**

sýn | vodafone | vísir | SPORT | BYLGJAN 989 | FM957 | X

Almannarómur er sjálfseignarstofnun um eflingu máltæknilausna fyrir íslensku og vinnur að því að tryggja að íslenskan standi jafnfætis öðrum tungumálum í tækniheiminum. Almannarómur rekur miðstöð um máltækni samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem byggður er á verkáætlun um máltækni 2018-2022.

# Framkvæmdastjóri Almannaróms – Miðstöðvar um máltækni

Stjórn Almannaróms – Miðstöðvar um máltækni auglýsir eftir framkvæmdastjóra. Leitað er að drífandi eldhuga sem brennur fyrir framþróun og viðgangi íslenskunnar í heimi tækninnar. Um fjölbreytt og spennandi verkefni er að ræða, studd af stjórnvöldum, háskólum og öðrum haghöfum.

Framkvæmdastjóri Almannaróms verður talsmaður íslenskrar máltækni og ber ábyrgð á að hrinda máltækniáætlun í framkvæmd, þ.e. áætlun um máltækni fyrir íslensku 2018-2022, sem er fjármögnuð með árlegu framlagi af fjárlögum.

Framkvæmdastjóri ber fjölþætta ábyrgð á starfi Almannaróms, meðal annars alþjóðlegu samstarfi og þekkingaröflun, klasamyndun um máltækni og samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknarhópa, sprotafyrirtæki, stærri fyrirtæki og opinberar stofnanir.

Mikilvægt er að framkvæmdastjóri búi yfir samskipta- og skipulagshæfni. Reynsla af opinberum útboðum og alþjóðlegum samskiptum er kostur. Áhugi og skilningur á samhengi þróunar íslensku og tækni er skilyrði.

**Upplýsingar veitir:**
**Sverrir Briem**
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 11. september nk.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



# Sérfræðingur í útboðum og samningagerð

Innkaup og rekstrarþjónusta OR óskar eftir lögfræðingi til starfa við útboðs- og samningamál. Um er að ræða krefjandi og fjölbreytt starf í góðu starfsumhverfi.

Innkaup og rekstrarþjónusta starfar sem þjónustueining á sviði innkaupa fyrir dótturfélög samstæðunnar. Helstu viðfangsefni eru útboð, samningagerð, rekstur samninga og innkaup á vörum og þjónustu.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Framkvæmd og úrvinnsla útboða
- Yfirlestur og aðstoð við gerð útboðsgagna
- Gerð og rekstur innkaupa- og verksamninga
- Þjónusta og ráðgjöf við innri viðskiptavini á sviði innkaupamála

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Rík þjónustulund og samskiptafærni
- Háskólamenntun á sviði lögfræði
- Reynsla af samningagerð
- Gott vald á íslensku og ensku
- Frumkvæði og lausnamiðun hugsun

**Við hvetjum jafnt karla sem konur til að sækja um.**

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðssérfræðingur, starf@or.is.
Sótt er um á ráðningavef OR, **starf.or.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 6. september 2018**

OR Orkuveita Reykjavíkur JAFNRÉTTISRÁÐ JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021

**Orkuveita Reykjavíkur** • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími • Tel. +354 516 6100 • **www.or.is**




## HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ STARFA VIÐ RANNSÓKN Á HEIMSVÍSU?

Auglýst er eftir hjúkrunarfræðingi (study nurse/study coordinator) í fullt starf í tengslum við vísindarannsóknina Blóðskimun til bjargar. Markmið hennar er að rannsaka árangur skimunar fyrir góðkynja einstofna mótefnahækkun (MGUS) sem er forstig mergæxlis. Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands, Landspítala, Krabbameinsfélag Íslands, Binding Site í Bretlandi og Memorial Sloan Kettering krabbameinsmiðstöðina í New York. Skimað er fyrir forstigi mergæxlis með blóðprufu og þeim einstaklingum sem greinast með forstig mergæxlis fylgt eftir í slembdri klínískri tilraun (randomized clinical trial (RCT)) til þess að meta ávinning af skimunarrannsóknum.

### Helstu verkefni:

Hjúkrunarfræðingurinn mun tilheyra rannsóknarteymi verkefnisins. Í verkahring hans verður, meðal annars móttaka þátttakenda sem greinst hafa með forstig mergæxla.

### Önnur helstu verkefni eru:

- Innköllun þátttakenda
- Viðtöl og sýnatökur skv. nákvæmum verkferlum
- Meðferð, flokkun og skráning sýna
- Gagnaskráning
- Þátttaka í þróun verkferla

### Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- BS próf í hjúkrunarfræði
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Reynsla af vinnu við vísindaverkefni er æskileg
- Reynsla af því að vinna í teymi
- Sjálfstæð, skipulögð og lausnamiðuð vinnubrögð
- Þekking á good clinical practice (GCP) er æskileg
- Framúrskarandi samskiptahæfni, nákvæmni og útsjónarsemi
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í ræðu og riti
- Gott vald á upplýsingatækni og hæfni til að tileinka sér nýjungar á því sviði

Hægt er að sækja um og fá allar nánari upplýsingar á heimasíðu HÍ: **http://www.hi.is/laus_storf**

**Umsóknarfrestur er til og með 10. september 2018**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Starf sérfræðings á skrifstofu menningarmála

Auglýst er laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu menningarmála á sviði lista- og safnamála auk málefna menningararfs í mennta- og menningarmálaráðuneyti.
Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is

**Umsóknarfrestur er til og með 1. október 2018**

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Starf lögfræðings á skrifstofu laga og stjórnsýslu

Auglýst er laust til umsóknar starf lögfræðings á skrifstofu laga og stjórnsýslu í mennta- og menningarmálaráðuneyti. Um er að ræða fullt starf í eitt ár vegna afleysinga.
Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is

**Umsóknarfrestur er til og með 1. október 2018**

# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

FJARÐARSKEL

## ATVINNUTÆKIFÆRI - HVALFJÖRÐUR

### Til sölu kræklingarækt og vinnubátar

**Um er að ræða:**

1. Uppsett svæði til kræklingaræktunar í Hvalfirði - búið að setja út línur.
   Vilyrði fyrir ostruurækt í firðinum.
2. Áltvíbytnu, 10 mtr á lengd og 4,5 á breidd búin tveimur Cummins vélum, jet drifi og nýjum krana.
   Báturinn er mjög stöðugur og með gott dekkpláss.
3. Polar Cirkel vinnu-plastbátur með 60 ha Yamaha mótor, með púlti og stýri.
   Ber mikið og er úr svörtu plasti sem þolir mikið slark

Mjög gott verð.
Tækifæri fyrir duglegan einstakling/einstaklinga.

**Nánari upplýsingar hjá fjardarskel@gmail.com**

# PENNINN ÓSKAR EFTIR LAUNAFULLTRÚA & GJALDKERA

### Starfssvið:

- Launavinnsla, þ.m.t. útreikningur og greiðsla launa og skil á launatengdum gjöldum.
- Upplýsingagjöf og samskipti við starfsfólk vegna launa- og kjaratengdra mála.
- Umsjón með tímaskráningarkerfi.
- Aðstoð og upplýsingagjöf til stjórnenda.
- Skýrslugerð til stjórnenda.
- Greiðsla innlendra og erlendra reikninga.
- Önnur tilfallandi verkefni.

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af launavinnslu og færslu bókhalds.
- Þekking á tímaskráningarkerfi.
- Þekking á kjarasamningum og réttindum.
- Góð tölvukunnátta, þekking á Navision er kostur
- Frumkvæði í starfi, nákvæmni og öguð vinnubrögð skilyrði.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Um 100% starfshlutfall er að ræða og er mikilvægt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir vinsamlegast sækið um starfið á heimasíðu Pennans Eymundsson: https://www.penninn.is/is/laus-storf

Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Framúrskarandi fyrirtæki

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is












www.skra.is
www.island.is

# Sérfræðingar í fasteignaskráningu og fasteignamati

Þjóðskrá Íslands leitar eftir að ráða sérfræðinga til starfa við fasteignaskráningu og fasteignamat á Fasteignaskrársviði.

Við leitum að snjöllum starfsmönnum annars vegar í teymi sem vinnur við skráningu mannvirkja og eignaskiptayfirlýsinga og hins vegar í teymi fasteignamatsútreikninga. Starfsemin krefst daglegra samskipta við fasteignaeigendur og sveitarfélög og lögð er mikil áhersla á lipra og ábyrga þjónustu.

**Hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði byggingarmála, fasteignasölu eða sambærilegu sviði er skilyrði
- Reynsla af matsstörfum á byggingar- eða fasteignasviði er kostur
- Reynsla af útreikningi byggingarkostnaðar er kostur
- Réttindi í gerð eignaskiptayfirlýsinga er kostur
- Góðir skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði

**Umsóknarfrestur er til og með 17. september 2018**. Umsóknum skulu fylgja starfsferilskrár og kynningarbréf. Umsóknir óskast sendar á netfangið starfsumsoknir@skra.is.

Um er að ræða fullt starf og laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert og stofnanasamningum.

Athygli er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Nánari upplýsingar veitir Guðjón Steinsson, deildarstjóri mats- og hagdeildar í gegnum netfangið gs@skra.is**

*Við kunnum vel að meta frumkvæði, nákvæmni og hraða í vinnubrögðum.*
*Við nýtum aðferðir straumlínustjórnunar til að verða betri í dag enn í gær.*

Hlutverk Þjóðskrár Íslands er að greiða götu fólks og fyrirtækja í samfélaginu og gæta upplýsinga um réttindi þeirra og eignir. Við sinnum því með því að safna, varðveita og miðla upplýsingum um fólk, mannvirki og landeignir. Innan starfssviðs Þjóðskrár er rekstur fasteignaskrár og þjóðskrár, útgefið fasteignamat og brunabótamat, rekstur island.is og umsjón með útgáfu vegabréfa.

Við leggjum ríka áherslu á jákvæð samskipti og góða samvinnu sem er undirstaða góðrar þjónustu. Við teljum eftirsóknarvert að fá til liðs við okkur þá sem vilja starfa í anda gilda okkar um virðingu, sköpunargleði og áreiðanleika. Við höfum metnað til að hlúa að vinnustað okkar og leggjum áherslu á fjölskylduvænt starfsumhverfi með sveigjanleika fyrir starfsmenn. Þjóðskrá Íslands tekur nú þátt í tilraunarverkefni um styttingu vinnuvikunnar.

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

---

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# VEFSTJÓRI

## VILTU STÝRA EINNI STÆRSTU VEFVERSLUN LANDSINS?



**Húsasmiðjan auglýsir eftir framúrskarandi einstaklingi í starf vefstjóra. Vefverslun Húsasmiðjunnar hefur verið tilnefnd af SVEF sem vefverslun ársins tvö ár í röð, 2016 og 2017.**

Starf vefstjóra er fjölbreytt, spennandi og krefjandi. Vefstjóri ber ábyrgð á rekstri og þróun á vefsíðum og vefverslun Húsasmiðjunnar, Blómavals og Ískrafts. Auk þess kemur vefstjóri mikið að stafrænni markaðssetningu t.d. á samfélagsmiðlum. Vefstjóri starfar í markaðsdeild og heyrir undir markaðsstjóra.

### Starfssvið

- Stýring, þróun og viðhald á vefsíðum Húsasmiðjunnar, Blómavals og Ískrafts.
- Dagleg umsjón, efnisinnsetning, ritstýring og uppfærsla á vefsvæðum fyrirtækisins.
- Umsjón með vefverslun husa.is, blomaval.is og iskraft.is ásamt þjónustuvef fyrirtækisins.
- Vinnsla myndefnis og yfirumsjón með viðhaldi á vöruskrá á vef í samstarfi við vörusvið.
- Markaðssetning á samfélagsmiðlum ásamt starfsfólki markaðsdeildar.
- Önnur tilfallandi verkefni er tengjast vefmálum, s.s. leitarvélabestun, greining á gögnum o.fl.

### Hæfniskröfur:

- Reynsla í vefumsjón og verkstjórn eða sambærilegu starfi.
- Gott vald á íslensku og hæfni til að skrifa texta.
- Nákvæmni, agi og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af vinnu með vefumsjónarkerfi (open source kerfi t.d. Umbraco) er kostur.
- Grunnþekking á HTML (5), CSS og Javascript er kostur.
- Þekking á stafrænni markaðssetningu.
- Þekking á myndvinnslu t.d. Photoshop, Indesign eða Illustrator er kostur.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Magnús Magnússon, markaðsstjóri Húsasmiðjunnar, **magnusm@husa.is.**

**Umsóknarfrestur:**
**9. september.**
**Sótt er um á:**
**www.husa.is/laus-storf**

**Ein besta vefverslun landsins tvö ár í röð!**

TILNEFND SEM
VEFVERSLUN
ÁRSINS
2016 OG 2017

**Byggjum á betra verði**

HAGNÝTT STARFSNÁM HJÁ ÍSLANDSSTOFU

# HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á FERÐAÞJÓNUSTU?

### Helstu verkefni og ábyrgð

Markmið starfsnámsins er að gefa ungu fólki færi á að afla sér reynslu og þekkingar á ferðamálum og að kynnast því fjölbreytta starfi sem unnið er á sviði ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu.

Starfshlutfall er 40%. Ráðningartímabil er frá 1. nóvember 2018 út maí 2019.

### Hæfniskröfur

- Umsækjandi skal vera í háskólanámi sem tengist störfum Íslandsstofu á sviði ferðaþjónustu og skapandi greina
- Þekking á Íslandi og ferðaþjónustu
- Áhugi á fjölmiðlum, almannatengslum eða alþjóðlegri markaðssetningu
- Góð kunnátta í ensku og íslensku - önnur tungumálakunnátta æskileg
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð

### Upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Karen Möller Sívertsen, verkefnisstjóri, ferðaþjónustu og skapandi greina, karen@islandsstofa.is

Umsóknum skal skilað á **starfsnam.islandsstofa.is** fyrir 17. september 2018.

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

---

GUNNARS 1960

## Bílstjóri/lagerstarfsmaður

Óskum eftir duglegum og samviskusömum bílstjóra/lagerstarfsmanni í fulla vinnu. Vinnutími frá kl 8-16 alla virka daga.
Stundvísi og góð íslenskukunnátta skilyrði.
Þarf að geta hafið störf mjög fljótlega.

**Umsókn og ferilsskrá sendist á henry@gunnars.is**

---



## Alltaf gott veður á Akureyri!

**Fjölbreytt og spennandi störf í boði hjá Akureyrarbæ**

Akureyrarbær er menningar- og skólabær sem iðar af mannlífi, allan ársins hring.

**Kynntu þér málið!**

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, **www.akureyri.is**

Akureyrarbær

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

---

# Skoðunarmaður óskast

## Óskum eftir að ráða starfsmann til að skoða hífi- og fallvarnarbúnað

### Starfslýsing

- Leitum að starfskrafti til að sjá um vettvangs skoðanir og samsetningar á hífi- og fallvarnarbúnaði
- Leitum að starfskrafti sem er tilbúinn að afla sér menntunar og réttinda til að framkvæma slíkar skoðanir og útgáfu vottorða
- Starfið felst m.a. í að setja saman nýjan hífibúnað sem og skoðanir og viðgerðir á notuðum búnaði
- Utanumhald um skoðunarskýrslur
- Almenn lagerstörf

### Hæfniskröfur

- Reynsla af notkun á hífi- og fallvarnarbúnaði er kostur
- Góð ensku kunnátta, bæði í ritun og tali. Réttindakennsla og námskeið fara fram á ensku.
- Reynsla og þekking á notkun Office hugbúnaðar
- Iðnmenntun er kostur
- Lyftarapróf og vélaréttindi æskileg

**Umsóknarfrestur er til og með 14. september.**
**Fyrirspurnir og umsóknir skal senda á netfangið hjortur@isfell.is**

Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell.is

ÍSFELL

---

BLIKKSMIÐURINN
ÞEKKING - FÆRNI - ÞJÓNUSTA

## Blikksmiðurinn hf óskar eftir starfsfólki.

Starfsvettvangur okkar er aðallega á sviði nýrra loftræstikerfa og þjónustuverkefna, auk allra almennra blikksmíðaverkefna.

Okkur vantar bæði blikksmiði og rafvirkja auk aðstoðarmanna, helst með reynslu, til starfa á þessum vettvangi.

Í boði er góð vinnuaðstaða og mikil vinna framundan.

**Vegna mikilla fyrirliggjandi verkefna, vantar okkur eftirfarandi starfsfólk:**

1. **Blikksmiði**, umsækjendum er bent á að hafa samband við verkstjóra í síma 577 - 2731
2. **Rafvirkja**, í tilfallandi tengivinnu við loftræsingar og tilheyrandi. umsækjendum er bent á að hafa samband við verkefnastjóra rafvirkjadeildar í síma 848 - 3352
3. **Starfsfólk í þjónustudeild**, umsækjendum er bent á að hafa samband við verkefnastjóra þjónustudeildar í síma 897-4749
4. **Aðstoðarmenn**, umsækjendum er bent á að hafa samband við verkstjóra í síma 577 - 2731

---



## Rafholt óskar eftir rafvirkjum til starfa

Vegna góðrar verkefnastöðu þurfum við að bæta í hóp starfsmanna. Við leitum að öflugum einstaklingum sem treysta sér til að gera það sem þarf til þess að ná frábærum árangri í krefjandi umhverfi. Rafholt er samhent fyrirtæki sem tileinkar sér stundvísi og samviskusemi. Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um en eitt af stefnumálum fyrirtækisins er að auka hlutfall kvenna í greininni.

### Þjónustudeild

Auglýsum eftir vönum rafvirkjum til starfa við þjónustudeild fyrirtækisins. Viðkomandi þurfa að vera sjálfstæðir, þjónustuliprir og hafa áhuga á því að tileinka sér nýjungar.

Rafholt sinnir þjónustu fyrir fyrirtæki og stofnanir. Má þar helst nefna Mílu, Vodafone, Nova, Símann, Neyðarlínuna, Björgunarmiðstöðina í Skógarhlíð, Verne Global, Ölgerðina, Eik Fasteignafélag, Húsasmiðjuna, Héðinn, Nathan & Olsen, Hörpu Tónlistarhús, Reginn, FLE, Smáralind, Advania o.fl.

### Almenn rafvirkjastörf

Auglýsum eftir vönum rafvirkjum, nemum og aðstoðarmönnum í fjölbreytt verkefni á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Viðkomandi þarf að vera vanur að vinna í teymi. Reynsla af sambærilegum störfum er kostur en alls ekki skilyrði.

Umsóknir ásamt ferilsskrá skal senda á **starf@rafholt.is**

Rafholt er framsækið fyrirtæki sem starfar jafnt á útboðsmarkaði og í þjónustu við fyrirtæki og stofnanir. Fyrirtækið er eitt stærsta sinnar tegundar á sviði rafverktöku á Íslandi.

Helstu verkefni eru almennar raflagnir, tölvu- og ljósleiðaralagnir, töflu- og stjórnskápasmíði og loftneta þjónusta.

Rafholt ehf. leggur áherslu á að ráða kraftmikla og metnaðarfulla einstaklinga sem hafa áhuga á að sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnu.

Fagleg vinnubrögð og framúrskarandi árangur eru leiðarljós fyrirtækisins. Öflugt starfsmannafélag er starfrækt hjá fyrirtækinu og er aðstaða starfsmanna öll hin glæsilegasta.

Rafholt ehf. er á lista Creditinfo yfir framúrskarandi fyrirtæki á Íslandi árið 2017 fimmta árið í röð.

Framúrskarandi fyrirtæki

RAFHOLT

Rafholt ehf. | Smiðjuvegur 8 | 200 Kópavogur | 517 7600 | www.rafholt.is

---

emmessís

## VILTU KOMA Í RJÓMAÍSINN?

Emmessís ehf leitar að kraftmiklum, metnaðarfullum og jákvæðum starfsmanni í sölu og dreifingu.

Helstu verkefni eru sala, þjónusta, dreifing og samskipti við viðskiptavini.

Kostur væri ef viðkomandi hefði reynslu af sambærilegu starfi og meirapróf er skilyrði. Um framtíðarstarf er að ræða.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á **starf@emmessis.is** eigi síðar en föstudaginn **14. september 2018.**

## Starfsmaður óskast til afgreiðslustarfa í Árbæjarapótek

Um er að ræða fullt starf frá kl. 9-18 virka daga.
Reynsla æskileg.
Umsækjendur hafi samband í síma 567-4200 (Kristján) eða með tölvupósti í arbapotek@internet.is

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Hofsstaðaskóli**
- Leiðbeinandi á tómstundaheimili

**Leikskólinn Bæjarból**
- Deildarstjóri

**Fjölskyldusvið**
- Forstöðumaður á heimili fatlaðs fólks
- Starfsfólk á heimili ungrar fatlaðrar konu

**Krókamýri - heimili fyrir fatlað fólk**
- Starfsmaður

**Móaflöt- skammtímavistun fyrir fötluð börn**
- Starfsmaður í morgunaðstoð frá kl. 06:30-10:30

**Ægisgrund- heimili fyrir fatlað fólk**
- Starfsmaður - 30% starfshlutfall

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS



# Öryggis- umhverfis- og gæðastjóri hjá PCC

**PCC BakkiSilicon er búið bestu og reyndustu tækni sem fáanleg er í dag.**
**Hjá okkur starfa um 110 manns með ýmiss konar bakgrunn og menntun.**
**Unnið er eftir jafnréttisáætlun. Við hvetjum því konur jafnt sem karla til að sækja um hjá okkur.**

Öryggis- umhverfis- og gæðastjóri hefur yfirumsjón með rekstri öryggis- umhverfis- og gæðakerfa fyrirtækisins. Hann sér um uppbygginguna og innleiðingu á vottun stjórnkerfis fyrirtækisins byggðu á ISO 9001, 14001 og ISO 45001. Viðkomandi hefur yfirumsjón með rekstri rannsóknarstofu og stýrir því starfi ásamt samskiptum við stjórnvöld varðandi öryggis- og umhverfismál. Viðkomandi þarf að vera framsýnn og hafa haldgóða reynslu af öryggis- umhverfis- og gæðamálum ásamt því að hafa tileinkað sér verkfæri LEAN í framleiðsluferli.

Viðkomandi mun hafa mannaforráð og þarf að hafa brennandi áhuga á málaflokknum og búa yfir afburða samskiptafærni ásamt hæfni til að fá aðra með sér til góðra verka.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun í verkfræði eða önnur háskólamenntun á sviði vísinda eða tækni
- Lágmark 5 ára reynsla frá sambærilegum iðnaði
- Góð reynsla af því að hafa mannaforráð
- Þekking á verkfærum LEAN í framleiðslu
- Þekking á SharePoint er kostur
- Reynsla af HSEQ (heilsa, öryggi, umhverfi og gæði) í iðnaðarumhverfi
- Reynsla af uppbyggingu og innleiðingu á stöðugum umbótum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Afburða samskiptahæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku



Lind Einarsdóttir

FAST Ráðningar

PCC BakkiSilicon



Allar nánari upplýsingar veitir Lind hjá FAST Ráðningum í síma 552-1606 eða lind@fastradningar.is

Umsækjendur er vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á www.fastradningar.is

Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk.

# Rafkaup leitar að starfsfólki

## Sölumaður í verslun

Í starfinu felast öll almenn verslunarstörf s.s. sölumennska, vöruframsetning, innkaup, áfylling og fleira. Um hlutastarf er að ræða og er vinnutími virka daga frá kl. 12:00–18:00 og einn til tveir laugardagar í mánuði frá kl. 11:00–16:00.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af verslunarstörfum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góð þjónustulund
- Stundvísi
- Gott skipulag
- Góð íslenskukunnátta

## Starfsmaður á lager

Í starfinu felast öll almenn lagerstörf s.s. afgreiðsla pantana, vörumóttaka, áfyllingar ofl. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00–17:00.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góð þjónustulund
- Stundvísi
- Gott skipulag

Einungis reyklausir einstaklingar, eldri en 25 ára, koma til greina og þarf viðkomandi að hafa hreint sakarvottorð.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um framtíðarstörf er að ræða.

**Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda til *atvinna@rafkaup.is* fyrir 5. september 2018.**

Rafkaup er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á lömpum, lampabúnaði og ljósaperum. Markmið félagsins er að vera ávallt í fremstu línu varðandi þjónustu til viðskiptavina sinna og markaðssetningu á þeirri vöru sem fyrirtækið selur.

**Rafkaup**
Ármúla 24 • S: 585 2800

» **Ráðningarþjónusta**

# Starfsmaður í steypustöð

Leitað er að sjálfstæðum og metnaðarfullum einstaklingi til starfa í steypustöð.




## » Starfssvið

- Starfið er fólgið í framleiðslu steinsteypu ásamt skráningu, afhendingu og almennu viðhaldi.

EININGAVERKSMIÐJAN

Einingaverksmiðjan var stofnuð 1994 og framleiðir forsteyptar einingar til húsbygginga.

## » Hæfniskröfur

- Kunnátta/þekking á framleiðslu steinsteypu
- Góð almenn tölvukunnátta
- Lyftarapróf kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Rík öryggisvitund

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# GAKKTU TIL LIÐS VIÐ KRAFTMIKINN HÓP

KLETTUR



Við hjá Kletti - sölu og þjónustu óskum eftir að ráða þjónustulipran og ábyrgðarfullan **sölumann í varahlutadeild** Kletts.

## HÆFNISKRÖFUR

- Þekking á vörubílum og vinnuvélum
- Lausnamiðuð, sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og snyrtimennska
- Frumkvæði og geta til að vinna eftir stöðlum framleiðanda
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði töluð og rituð
- Góð tölvukunnátta

**Umsóknir sendist á svsi@klettur.is til og með 15. september 2018.** Óskað er eftir ferilskrá með meðmælum og kynningarbréfi þar sem fram kemur ástæða þess að sótt er um starfið. Nánari upplýsingar veitir **Sveinn Símonarson**, framkvæmdastjóri þjónustusviðs (**svsi@klettur**.is, s. **825 5752**).

**Klettur er leiðandi í sölu og þjónustu vörubíla, vinnuvéla og tækja. Hjá Kletti vinna um 95 manns við þjónustu og sölu á meðal annars Scania og Caterpillar tækjum og vélum, IR loftpressum og Goodyear hjólbörðum.**

**Gildi Kletts eru heiðarleiki, fagmennska, liðsheild og staðfesta.**

SCANIA CAT MULTIONE GOODYEAR IR Ingersoll Rand

KLETTAGARÐAR 8-10
590 5100
www.klettur.is

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Verkefnastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð menntamála á skóla- og frístundasviði

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir starf verkefnastjóra innleiðingar á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verkefninu Opinskátt um ofbeldi í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík.**
Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og annast m.a. rekstur grunnskóla, leikskóla, frístundamiðstöðva, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur og skólahljómsveita.
Um er að ræða nýtt starf til þriggja ára vegna innleiðingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verkefnisins Opinskátt um ofbeldi í starfsemi skóla- og frístundasviðs. Verkefnastjóri veitir ráðgjöf og fræðslu til stjórnenda og starfsmanna í skóla- og frístundastarfi og styður við þróun og nýsköpun. Verkefnið tengist innleiðingu nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar. Næsti yfirmaður er deildarstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar menntamála á skóla- og frístundasviði.

**Helstu verkefni:**

- Innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verkefnið Opinskátt um ofbeldi í starfsemi skóla- og frístundasviðs í samvinnu við starfsfólk.
- Skipuleggja fræðslu og þjálfun starfsfólks varðandi Barnasáttmálann og lýðræðisvinnu auk verkefnisins Opinskátt um ofbeldi.
- Vinna í samvinnu við stjórnendur og starfsmenn skóla- og frístundasviðs að fræðslu til foreldra/forráðamanna eftir þörfum.
- Þverfagleg samvinna innan og utan skóla- og frístundasviðs í tengslum við málefnið.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf á sviði uppeldismenntunar, s.s. tómstunda- og félagsmálafræði, leikskólakennarafræði, grunnskólakennarafræði eða sambærileg menntun.
- Framhaldsmenntun kostur.
- Víðtæk reynsla af starfi með börnum og/eða unglingum og þekking á skóla- og frístundastarfi.
- Þekking og áhugi á mannréttindum og lýðræðisvinnu með börnum og unglingum.
- Reynsla af innleiðingu verkefna.
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð enskukunnátta og önnur tungumálakunnátta kostur.
- Góð tölvukunnátta.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. október 2018, eða eftir samkomulagi. Umsóknarfrestur er til og með 15. september 2018.**

Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf. Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, sími 411-1111. Netfang: ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

TRÖLL EXPEDITIONS

# Leiðsögumenn!

Ört stækkandi fyrirtæki í ferðaþjónustu leitar að öflugu starfsfólki til að slást í för fyrir ævintýri haustsins og vetursins.
Við gerum kröfu um ríka þjónustulund og mikla færni í mannlegum samskiptum. Að auki er góð enskukunnátta algjört skilyrði. Önnur tungumálakunnátta ásamt reynslu og þekkingu á bókunarkerfinu Bókun mikill kostur.
Tröllaferðir er ört vaxandi ferðaþjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í ævintýraferðum um Ísland.
Helstu starfsstöðvar þess eru í Reykjavík, á Þingvöllum, í Skaftafelli og á Sólheimajökli. Hjá fyrirtækinu starfar fjöldinn allur af fólki víðsvegar að úr heiminum.

## Ökuleiðsögumenn

**Helstu verkefni:**

- Leiða hópa okkar í skipulagðar ferðir um landið.

**Hæfniskröfur:**

- Þekking á landi og þjóð og geta til að miðla þeirri þekkingu á áhugaverðan og eftirtektarverðan hátt.
- Góð framkoma.
- Aukin ökuréttindi (D réttindi), öll aukin réttindi umfram D er kostur.
- Nám og reynsla í leiðsögn er kostur.
- Brennandi áhugi á ferðalögum innanlands.

## Jöklaleiðsögumenn

**Helstu verkefni:**
Leiða hópa í göngu- og ísklifursferðir um skriðjökla Mýrdals- og Vatnajökuls.

**Hæfniskröfur:**

- Hard Ice 1 námskeið. Hard Ice 2/3 er mikill kostur, sem og öll önnur námskeið er hafa með leiðsögn á jöklum að gera.
- Aukin ökuréttindi er kostur.
- Góð framkoma.
- Reynsla af jöklaferðum er mikill kostur.
- Nám og reynsla í leiðsögn er kostur.
- Brennandi áhugi á ferðalögum innanlands.

## Yfirborðskafarar (snorkeling guides)

**Helstu verkefni:**

- Leiða hópa í yfirborðsköfun (snorkeling) í Silfru í Þingvallavatni.

**Hæfniskröfur:**

- Padi Dive Master réttindi.
- Aukin ökuréttindi er mikill kostur.
- Góð framkoma.
- Reynsla af jöklaferðum er kostur.
- Nám og reynsla í leiðsögn er kostur.
- Brennandi áhugi á ferðalögum innanlands.

Frekari upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess má nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, www.trollaferdir.is
Við hvetjum alla til að sækja um óháð kyni, aldri og þjóðerni.

Umsóknum skal skilað á tölvupóstfangið info@trollaferdir.is og skal henni fylgja CV, kynning og mynd af umsækjanda.
**Umsóknarfrestur er til og með 20. september,**
en fyrirtækið tekur við umsóknum allt árið um kring.


# ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

**Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is

ÖSSUR®
LIFE WITHOUT LIMITATIONS



# Sérfræðingur í skjölun á klínískum upplýsingum

Vegna þróunar og markaðssetningar lækningatækja

„Við hjónin vorum í liðinu síðast og besti vinur minn, hann Greipur," segir Gylfi. „Við komumst meira að segja í úrslit og Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri bað okkur strax að vera aftur. En svo tapaði hann kosningunum í vor og nú er búið að skipta um bæjarstjóra þannig að þátttaka okkar er í lausu lofti."

Guðmundur bæjarstjóri tekur sig á. „Heyrðu, ætli við verðum ekki bara núna, ég og konan mín, og einhver vinur okkar!"

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
BÍLHÁTALARAR MYNDAVÉLAR
HEYRNARTÓL HLJÓMBORÐ REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

## LOKADAGAR-LOKADAGAR

HRÆRIVÉLAR KAFFIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR VÖFFLUJÁRN BLANDARAR ÞVOTTAVÉLAR RYKSUGUR STRAUJÁRN ÞURRKARAR

**NOKKUR VERÐDÆMI**

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
**65“ LG sjónvörp frá 139.995**
**Þvottavélar frá 29.995**
**Philips sjónvörp með allt að 200.000 kr afslætti**
**Matvinnsluvélar með allt að 50% afslætti**
**55“ sjónvörp frá 49.995**
**Whirlpool ofnar með allt að 50% afslætti**
**Sous Vide tæki frá 9.995**
**Spansuðu helluborð frá 26.995**
**LG tvöfaldir stál kæliskápar frá 149.995**
**Philips heyrnartól með allt að 60% afslætti**

**TAKMARKAÐ MAGN**
*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

*Opið alla helgina!*

**OPIÐ!**

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT VIRKA DAGA
FRÁ 10-18, LAUGARDAGA 11-16
OG SUNNUDAG 13-17.

**Heimilistæki**
www.ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

LG CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON BEKO scan domestic wilfa
Melissa Ariete elna VESTFROST iRobot MEDISANA Whirlpool DēLonghi DAEWOO OBH NORDICA

# LESTUR OG LITADÝRÐ!




Teikniblokk A4 eða A5
VILDARVERÐ FRÁ: 299.-
Verð frá: 399.-




Trélitir þrístrendir
JUMBO 6 stk
VILDARVERÐ: 862.-
Verð: 1.149.-




Trélitir þrístrendir JUMBO
10 stk með yddara
VILDARVERÐ: 1.694.-
Verð: 2.259.-




Trélitir þrístrendir
12 stk
VILDARVERÐ: 1.439.-
Verð: 1.919.-




Trélitir þrístrendir
6 stk
VILDARVERÐ: 517.-
Verð: 689.-

# ALLAR
## VÖRUR FRÁ
Crayola




**30%**
**vildar-**
**afsláttur**

# LITABÆKUR & LITASETT

**30%**
**vildar-**
**afsláttur**




VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON

2016 Framúrskarandi fyrirtæki

abcdefghijklmnopqrstuvwxyz




**Ástarsaga úr fjöllunum**
**VILDARVERÐ: 2.799.-**
Verð: 3.499.-




**Ég hlakka til**
**VILDARVERÐ: 2.319.-**
Verð: 2.899.-




**Krummi Króm**
**VILDARVERÐ: 2.159.-**
Verð: 2.699.-




**Herra blýantur og litadýrð**
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.999.-




**Settu saman mannslíkamann**
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.999.-




**Veröld Míu**
**VILDARVERÐ: 2.399.-**
Verð: 2.999.-




**Elmar**
**VILDARVERÐ: 1.999.-**
Verð: 2.499.-




**Elstur í bekknum**
**VILDARVERÐ: 2.399.-**
Verð: 2.999.-




**Rosi fer í bað (vatnsheld bók)**
**VILDARVERÐ: 1.439.-**
Verð: 1.799.-




**Grimmi tannlæknirinn**
**VILDARVERÐ: 2.399.-**
Verð: 2.999.-




**Vinir Einars Áskels**
**VILDARVERÐ: 1.599.-**
Verð: 1.999.-




**Vonda frænkan**
**VILDARVERÐ: 2.399.-**
Verð: 2.999.-


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð gilda til og með 3. september eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



MEÐ OG Á MÓTI

# Eiga bólusetningar að vera skilyrði fyrir inntöku barna í leikskóla?

Borgarfulltrúarnir **Líf Magneudóttir**, Vinstri grænum, og **Hildur Björnsdóttir**, Sjálfstæðisflokki, rökræða um bólusetningar sem skilyrði fyrir inntöku barna í leikskóla borgarinnar.

**Á MÓTI**

## Líf Magneudóttir

Með bólusetningum höfum við náð góðum tökum á og sigrað afar skæða sjúkdóma á síðustu öld. Þeim árangri hljótum við öll að vilja viðhalda og ég efast ekki um að allir borgarfulltrúar eru sammála um mikilvægi þess að bólusetningarhlutfall haldist áfram nægilega hátt til að tryggja hjarðónæmi. Í þeim efnum tel ég skynsamlegast að hlusta á ráðleggingar sérfræðinga í málaflokknum. Heilbrigðisstarfsfólk segir að sem betur fer sé staðan ekki sú að beita þurfi íþyngjandi aðgerðum við inntöku barna í leikskóla eins og að binda hana við bólusetningu þeirra og sóttvarnalæknir hefur tekið í sama streng og bendir á að skráningum geti verið ábótavant og að rauntölur bólusettra séu líklega hærri.

**Heftandi inngrip í líf fólks**

Heilbrigðismál, líkt og bólusetningar, verða best leyst á vettvangi heilbrigðiskerfisins. Það er ekki sveitarfélaga að taka fram fyrir hendurnar á Embætti landlæknis og stjórnmálamenn verða að vera yfirvegaðir og upplýstir þegar þeir leggja fram tillögur sem mæla með heftandi inngripum í líf fólks og í þessu tilfelli ungra barna og fjölskyldna þeirra. Það þarf þá að minnsta kosti að vera vel rökstutt og að almannaheill sé í húfi og vá fyrir höndum og slíkt þarf að gerast í náinni samvinnu og samráði við fagfólk.

> EINNIG GETUR VERIÐ AÐ AÐGERÐIR AF ÞESSU TAGI KUNNI AÐ SKAPA FALSKT ÖRYGGI OG GÆTU RAUNAR SNÚIST UPP Í ANDHVERFU SÍNA.

Að mínu mati er hugmynd borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vanreifuð og ýmsar spurningar vakna sem krefjast úrlausnar verði farið í slíkar þvingunaraðgerðir. Ástæðulaust inngrip getur líka gert ástandið verra. Nú eru t.d. bólusetningar við mislingum í fyrsta lagi við 18 mánaða aldur. Hvenær á þá að vísa óbólusettum börnum úr leikskóla og hvernig á þá að starfrækja ungbarnadeildir eða taka börn inn við 12 mánaða aldur séu þessi skilyrði í gildi? Það má líka spyrja sig hversu gagnlegar þessar aðferðir eru ef einungis Reykjavík meinar óbólusettum börnum aðgang að leikskólum en önnur sveitarfélög ekki. Hvað á síðan að gera við óbólusett börn í grunnskólunum? Það er líka áleitin spurning í þessu samhengi. Hvað með þau börn sem fara ekki í endurbólusetningu við 12 ára aldur? Eru leikskólastjórnendur eða starfsfólk skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sérstaklega fært um að leggja mat á heilbrigðisgögn og sinna umsýslu þeirra? Er til lagastoð sem styður þessar hugmyndir á vettvangi sveitarfélaga? Svona mætti lengi telja.

Einnig getur verið að aðgerðir af þessu tagi kunni að skapa falskt öryggi og gætu raunar snúist upp í andhverfu sína. Ef óbólusettum börnum foreldra, sem einhverra hluta vegna bólusetja ekki börn sín, er meinaður aðgangur að leikskólum þar sem þau njóta verndar af hjarðónæmi, eykst hættan á því að þau safnist saman í hópa, t.d. í tengslum við heimakennslu eða daggæslu. Slíkar aðstæður hafa komið upp í Bandaríkjunum, þar sem þær hafa átt ríkan þátt í t.d. nýlegum mislingafaröldrum. Þetta er raunverulegt áhyggjuefni vísindafólks.

Langflestir foreldrar láta sem betur fer bólusetja börnin sín og eru viljugir til þess. Mín skoðun er sú að refsingar séu síst til þess fallnar að fjölga bólusettum börnum. Sú leið sem sóttvarnalæknir hefur lagt til sem varðar fræðslu, forvarnir, eftirfylgni og að ná betur utan um skráningar er mun betri en sú leið sem borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins ætlar að leggja til; að útiloka óbólusett börn frá leikskólum borgarinnar. Aðgerðaáætlun Embættis landlæknis er mun skynsamlegri nálgun svona fyrst í stað heldur en að byrja á öfugum enda með óþarfa forræðishyggju og vanhugsuðum bönnum sem gætu haft ófyrirséðar afleiðingar. Umræðan er góð en hún þarf að vera upplýst og laus við upphlaup, oftúlkanir og ónauðsynlegan hræðsluáróður.

**MEÐ**

## Hildur Björnsdóttir

Fyrir fáeinum árum var ég búsett í London. Sonur minn var í grunnskóla og dóttir mín örfárra mánaða gömul. Dag einn barst erindi frá skólanum sem greindi frá mislingasmiti innan bekkjarins. Dóttir mín hafði ekki náð þeim aldri að vera bólusett gegn mislingum. Ég fylgdi syni mínum gangandi til skóla daglega og var systir hans ávallt meðferðis. Vegna vanrækslu annarra foreldra komst hún því daglega í návígi við óbólusett börn. Börn sem reyndust með mislinga.

Þátttaka í almennum bólusetningum á Íslandi er óviðunandi að mati sóttvarnalæknis. Minnki þátttaka frekar má búast við dreifingu sjúkdóma sem ekki hafa sést hérlendis um árabil. Samkvæmt alþjóðaheilbrigðisstofnun hafa mislingar náð gífurlegri útbreiðslu í Evrópu síðustu tvö ár – raunar hafa mislingatilfelli sextánfaldast á tímabilinu.

Ég legg til að Reykjavíkurborg geri almennar bólusetningar að skilyrði við inntöku í leikskóla, þó með sanngjörnum undantekningum. Sækir tillagan fyrirmynd til annarra Evrópuþjóða. Hún sækir stoð í lög um leikskóla og meðferð upplýsinganna færi eftir ákvæðum persónuverndarlaga.

**Hversu lengi ætlum við að bíða?**

Bólusetningar eru ekki einungis gagnlegar þeim sem þær þiggja – þær eru nauðsynlegar þeim varnarlausu. Til eru einstaklingar sem af heilsufarsástæðum eða vegna ungs aldurs mega ekki þiggja bólusetningar – þeir reiða sig á hjarðónæmi samfélagsins.

Óbólusettum börnum fjölgar. Foreldrar þessara barna eru í langflestum tilfellum að gleyma sér. Heilsugæslur hafa hrint af stað fræðslu- og eftirfylgniátaki en átakið virðist ekki hafa skilað tilætluðum árangri. Einhverjir segja að gefa þurfi átakinu meiri tíma. En útbreiðsla smitsjúkdóma er hröð – á fyrstu sex mánuðum þessa árs hafa yfir 41.000 mislingatilfelli greinst í Evrópu. Hversu lengi ætlum við að bíða?

Ef bólusetningar verða inntökuskilyrði á leikskóla borgarinnar yrði það foreldrum tiltekin hvatning. Skilyrðinu yrði ekki beitt af harðræði. Foreldrum væri gefinn aðlögunartími og fólk aðstoðað við að ljúka bólusetningum barna sinna svo tryggja mætti leikskólapláss.

Hafi barni ekki verið gefið nafn við 6 mánaða aldur telja yfirvöld sig knúin til að beita foreldra dagsektum. Vilji foreldrar gefa barni nýstárlegt nafn gæti það verið stöðvað af mannanafnanefnd. Ef foreldrar neita barni um bólusetningar aðhafast yfirvöld ekkert.

> FORELDRUM MÁ EKKI VERA Í SJÁLFSVALD SETT AÐ TAKA SKAÐLEGAR ÁKVARÐANIR UM LÍF BARNA SINNA – ALLRA SÍST ÞEGAR SLÍKAR ÁKVARÐANIR GETA HAFT AFDRIFARÍKAR AFLEIÐINGAR.

Foreldrum má ekki vera í sjálfsvald sett að taka skaðlegar ákvarðanir um líf barna sinna – allra síst þegar slíkar ákvarðanir geta einnig haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir börn annarra.

Talið er að eingöngu 2% foreldra séu mótfallin bólusetningum. Það er því lítill hluti barna sem lendir í vanda verði tillagan samþykkt. Stærsti vandi þessara barna er auðvitað sá að þeim er ekki tryggð nauðsynleg heilbrigðisþjónusta. Tillögunni er ekki ætlað að jaðarsetja óbólusett börn. Henni er ætlað að vernda hagsmuni heildarinnar. Fræða þarf foreldra óbólusettra barna og styðja börnin sérstaklega svo þeim séu tryggð þroskavænleg skilyrði.

Sóttvarnalæknir setur ekki inngönguskilyrði á leikskóla. Það gera sveitarfélög með heimild í lögum um leikskóla. Sóttvarnalæknir gefur ekki út tilmæli um skyldubundnar bólusetningar nema faraldur fari af stað hérlendis. Það er hins vegar pólitísk ákvörðun hvort sveitarfélög vilji ráðast í fyrirbyggjandi aðgerðir. Stjórnmálamenn þurfa stundum að taka djarfar ákvarðanir með hagsmuni heildarinnar í huga.

Sumir vilja ekkert aðhafast fyrr en alvarleg tilfelli smitsjúkdóma greinast hérlendis. Ég vil ekki bíða. Bregðumst við strax.

# ego dekor

# ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

## 10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



MAXWELL TUNGUSÓFI
Stærð: 290X173cm
~~Verð: 236.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 188.800,-



CANNON HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 284X190/165cm
~~Verð: 279.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 223.200,-



LEÐURSÓFI
Stillanlegur m/rafmagni Breidd: 207cm
~~Verð: 285.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 228.000,-



CLEO TUNGUSÓFI
Stærð: 278X172cm
~~Verð: 229.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 183.200,-



HVÍTT GLERBORÐ
Stærð: 180x100cm
~~Verð: 98.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 78.400,-



ALEXA SKENKUR – hvítt matt
Breidd: 160cm
~~Verð: 138.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 96.600,-



ARLO STÓLL
~~Verð: 16.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 13.520,-



LOGAN STÓLL
~~Verð: 19.500,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 15.600,-



MORRIS STÓLL
~~Verð: 19.700,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 16.745,-



CANE STÓLL
~~Verð: 21.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 17.520,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is
S: 544 4420

# Fyrsta ofurstjarnan

**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** skrifar um mann sem breytti fótboltasögunni.








Í lok ársins 2000 tilkynnti alþjóðaknattspyrnusambandið FIFA niðurstöður viðamikillar netkosningar, þar sem velja skyldi besta knattspyrnumann tuttugustu aldar. Óhætt er að segja að kosningin hafi snúist í höndunum á stjórnendum sambandsins. Fljótlega kom í ljós að argentínska goðsögnin Diego Maradona myndi vinna með yfirburðum og hlaut hann að lokum meira en helming atkvæða.

Þessi úrslit voru FIFA lítt að skapi. Maradona er ólíkindatól sem rekinn hafði verið heim af heimsmeistaramóti fyrir að falla á lyfjaprófi, átti í stöðugum vandræðum með eiturlyfjafíkn sína og undi sér betur í hópi kommúnistaleiðtoga á Kúbu eða í Venesúela en innan um silkihúfur á fundum FIFA. Brasilíumaðurinn Pelé þótti hins vegar betur húsum hæfur, hafði heilbrigðari lífsstíl og áralanga reynslu af kynningarstörfum fyrir fótboltaíþróttina.

Skömmu áður en kosningu lauk, lýstu stjórnendur FIFA því yfir að ekki yrði um einn heldur tvo titla að ræða. Annars vegar fyrir sigurvegara netkosningarinnar, en hins vegar myndi sérstök dómnefnd sérfræðinga velja sinn leikmann – og varð Pelé þar hlutskarpastur. Rökin fyrir þessari ráðstöfun voru sögð þau að þátttakendur í netkosningunni væru flestir ungir að árum og hefðu því ekki haft færi á að sjá Pelé á velli!

Þótt þessi nýtilkomna sögulega afstæðishyggja Alþjóðaknattspyrnusambandsins snerist líklega mest um andúð á Maradona, var hún að mörgu leyti góðra gjalda verð. Almenningur hefur tilhneigingu til að velja þá sem næst standa í tíma. Listarnir yfir tíu efstu leikmennina í almennu netkosningunni og í vali sérfræðinganefndarinnar voru þó keimlíkir. Helsti munurinn var sá að Argentínumaðurinn Alfredo Di Stéfano (sem síðar lék einnig landsleiki fyrir Kólumbíu og Spán) var í öðru sæti hjá sérfræðingunum en mun neðar hjá almúganum. Di Stéfano var langelsti fótboltamaðurinn á listanum, en hann var upp á sitt besta um og upp úr 1950. Með réttu hefðu verðlaunin því átt að heita: besti knattspyrnumaður seinni helmings tuttugustu aldar.

### Gleymdir frumherjar

En hvaða kempur frá fyrri helmingi aldarinnar hefðu getað komið til greina á lista sem þennan? Upp í hugann kemur Matthias Sinderlaar, sem var lykilmaður í austurríska landsliðinu á fjórða áratugnum, sem bylti hugmyndum fólks um hvernig leika skyldi fótbolta. Ungverjinn Imre Schlosser kæmi líka til álita, en hann lék sinn fyrsta landsleik árið 1906 aðeins sextán ára gamall og er enn í dag markahæsti leikmaður ungversku deildarinnar.

Og svo er það José Andrade …

Með réttu ætti Úrúgvæinn José Leonardo Andrade að vera nefndur í sömu andrá og þeir Maradona og Pelé sem merkustu fótboltamenn Suður-Ameríku. Samanburður á færni leikmanna milli ólíkra tímabila er vissulega erfiður ef ekki ómögulegur, en allir þrír höfðu djúpstæð áhrif á íþróttina. Þar að auki var lífshlaup Úrúgvæjans ævintýralegast þeirra þriggja.

Andrade fæddist í borginni Salto árið 1901. Móðir hans var argentínsk en faðirinn sagður strokuþræll frá Brasilíu, sem var talinn vel að sér í afrískum göldrum. Galdrakunnáttan gæti hafa komið við sögu við getnað sonarins, því faðirinn var 98 ára gamall þegar José litli kom í heiminn. Lífsbarátta fjölskyldunnar var hörð og milli þess sem drengurinn lék sér í fótbolta, sinnti hann hvers kyns störfum: burstaði skó og seldi dagblöð, en aflaði sér einnig tekna með dansi og hljóðfæraslætti. Hann lék á fjölda hljóðfæra og þótti góður söngmaður. Að auki var hann hár og tígulega vaxinn. Spruttu því sögur um að hann hefði framfleytt sér sem fylgdarsveinn ríkra, eldri kvenna.

Vert er að taka öllum sögum um fjölkynngi og blíðusölu með fyrirvara, þar sem þær kunna frekar að vera til marks um staðalmyndir og kynþáttafordóma sem ríkjandi voru í úrúgvæsku samfélagi þeirra tíma, þar sem fólk af evrópskum uppruna var í miklum meirihluta. Margt í lífshlaupi Josés Andrade átti þó eftir að styrkja í sessi glaumgosaímyndina.

Tvítugur varð hann atvinnumaður í knattspyrnu og þremur árum síðar gekk hann í raðir stórliðsins Nacional í höfuðborginni Montevídeó. Það sama ár, 1924, vakti hann athygli heimsbyggðarinnar með landsliði þjóðar sinnar.

Íbúar Suður-Ameríku höfðu lært fótbolta af Bretum og tekið opnum örmum. Í álfunni þróaðist íþróttin með nokkuð öðrum hætti en í Evrópu. Evrópski leikstíllinn var kröftugri og beinskeyttari, en vestan hafs var áherslan lögð á lipran samleik, auk þess sem leikmenn gætu rakið knöttinn fimlega fram og aftur um völlinn. Engir þóttu þó flinkari en íbúar Úrúgvæ. Þrátt fyrir smæð landsins vann Úrúgvæ Suður-Ameríkukeppnina í fimm af fyrstu átta skiptunum sem hún var haldin frá 1916-1924.

### Meistaratign og ljúfa lífið

Í Evrópu vissi enginn neitt um styrkleika suður-amerísku liðanna. Ólympíuleikar voru haldnir í París sumarið 1924 og skráðu 22 lönd sig til leiks í knattspyrnukeppninni – þar af 19 frá Evrópu. Bresku landsliðin fjögur ákváðu að sitja heima vegna deilna um atvinnumennsku, en FIFA samdi um það við Alþjóðaólympíunefndina að sigurlið keppninnar yrði krýnt heimsmeistari.

Úrúgvæ var eini fulltrúi Suður-Ameríku og vakti koma liðsins, sem sigldi á þriðja farrými til Evrópu, enga athygli. Keppt var með útsláttarfyrirkomulagi og mættu ferðalúnir leikmennirnir liði Júgóslava í fyrsta leik. Júgóslavar voru sigurvissir og báðust fyrirfram afsökunar á að slá mótherja sína úr keppni eftir svo langt ferðalag. Gorgeirinn var skiljanlegur. Júgóslavar höfðu látið njósnara sína fylgjast með æfingu hjá Úrúgvæ, en þar á bæ höfðu menn borið kennsl á njósnarana og þóst vera afsklakir.

Sárafáir áhorfendur sáu Suður-Ameríkumennina taka lið Júgóslavíu í nefið, 7:0, en strax í kjölfarið fór fréttin að kvisast út: að hér væri einstakt knattspyrnulið á ferðinni. Slegist var um miðana á leiki Úrúgvæs það sem eftir var á mótinu. Í fjórðungsúrslitum troðfylltu Parísarbúar völlinn til að sjá sitt eigið lið sundurspilað, 5:1, en fögnuðu andstæðingunum engu að síður sem hetjum. Í úrslitaleiknum sjálfum var nánast hver einasti áhorfandi á bandi Úrúgvæ sem tók Sviss í 3:0 kennslustund.

Hrifnæmur blaðamaður sagði úrúgvæsku leikmennina bera af öðrum á mótinu sem veðhlaupahestar í hópi dráttarklára. Aðrir líktu leikstíl þeirra við dans eða ballett. Enginn vakti þó meiri aðdáun en José Andrade. Annar eins leikstjórnandi hafði aldrei sést á velli. Hann virtist líða áfram með knöttinn fyrirhafnarlaust og senda hárnákvæmar sendingar að vild á samherja sína í gegnum vörn andstæðinganna. Þess á milli brá hann á leik, þannig var hann sagður hafa hlaupið yfir hálfan völlinn með knöttinn á enninu, án þess að mótherjarnir kæmu vörnum við.

Litarafið jók enn á dulúð Andrade í huga áhorfenda í París. Þeldökkir íþróttamenn voru nánast óþekktir á evrópskum leikvöngum og vöktu því mikla forvitni. Franska skáldkonan Colette, sem oft hafði tekist að ganga fram af samlöndum sínum með hispursleysi, var send af ritstjóra nokkrum til að skrifa um úrúgvæsku knattspyrnumennina. Efnið vakti engan áhuga hennar, fyrr en komið var á hótel liðsins, þar sem meira fór fyrir dansi og hljóðfæraslætti en boltasparki.

Skáldkonan dró upp æsilega mynd af gleðskapnum og kryddaði sögu sína rækilega. Þannig lýsti hún því hvernig Úrúgvæjarnir hefðu heilsteikt lifandi nautgrip í veislunni og féll sú lýsing vel að hugmyndum Frakka um að fótboltasnillingarnir væru einhvers konar náttúrubörn og hálfgerðir villimenn. Sjálf kolféll Colette fyrir Andrade, sem söng og dansaði. Varð það upphafið að stuttu en eldheitu ástarævintýri þeirra. Önnur frægðarkona sem heillaðist af Andrade þessar vikur í París var dansarinn heimsfrægi Josephine Baker. Þau dönsuðu saman og urðu miklir vinir – sumir telja elskendur.

**MILLI LEIKJA SKELLTI HANN SÉR Í SVALLIÐ...**

Fleiri konur voru í spilinu hjá hinum dansglaða Andrade í París. Milli leikja skellti hann sér í svallið og er engin leið að greina á milli hvað er satt og hvað logið af hinum ótalmörgu frásögnum af gjálífi hans í heimsborginni. Ljóst er þó að stórstjörnulífið féll leikmanninum vel í geð og hratt honum út á vafasamar brautir.

Fjórum árum síðar var Andrade enn í aðalhlutverki þegar Úrúgvæ varði Ólympíu-/heimsmeistaratitil sinn, að þessu sinni í Amsterdam. Ófáar íþróttasögubækur segja frá því atviki þegar hann skallaði markstöng í undanúrslitaleiknum gegn Ítölum og varð fyrir vikið blindur á öðru auga. Aðrir telja þó líklegt að sjónskerðingin hafi verið afleiðing sárasóttar sem farin var að þjaka leikmanninn. Veikindin gerðu það að verkum að Andrade var ekki í sama burðarhlutverkinu á fyrsta HM í fótbolta í Úrúgvæ árið 1930, þar sem heimamenn unnu sinn þriðja heimsmeistaratitil. Í kjölfarið lá leið hans niður á við og árið 1957 lést hann í sárri örbirgð aðeins 55 ára gamall, þrotinn að kröftum vegna áfengissýki og kynsjúkdóma.

Hversu góður José Andrade var í raun í samanburði við aðra leikmenn sem uppi voru á allt öðrum tímum er erfitt að svara og skiptir í raun engu. Hann var hins vegar fyrsta alþjóðlega ofurstjarna fótboltans og átti sem slíkur talsverðan þátt í að stuðla að stöðu greinarinnar sem vinsælasta íþrótt í heimi. Það setur hann í hóp þeirra allra stærstu.


KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA

# SÍÐASTI SÉNS!

# GO-KART BRAUTIN



## LOKAR 16.SEPT



facebook.com/Gokart.is

GO-KART BRAUTIN Í GARÐABÆ

**BÓKAÐU TÍMA Á GOKART.IS**

STÓRÁS 4-6, 210 GARÐABÆR | +354 771 2221 | WWW.GOKART.IS



†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og samhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Sigríðar Gyðu Magnúsdóttur**

dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Vegamóta V3 fyrir frábæra umönnun og hlýju.

**Eiríkur Jónsson**
**Bryndís Eiríksdóttir**
**Ólafía Jóna Eiríksdóttir Hjalti Lúðvíksson**
**Jón Eiríksson Hólmfríður Kristjánsdóttir**
**Magnús Eiríksson Unnur Fanney Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Gréta Pálsdóttir**

Sunnubraut 26, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi aðfaranótt 30. ágúst.

**Arnar Arinbjarnar Arnfríður Tómasdóttir**
**Halldór Arinbjarnar Karin Palsson**
**Guðrún Arinbjarnar**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Ólafur Arnbjörnsson**

Vatnsnesvegi 29, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 27. ágúst. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 5. september kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á krabbameinsfélögin.

**Halldóra Júlíusdóttir**
**Arnbjörn Ólafsson**
**Guðjón Ólafsson Henný Jóna Adólfsdóttir**
**Hörður Ólafsson Diljá Valsdóttir**
**Anita Hafdís Björnsdóttir**
**Telma Dögg Guðlaugsdóttir Magnús Ólafsson**
**Heiða Birna Guðlaugsdóttir Kristján Pétur Kristjánsson**
**Íris Ósk Guðlaugsdóttir Sigurbergur Elísson**
**og barnabörn.**



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

**Bjarkar Hjaltadóttur**

**Guðmundur Brynjólfsson**
**Hjalti Guðmundsson Sigrún Ýr Svansdóttir**
**Brynhildur Guðmundsdóttir Örlygur Auðunsson**
**Lena Björk, Aníta, Kamilla, Guðmundur Thor,**
**Þórhildur Stella, Hugrún Birna, Kristófer Páll**



†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ólöf Ísleiksdóttir**

andaðist í Brákarhlíð, Borgarnesi, sunnudaginn 26. ágúst. Útförin fer fram í kyrrþey, að ósk hinnar látnu, þriðjudaginn 4. september frá Borgarneskirkju.

**Guðrún E. Daníelsdóttir Jón Kristinn Jakobsson**
**Daníel Andri Jónsson**
**Ólöf Kristín Jónsdóttir Guðmundur B. Kristbjörnsson**
**Jón Anton Guðmundsson**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Katrín Stella Briem**

Mörkinni, Suðurlandsbraut 58, áður Laugarásvegi 54,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 27. ágúst sl. Útförin verður auglýst síðar. Við þökkum starfsfólki líknardeildar fyrir sérlega hlýlega umönnun og umhyggju.

**Friðrik Á. Guðmundsson Rúna Hauksdóttir Hvannberg**
**Pétur Alan Guðmundsson**
**Snorri Örn Guðmundsson Lisa Knutsson**
**Rúna Friðriksdóttir Mattia Pozzi**
**Katrín Stella Briem Friðriksdóttir**
**Maja Snorradóttir**
**Arna Snorradóttir**
**Leo Guðmundur Leif Snorrason**



†

Við þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Lilju Randversdóttur**

sem lést 22. ágúst sl. og var jarðsungin frá Akureyrarkirkju 31. ágúst. Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á öldrunarheimilinu Hlíð á Akureyri fyrir góða umönnun og vingjarnlegt viðmót.

**Gunnar Karlsson**
**Randver Karlsson Guðrún Kristjánsdóttir**
**Hólmgeir Karlsson**
**Ingvar Karlsson Ingibjörg Smáradóttir**
**Hans L. Karlsson Guðbjörg Valdórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi, sonur, bróðir og fyrrum maki,

**Sigurjón Ríkharðsson**

sjómaður frá Hafnarfirði,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 17. júlí. Útför fór fram í kyrrþey frá Fríkirkju Hafnarfjarðar 26. júlí síðastliðinn.

**Ríkharður Sigurjónsson Kristín Ingvadóttir**
**Guðmundur Þór Sigurjónsson**
**Helena Sigurjónsdóttir**
**Ríkharður Kristjánsson**
**og aðrir aðstandendur.**



†

Elsku eiginmaður minn og besti vinur, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jósef Sigurðsson**

Hrauntungu 65, Kópavogi,

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut 7. ágúst. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug. Guð blessi ykkur öll.

**Fyrir hönd ástvina,**
**Fjóla Grímsdóttir**
**Guðmundur Swan Harpa Lind Jósefsdóttir**
**Sigurður Valgeir Jósefsson Soffía Sigrún Gunnlaugsd.**
**Eugenia Björk Jósefsdóttir Grímur Anton Fjóluson**
**Þorgrímur Dúi Jósefsson**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigþór B. Sigurðsson**

Klapparstíg 35, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 23. ágúst. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 3. september nk. kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa.

**Kolbrún Ágústsdóttir**
**G. Birna Sigþórsdóttir**
**Bylgja B. Sigþórsdóttir**
**Sigurður Már Sigþórsson**
**tengdadóttir, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Ólafs Ragnars Magnússonar**

prentara.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sóltúns fyrir einstaka umönnun, vináttu og hlýju.

**Valgerður G. Ólafsdóttir**
**Margrét Ólafsdóttir Már Viðar Másson**
**Pála K. Ólafsdóttir Kristján B. Ólafsson**
**Kristinn Axel Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Ingi Benediktsson**

Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Háteigskirkju fimmtudaginn 6. september kl. 15.00.

**Svala Guðmundsdóttir Ólafur Sigurðsson**
**Linda Sólveigar- Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jóhannes Helgi Gíslason**

frá Grímsgerði,

lést þriðjudaginn 21. ágúst sl. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 7. september kl. 13.30.

**Gísli Bogi Jóhannesson Ásta Bára Pétursdóttir**
**Eyþór Holm Jóhannesson Þóra Guðný Birgisdóttir**
**Sigurður B. Holm Jóhannesson Ágústa G. Sigurðardóttir**
**Hinrik Máni Holm Jóhannesson Valborg S. Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför kærrar frænku okkar,

**Rósu J. Guðmundsdóttur**

Innilegar þakkir til starfsfólks Reynihlíðar fyrir góða umönnun.

**Rósa María Tryggvadóttir**
**Anna Helga Tryggvadóttir**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.


RAFVÖRUMARKAÐURINN
ÚTILJÓSADAGAR
ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR
-70%
Áður: kr. 4.935
1.481 kr.
VEGGLJÓS
Staur: 105 cm, kr. 2.099. Áður: kr. 6.995
Litir: Kopar/silfrað
-70%
Áður: kr. 7.995
2.399 kr.
INNFELLD LED LJÓS, 9x14 cm
14x14 cm, kr. 2.699. Áður: kr. 8.995
-50%
Áður: kr. 4.935
2.497 kr.
VEGGLJÓS
Staur, hæð: 110 m, kr. 3.497. Áður: kr. 6.995
-50%
Áður: kr. 3.552
1.776 kr.
KÚPLAR, 20 CM
Kúplar, 26 cm, kr. 1.987. Áður: kr. 3.974
Litir: Svart/grátt/hvítt
-50%
Áður: kr. 3.974
1.987 kr.
VEGGLJÓS
Litir: Svart/grátt/hvítt
-50%
Áður: kr. 3.995
1.997 kr.
VEGGLJÓS
Staur, hæð: 110 cm, kr. 3.498. Áður: kr. 6.995
-30%
Áður: kr. 4.595
3.216 kr.
ÚTILJÓS
Litir: Svart/hvítt
-30%
Áður: kr. 4.935
3.455 kr.
ÚTILJÓS
Litir: Svart/hvítt/rúst
-30%
Áður: kr. 4.935
3.496 kr.
VEGGLJÓS
Litir: Svart/hvítt/rúst
-50%
Áður: kr. 4.795
2.397 kr.
VEGGLJÓS, KASSALAGA
Litir: Svart/grátt/hvítt
-30%
Áður: kr. 4.935
3.455 kr.
VEGGLJÓS. TVÆR GERÐIR
Staur, hæð: 80 cm, kr. 4.896. Áður: kr. 6.995
-30%
Áður: kr. 6.516
4.561 kr.
VEGGLJÓS
Áður: kr. 6.923
4.146 kr.
VEGGLJÓS
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9–18. Laugard. kl. 10–16.
Sunnud. kl. 12–16
RAFVÖRUMARKAÐURINN
Líkaðu við okkur á Facebook
Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Sími: 585 2888



AFMÆLISTILBOÐ
AFMÆLISVEISLA ALLA HELGINA Í VERSLUNUM TÖLVUTEKS
27" IPS FHD
Edge to Edge Slim Bezel
10.000 Afsláttur ALLA HELGINA
BenQ
50% Afsláttur ALLA HELGINA
ANC Active Noise Cancellation
Trust
20% Afsláttur Verð áður 9.990
VATNSHELT
7.992
20% Afsláttur ALLA HELGINA
WONLEX
BENQ GW2780
Glæsilegur skjár með örþunnan ramma og enn betri myndgæði með IPS tækni
29.990
VERÐ ÁÐUR 39.990
TRUST PAXO
Glæsileg Trust Paxo þráðlaus heyrnartól með Active Noise Cancellation tækni!
7.495
VERÐ ÁÐUR 14.990
GPS KRAKKAÚR
Lita snertiskjár, SOS takki fyrir neyðarsímtal og sms sending með staðsetningu
5.592
VERÐ ÁÐUR 6.990
10.000 Afsláttur Aðeins 50 stk 1 á mann!
lenovo
14" HD LED
1368x768 AntiGlare skjár
INTEL N3350
2.4GHz Dual Core örgjörvi
4GB minni
DDR3 1600MHz
128GB SSD
diskur
AFMÆLISTILBOÐ
Meðan birgðir endast
50% Afsláttur ALLA HELGINA
PROPEL
50% Afsláttur 200 stk á dag 1 stk á mann!
TILBOÐ DAGSINS
Laugardag og Sunnudag
LENOVO IDEAPAD V110
Flott fartölva í skólann með 15" skjá og hröðum SSD disk
29.990
VERÐ ÁÐUR 39.990
STAR WARS DRÓNI
Ný kynslóð dróna, hægt er að keppa við aðra spilara
7.495
VERÐ ÁÐUR 14.990
BROTHER MERKIVÉL
Merkivélin sem allir eru að bíða eftir fæst í Tölvutek;)
1.995
VERÐ ÁÐUR 3.990
ALLT AÐ 50.000 Afsláttur AF FARTÖLVUM
Allt að 33% Afsláttur Af spjaldtölvum
Allt að 50% Afsláttur Af heyrnartólum
Allt að 40% Afsláttur Af flökkurum
KYNNINGARVERÐ
13.993
FULLT VERÐ 19.990
NOVA
50GB gagnamagn. Endalaust Snapp á Íslandi. Ótakmörkuð símtöl og SMS á Íslandi og í Evrópu.
ÖLLUM NOKIA FYLGIR FRÁ NOVA*
50GB - Snapp - Ótakmörkuð símtöl og SMS
TÖLVUTEK 12 ára afmælistilboð 2018 • Tölvutek | Reykjavík •


Andlits málun
Popp og Candyfloss
POP CORN
Bladrarinn
Hoppukastali
1000 Kleinuhringir
Krispy Kreme DOUGHNUTS
AFMÆLIS HÁTÍÐ TÖLVUTEKS Í DAG LAUGARDAG FRÁ 12-18 Í HALLARMÚLANUM
ALLT AÐ 50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM
Trust MÆTIR
Sérfræðingar frá Trust verða á staðnum og veita góð ráð laugardag
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 VÖRUM
NOKIA MÆTIR
Sérfræðingar frá Nokia verða á staðnum og veita góð ráð laugardag
NOKIA
NOVA DISKÓ DROTTNING
Settu símanúmerið þitt í Nova Diskó kúluna og þú gætir unnið Nokia 7+ síma
KAUPIR NÚNA OG GREIÐIR 1. NÓV 2018
AFMÆLISGREITT
2,95% lántökugjald og greiðslu- og tilkynningargjald kr. 195
Fyrir upphæð allt að 350.000
12 ára
GJAFA POKI
Fyrstu 50 viðskiptavinir á dag fá flottan gjafapoka
AFMÆLISVEISLA TÖLVUTEKS
TÖLVUTEK
AFMÆLIS HÁTÍÐ
Í DAG LAUGARDAG
FRÁ 12:00 - 18:00
Síðasti dagur afmælistilboða á morgun sunnudag
OPIÐ 12:00 - 18:00
Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
27. Ágúst - 2.September 2018 - Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndabrengl

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var
**POSTULÍNSBLÓM**



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem skilar mörgum góðri búbót. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 7. september næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „1 september“.



FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Þorsti eftir Jo Nesbø** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ómar Árnason, 104 Reykjavík**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

## LÁRÉTT

**1** Fjörlegur, kenndur og kátur – en viti sínu fjær (11)
**10** Segja krapið tefja för á fjallið bláa (6)
**11** Ágæt koma með áætlun um gildi allra hluta (11)
**12** Sjá hvorki eftir orðunum né ríminu (10)
**13** Erfisdrykkja gæslumanna og sona þeirra (9)
**14** Með rauðber á tánni milli Húnaflóa og Skagafjarðar (10)
**15** Harðar sem fyrr, en það má alltaf láta þær ganga til baka (11)
**17** Þeir einir mega selja þér afnot eigin veislurýmis (10)
**18** Ætli fjöldi sveiflna klikki á borðabreidd? (9)
**23** Hin æfu verða aum ef þau villast inn á ákveðin yfirráðasvæði (6)
**24** Hér er mikil fuglahirð og fart hennar er rugl (9)
**25** Kem skikki á byttur og blauta (8)
**28** Pínulítið fljótur fer mjög hratt? (8)
**30** Hvar sem þessir sniglar koma, koma upp sætabrauðsklípur (10)
**33** Gef skitinn dollara fyrir skál af aur (7)
**34** Ströng já, en gaf mér þó allt of mikinn mat (7)
**38** Plata öll möguleg til að vera skítblönk (5)
**40** Tál odda freistar smárra tóla sem taka á smáum hlutum (8)
**41** Mokveiði með mótorinn keyrðan á útopnu (8)
**42** Lagði blað í hlaða (5)
**43** Fékkst jurt til að bera ávöxt (8)
**44** Suddasneið; ein af tólf sem þessi tímabæra plata geymir (7)
**45** Líf sýnir vöðva ef Marta starir um of; það er hennar rulla (5)
**46** Bið iðnaðarmanninn að skoða hið saggafulla hús (8)

## LÓÐRÉTT

**1** Skjótur skynjaðir þú ástand félaga sem var að verða ær (9)
**2** Okkar tími til að veiða (9)
**3** Tel upptökurás einkenna svona læri frá upphafi til enda (9)
**4** Sá sanseraði passar vel í blæsvæði bæja (9)
**5** Mikilvægt er að virða viðeigandi venjur fyrir dómi (12)
**6** Þessar náðust fljótt í hús (12)
**7** Hefur Ingibjörg hugmynd um búllu til að seðja það sárasta? (12)
**8** Sló og tíndi ögn af berjum þótt hér standi stálfákar (12)
**9** Veðja á minn unga dansherra sem aðstoðarmann (12)
**16** Vil að hún verndi mig gegn öllum rólegheitum (5)
**19** Gler grundar leitar Garðarshólma (7)
**20** Ég bæði angraði þau og ruglaði sem þú hrjáðir (7)
**21** Axlaði spýtu í áfengan skenk (7)
**22** Vergjarn Vallóni dýrkar dufl (9)
**26** Sjálfur tel ég Merlín mikinn heillakarl (10)
**27** Étum ekkert svona ölvuð, útaf heldur ósveigjanlegum siðum (10)
**28** Sé válega pílu smásærra fjanda (9)
**29** Ómeidd en viðkvæm gera þau okkur gott (7)
**31** Mæli mestu skekkju sem um getur (8)
**32** Svipuð fíla ræsi og krufningu (8)
**35** Læt guð finna svipu á eigin holdi eftir viðbúin viðbrögð (6)
**36** Treð heilu landi í eina blokk – gengur það? (6)
**37** Sveltar í nafni stríðs (6)
**39** Gera sig klár fyrir ferðir til Norðurbæja (5)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 8 | 5 | | | | 4 | 1 |
| 3 | | | | | | | 7 | |
| | 4 | 5 | 3 | 6 | | | 9 | |
| 8 | 6 | | 1 | 9 | | 5 | | |
| | 5 | 2 | | | | | | 4 |
| 1 | | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | | 3 | | | 9 |
| | | 6 | 7 | | 5 | 2 | | 8 |
| | 3 | 7 | | 8 | 2 | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | 5 | | 4 | | 9 |
| 2 | | | | 4 | 6 | | | |
| 9 | | | 7 | 8 | | | | |
| | 6 | | 2 | 9 | | 5 | | |
| 3 | 8 | | 4 | | | | 6 | 2 |
| | | 7 | | 3 | 8 | | | |
| | | 3 | | | | | 7 | 1 |
| | | 2 | 1 | | | | | |
| | | | | 2 | | 3 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 8 | | | | 1 | 6 |
| | | 6 | | | 7 | | | 9 |
| | | | | 4 | | | 8 | |
| 1 | | | | 3 | | | | |
| | 8 | 4 | 2 | 1 | | | | 7 |
| | | | | | | | | |
| | | | | 5 | 3 | 2 | | |
| | 1 | | 7 | 8 | | | 6 | 5 |
| | 2 | 3 | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 1 | 3 |
| 9 | 4 | 1 | 7 | 3 | 2 | 5 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 9 | 7 | 4 |
| 1 | 5 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 5 | 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 |
| 6 | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 2 |
| 2 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 7 | 9 | 6 |
| 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 9 |
| 5 | 9 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 7 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 8 |
| 8 | 5 | 2 | 6 | 9 | 7 | 3 | 1 | 4 |
| 1 | 4 | 9 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 2 | 7 | 8 | 3 | 1 | 6 | 5 |
| 3 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 4 | 2 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 5 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 2 | 7 | 9 |
| 2 | 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 4 | 5 | 3 | 1 | 6 | 8 | 7 | 9 | 2 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 | 5 | 4 |
| 8 | 2 | 9 | 4 | 7 | 5 | 3 | 1 | 6 |

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Vaeaetaeinen átti leik gegn Paasikan í Helsinki árið 1991.

**1. Dxe7! Bxe7 2. Bd4+ Bf6 3. Bxf6# 1-0.** Málþing skákhreyfingarinnar fer fram í Rimaskóla í dag. Allir skákáhugamenn velkomnir. Ítarlegar upplýsingar á www.skak.is.
**www.skak.is:** Ný alþjóðleg skákstig.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Árangursríkt útspil

HM yngri spilara fór fram nýverið í Kína (8.-18. ágúst í borginni Wuijang) og léku Svíar og Singapore til úrslita. Leikurinn endaði með litlum mun, Svíar unnu með 206 impum gegn 201 í 64 spila leik. Þegar svona litlu munar er auðvelt að finna spil sem skiptu máli um lokaúrslitin. Eitt þeirra er þetta sem kom fyrir í lokalotunni. Norður var gjafari og AV á hættu:

**Norður**
♠ 106
♥ D102
♦ D10842
♣ KG10

**Vestur**
♠ G87
♥ G6543
♦ 965
♣ 43

**Austur**
♠ ÁK3
♥ ÁK
♦ ÁK3
♣ A7652

**Suður**
♠ D9542
♥ 987
♦ G7
♣ D98

Austur er firnasterkur og sagnir enduðu í þremur gröndum í báðum sölum. Þau stóðu með yfirslag eftir spaðaútspil hjá Svíunum. Þegar Svíarnir Ola Rimstedt og Mikael Rimstedt sátu í NS opnaði Singaporbúinn Peter Haw á sterku laufi í austur eftir pass norðurs. Mikael kom inn á 1 spaða og Ola sagði 2 lauf í norður sem væntanlega er tígull. Austur stökk í þrjú grönd og Mikael spilaði út tígulgosa. Það "tempo" munaði miklu. Svíarnir voru á undan að fría tígullitinn en Haw að fría laufið og spilið fór 1 niður. Auðvelt að segja að þetta spil hafi ráðið sigrinum.

Ísak Örn Sigurðsson



JENSEN
15
Áfram Ísland
Framtíðin er spennandi.
Ertu til?
vodafone

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 316



„Það verður nú að viðurkennast,“ sagði Kata full aðdáunar, „að þessi fugl er mjög flottur á litinn.“ „Svartur og hvítur eru nú varla litir,“ sagði Lísaloppa. „Það er þessi skæri appelsínuguli litur sem gerir svarta og hvíta litinn svo flottan,“ sagði Kata.

Lísaloppa hafði sjaldan heyrt Kötu lýsa svona mikilli aðdáun á nokkrum hlut. En rétt var það, þessi fugl var fallegur. En hvaða fugl skyldi þetta vera?

**Veist þú hvaða fugl þetta er? Er þetta, svartbakur, teista eða tjaldur?**



## Lestrarhestur vikunnar Ava Mehrarad 8 ára

**Hvað er skemmtilegast við bækur?** Það er svo gaman að lesa þær, sumar eru mjög þykkar og þær eru skemmtilegar því í þeim er svo mikil saga.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Síðasta bókin sem ég las var bók um Huldu Völu (höf. Diana Kimpton) sem heitir Týndi fjársjóðurinn.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Fyrstu uppáhaldsbækurnar mínar voru Huldu Völu-bækurnar og bækurnar um Binnu B (höf. Sally Rippin).

**Hvers lags bækur þykir þér skemmtilegastar?** Mér finnst ævintýri skemmtileg og líka seríubækur.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Ég er í Vogaskóla.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Já, ég fer oft á bókasafnið og í hvert sinn sem ég kem, tek ég nýjar bækur.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Mér finnst badminton skemmtilegt og svo er fótbolti dálítið skemmtilegur líka.

**Ef þú ætlaðir að skrifa bók, um hvað ætti hún að vera og hvað myndi hún heita?** Mér finnst mjög gaman að skrifa sögur og er búin að skrifa margar. Ein heitir Töfrahnetur og er um íkorna sem býr til töfrahnetur, en svo kemur vond dís og stelur hnetunum og íkorninn reynir að finna þær aftur. Önnur heitir Strákurinn í skóginum og er um strák sem er úti í skógi. Refur tekur hann og reynir strákurinn allt sem hann getur til að komast burt frá honum.





Ava var hæstánægð með Harry Potter.

Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið efna til sumarlesturs fyrir krakka. Verið velkomin í bókasafnið í ykkar hverfi, veljið eitt pappírsdýr sem þið finnið á safninu, skrifið nafn, símanúmer, aldur og nafn á áhugaverðri bók sem þið hafið lesið og takið þannig þátt í lestrarleiknum. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.



Guðrún Margrét og Nanna Dóra voru á Ísafirði að kaupa nauðsynjar fyrir skólann sem átti að byrja daginn eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Hnífsdalur besti staður á Íslandi

Systurnar **Guðrún Margrét Hólm** og **Nanna Dóra Ólafsdóttir** voru nýkomnar úr bókabúðinni á Ísafirði með sitthvað fyrir skólann.

Guðrún Margrét og Nanna Dóra voru á Silfurtorginu á Ísafirði með mömmu sinni. Þær höfðu verið að kaupa smá skóladót í Pennanum þegar blaðamaður sveif á þær til að forvitnast um hvað þær hefðu keypt. Fleira vildi hann líka vita.

**Guðrún Margrét:** Ég var að kaupa pennaveski og strokleður.

**En þú, Nanna Dóra?**

Ég fékk bitabox undir nestið því ég fer með nesti í skólann. Svo keypti ég líka pennaveski, svona bleikt.

Nanna Dóra er einmitt að byrja í grunnskóla daginn eftir og auðvitað í fyrsta bekk. Leikskólagangan er að baki.

**Hlakkar þú til að byrja í stóra skólanum?**

**Nanna Dóra** (svolítið hikandi): Jaaá.

**Hvar eigið þið heima?**

**Nanna Dóra:** Við eigum heima í Hnífsdal.

**Og er skólinn ykkar þar?**

**Guðrún Margrét:** Nei, við komum hingað til Ísafjarðar í skóla.

**Skutlar mamma ykkur?**

**Guðrún Margrét:** Nei, við komum í skólabíl.

**En í hvaða bekk ferð þú, Guðrún Margrét?**

Ég fer í sjöunda bekk og verð hjá sama kennara og í fyrra en áður var ég með annan.

**Eruð þið eitthvað í íþróttum?**

**Guðrún Margrét:** Já, við verðum í alls konar íþróttum í skólanum.

**Nanna Dóra:** Ég er líka í handbolta.

**Guðrún Margrét?** Og ég í fótbolta.

**En hver er uppáhaldsmaturinn ykkar?**

**Nanna Dóra:** Grjónagrautur og slátur.

**Guðrún Margrét:** Hakk og spagettí.

**Hafið þið farið eitthvað í ferðalag í sumar?**

**Nanna Dóra:** Við fórum á Tálknafjörð og vorum þar í nokkra daga, það var mjög gaman.

**Guðrún Margrét:** Ég fór líka í Borgarnes til ömmu Möggu og svo í bústað með Kristjáni afa og Ebbu ömmu. Það var líka gaman.

**Þær eru sammála um að besti staðurinn á Íslandi sé Hnífsdalur.**

**Guðrún Margrét:** Svo búa Gunna amma og Dóri afi á Ísafirði og við förum oft til þeirra.

**Lausn á gátunni**

Þetta er Tjaldur


HAUST 2018
Haustlínan frá The North Face er komin.
Úlpur, bakpokar og allskonar fleira skemmtilegt í Útilíf Kringlunni og Smáralind.
THE NORTH FACE
The North Face Nuptse III dúnúlpa 32.990 kr.
The North Face Borealis bakpoki 12.990 kr.
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Suðvestan strekkingur á morgun með rigningu á köflum eða skúrum, en talsverð rigning við Breiðafjörð. Hiti 7 til 12 stig. Bjartviðri og hiti að 16 stigum norðaustan til.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 18° | Oslo 18° | Stokkhólmur 20° | Gautaborg 20° | Helsinki 19° | Þórshöfn 11° | Nuuk 5° |
| London 21° | Amsterdam 19° | Paris 22° | Berlin 22° | Madrid 31° | Brussel 19° | Róm 27° |
| Boston 20° | New York 21° | Orlando 24° | Moskva 23° | Singapúr 27° | Tókýó 22° | Sydney 13° |







## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 9° →6 | 9° ↑7 | 9° ↗7 | 9° ↘1 | 10° ↖14 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 6° ↖3 | 7° ↗6 | 7° ↖4 | 5° ←6 | 9° ↑9 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 9° ↗5 | 9° ↗5 | 8° ↑2 | 6° ↓3 | 11° ↑13 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↑6 | 10° ↑4 | 9° ↑4 | 9° →5 | 12° ↑11 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 8° ←3 | 8° ↖3 | 10° ↗7 | 11° ↗4 | 10° ↖6 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




HRÍFSTU MEÐ Í VETUR!
LA TRAVIATA
GIUSEPPE VERDI
9. MARS 2019
www.opera.is
Engelbert Humperdinck
Ævintýraópera fyrir hugrakka!
Hans & Gréta
25. nóvember 2018
ÍSLENSKA ÓPERAN
MIÐAR Á BÁÐAR SÝNINGAR Í EINU Á BETRA VERÐI / UPPLÝSINGAR Í SÍMA 528 5050 EÐA Á MIDASALA@HARPA.IS

# Listin var lausnin

Rithöfundurinn og kvikmyndagerðarmaðurinn Xiaolu Guo ólst upp við ömurlegar aðstæður í Kína. Hún þráði ekkert heitar en að komast burt. Í viðtali ræðir hún um æsku sína, foreldra og listina.



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



„Sem betur fer er ég listamaður og get skrifað um þessa upplifun,“ segir Xiaolu Guo. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Einu sinni var í Austri, uppvaxtarsaga eftir Xiaolu Guo, kom út í íslenskri þýðingu Ingunnar Snædal í fyrra hjá bókaforlaginu Angústúru. Guo var hér á landi á dögunum og flutti erindi í Veröld fyrir troðfullu húsi. Þessi mikli áhugi kemur ekki á óvart því Guo hefur merkilega sögu að segja.

Guo fæddist árið 1973 í suðurhluta Kína og ólst upp við ömurlegar aðstæður, eins og hún lýsir á áhrifamikinn hátt í bók sinni. Hún lærði kvikmyndagerð í Peking og hefur leikstýrt nokkrum kvikmyndum sem hafa hlotið verðlaun. Bækur hennar hafa einnig vakið mikla athygli og verið tilnefndar til verðlauna. Guo býr í London ásamt sambýlismanni og ungri dóttur.

**Skriftir eins og meðferð**

Guo ólst upp hjá afa sínum og ömmu eftir að foreldrar hennar gáfu hana frá sér. Afinn barði ömmuna svo að segja á hverjum degi, sparkaði í hana, hrinti henni og kýldi hana í gólfið meðan Guo, hálfdofin vegna ofbeldisins sem hún sá, faldi sig. „Vesturlandabúum finnst líf mitt örugglega hafa verið mjög sérstakt og óvenjulegt. Sem barn kynntist ég mikilli grimmd, en í Kína þessa tíma þótti hún eðlileg,“ segir hún.

Það er ekki sjálfsagt að barn sem elst upp við ástleysi, hörku og grimmd komist óskemmt frá slíkri reynslu. „Sem betur fer er ég listamaður og get skrifað um þessa upplifun og horfst þannig í augu við fortíðina,“ segir Guo. „Minningar mínar frá þessum tíma eru mjög sterkar og nákvæmar og þess vegna góður efniviður fyrir rithöfund. Einhver önnur kona hefði hugsanlega þurft sálfræðiaðstoð í hverri viku það sem eftir væri ævinnar til að vinna úr erfiðum og sárum tilfinningum. Fyrir mér eru skriftir eins og meðferð.“

Ein minnisstæðasta persónan í uppvaxtarsögu hennar er amman, manneskja sem var beitt kúgun og ofbeldi á hverjum degi. „Hún var eiginlega sú eina sem sýndi mér væntumþykju. Hún var auðmjúk en einskis metin. Þannig var komið fram við 90 prósent kvenna í Kína á þessum tíma, þar sem ég ólst upp börðu karlmenn konur,“ segir Guo og bætir við: „Þegar ég var unglingur og hugsaði til ömmu minnar fóru tárin ósjálfrátt að renna niður kinnar mínar.“

> **MÓÐIR MÍN GEKK AÐ FÖÐUR MÍNUM HRÆKTI Á HANN OG SPARKAÐI Í BAKIÐ Á HONUM. ÞARNA HITTUST ÞAU Í FYRSTA SINN.**

**Fáránlegt hjónaband**

Foreldrar Guo birtust einn daginn og tóku við uppeldi hennar. „Hjónaband foreldra minna var ákaflega undarlegt, eiginlega fáránlegt,“ segir hún. „Móðir mín var 17 ára í áróðurshópi Rauða hersins, gekk með rauða kverið í vasanum, tók það reglulega upp og hrópaði: Lengi lifi Maó formaður! Pabbi var myndlistarmaður og kennari. Þegar þau hittust fyrst var faðir minn meðal menntamanna sem höfðu verið dregnir út á torg og upp á svið þar sem þeir krupu meðan ákærur yfir þeim voru lesnar upp. Móðir mín gekk að föður mínum hrækti á hann og sparkaði í bakið á honum. Þarna hittust þau í fyrsta sinn. Hún tók eftir því hversu magur hann var og velti því fyrir sér hvort hann væri virkilega hundur auðvaldsins, eins og henni hafði verið sagt.

Móðir mín fór síðan í heimsókn í endurmenntunarbúðir til að fylgjast með þeim sem þar voru. Þar hitti hún föður minn á ný. Þau gengu í hjónaband eftir að honum var sleppt. Ég var vitni að lífi þeirra saman og sá að það var engin rómantík á milli þeirra. Þau töluðu einungis saman í stuttum setningum.

**Hataði móður sína**

Í bókinni segist Guo hafa hatað móður sína. Á einum stað í bókinni segir hún um hana: „Hún var hranaleg í framkomu og ekki mjög viðkunnanleg. Hvorki þá né síðar.“

Spurð um tilfinningar sínar til móðurinnar segir Guo: „Hún barði mig og tilfinningar mínar til hennar einkenndust af sambland af ótta og hatri. Móðir mín var ólæs bóndadóttir og hún var afar ósátt við að ég skyldi heillast af bókum. Þetta eru gagnslausir hlutir, sagði hún. Hún hafði andúð á menningu meðan við faðir minn vorum afar menningarlega sinnuð.“

Guo segir að faðirinn hafi verið sterkur áhrifavaldur í lífi sínu. „Raunveruleikinn var harður og ömurlegur og við bjuggum við mikla fátækt. Í miðri þessari eymd var faðir minn að mála fallegar landslagsmyndir. Ég horfði á myndirnar og hugsaði: Þarna er heimur án eymdar. Þetta hafði mikil áhrif á barn sem bjó við ástleysi. Listin var lausnin, ekkert annað.

Ég þoldi ekki lífið sem ég lifði, það var einmanalegt og takmarkað og ég vildi komast burt. Tvítug fór ég til Peking í kvikmyndanám. Móðir mín sagði að það væri brjálæðisleg hugmynd að ég færi í háskóla, ég ætti að fá mér vinnu og gifta mig. Þrítug var ég komin til London. Þá var móðir mín afar lítil og veikburða gömul kona en ég var sterk ung kona. Ég óttaðist hana ekki en vildi ekki verða náin henni. Hún fékk krabbamein og dó fyrir fjórum árum. Rétt áður en hún dó fann ég að ég bar ekkert hatur til hennar lengur. Það tók mig um 30 ár að átta mig á því að hún var fórnarlamb kerfisins.“ Faðir Guo dó fyrir fimm árum, einnig úr krabbameini.

**Ætlaði aldrei að eignast barn**

„Saga fjölskyldu minnar einkenndist af þvingun og kúgun,“ segir Guo. „Viðbrögð mín við því hafa verið sterk. Þegar ég kom til Evrópu sagði ég: Ég ætla aldrei að giftast og aldrei að eignast barn. Við sambýlismaður minn erum ekki gift og erum enn þá eins og kærustupar.

Þegar foreldrar mínir voru að deyja úr krabbameini þá rann upp fyrir mér að lífið ætti að snúast um að viðhalda gangi lífsins. Ég hugsaði með mér: Kannski get ég átt barn. Nú eigum við sambýlismaður minn litla dóttur. Það er yndislegt. Ég vil laða fram allt það besta í henni og kenna henni að njóta lífsins, það er svo margt sem hægt er að elska í þessu lífi.“

Guo lauk nýlega við skáldsögu sem hún segir lýsa að hluta til hennar upplifun af því að vera innflytjandi í Evrópu. „Við erum innflytjendur en erum ekki frá Evrópu viljum tilheyra þessari heimsálfu en finnum samt að við tilheyrum ekki fullkomlega. Það má kannski kalla þessa bók ástarbréf til Evrópu. Svo er ég að vinna að annarri skáldsögu sem er persónulegri og fjallar um ást miðaldra fólks.

Svo var ég að ljúka við heimildarmynd sem verður frumsýnd seinna í þessum mánuði á London Film Festival, Five Men and a Caravaggio sem fjallar um áhrifin sem myndir listamannsins hafa á fimm einstaklinga.

Mér hefur vegnað vel. Ég geri kvikmyndir og skrifa bækur og hef ekki unnið aðra vinnu frá því að ég fullorðnaðist. Ég tók meðvitaða ákvörðun um að ég skyldi vinna fyrir mér á þann hátt og enginn skyldi sjá fyrir mér annar en ég sjálf. Fólk sagði: Þú getur ekki lifað á því, það er enginn peningur í því. En mér hefur tekist það hingað til.“

> **EINHVER ÖNNUR KONA HEFÐI HUGSANLEGA ÞURFT SÁLFRÆÐIAÐSTOÐ Í HVERRI VIKU ÞAÐ SEM EFTIR VÆRI ÆVINNAR TIL AÐ VINNA ÚR ERFIÐUM OG SÁRUM TILFINNINGUM. FYRIR MÉR ERU SKRIFTIR EINS OG MEÐFERÐ.**

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# ÁSKRIFT AÐ SNILLD

## 2018/2019

Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á nýju starfsári er afar fjölbreytt og spennandi.

Hægt er að velja um ólíkar tónleikaraðir eða Regnbogakort þar sem hver og einn getur valið ferna eða fleiri tónleika að eigin vali.

Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti og 20% afslátt af miðaverði!



**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS**

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

**Aðalstyrktaraðili :**
GAMMA

# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 1. SEPTEMBER 2018

### Viðburðir

**Hvað?** Skiptifatamarkaður Rauða krossins
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Rauði krossinn, Efstaleiti 9
Rauði krossinn í Reykjavík efnir á ný til skiptimarkaðar með barnaföt í Gerðubergi. Komdu með hreinar og heilar flíkur sem nýtast þinni fjölskyldu ekki lengur og skiptu fyrir föt í réttum stærðum!

**Hvað?** Bókamarkaður
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Listasafn Reykjavíkur
Listaverkabækur til sölu á opnunartíma safnsins, helgina 1.-2. september. Allar bækur á 500.


Ifo Tolentino í Norræna húsinu.

**Hvað?** Tvær sýningaropnanir
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kling & Bang
Páll Haukur, Dauði hlutarins og Auður Ómarsdóttir, Stöngin – Inn.

### Tónlist

**Hvað?** Tónleikar Ife Tolentino, Óskars Guðjónssonar og annarra
**Hvenær?** kl. 21.00
**Hvar?** Norræna húsið
Brasilíski söngvarinn og gítarleikarinn Ife Tolentino heldur tónleika í Norræna húsinu í tilefni af því að nú eru 16 ár síðan hann kom fyrst til Íslands. Miðar á tix.is, kr. 2.500.

**Hvað?** Teitur Magnússon & Æðisgengið + Bagdad Brothers
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Lucky Records, Rauðarárstíg 10
Ókeypis tónleikar í tilefni af nýútkominni plötu. Heitt á könnunni.

## Sunnudagur 2. SEPTEMBER 2018

### Viðburðir


Sönghópar í Háteigskirkju.

**Hvað?** Grafíkverk á Mokka
**Hvenær?** 8.00
**Hvar?** Skólavörðustígur 3a
Tryggvi Ólafsson sýnir grafíkverk á Mokka frá 24. ágúst til 3. október. Þetta er fimmta einkasýning Tryggva á Mokka á einum 40 árum. Sýningin er einnig sölusýning.

**Hvað?** Bergman í Bíói Paradís
**Hvenær?** kl. 16.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu 54
Bíósýning á Wild Strawberries eftir Ingmar Bergman, ásamt pallborðsumræðum eftir myndina um Bergman sem höfund.

**Hvað?** Skiltagerð loftslagsgöngu
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Andrými, Bergþórugötu 20
Nú hefst loftslagsvika sem endar á loftslagsgöngu 8. september. Þema vikunnar er baráttugleði. Við ætlum að hittast og búa til skilti og borða saman á sunnudag 2. september. Öll velkomin sem hafið áhuga á málstaðnum og ef þið viljið einnig borða þá komið þið með eitthvað vegan á hlaðborðið.

### Tónlist

**Hvað?** Út í vorið og 3Klassískar
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Háteigskirkja
Tveir sönghópar, Út í vorið og 3Klassískar, sameinast á tónleikum. Sönghóparnir hafa ekki sungið saman síðan í Flatey á Skjálfanda 2001 svo nú er einstakt tækifæri til að hlýða á söng þeirra.

**Hvað?** Grísalappalísa & Andi í Iðnó
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó, Vonarstræti 3

ICEWEAR MAGASÍN
LAUGAVEGI 91
ÚTSÖLULOK
um helgina
allt að 50% afsláttur af úsöluvörum




GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADIS.IS






| | | | |
|---|---|---|---|
| Whitney | 17:40 | Nýjar hendur (ENG SUB) | 20:00 |
| Kona fer í stríð (ENG SUB) | 18:00 | Adrift | 22:00 |
| Svanurinn (ENG SUB) | 18:00 | Andið eðlilega (ENG SUB) | 22:00 |
| Whitney | 20:00 | Kvíðakast (Atak Paniki) | 22:20 |
| Kvíðakast (Atak Paniki) | 20:00 | | |








Guðrún segir sterkar prjónahefðir á Íslandi, og nefnir lopapeysuprjón og að prjóna á nýfæddu börnin, sem dæmi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Garnganga- og akstur milli búða

Níu hannyrðabúðir á höfuðborgarsvæðinu taka sig saman í dag og bjóða upp á kynningar, tilboð, kaupauka, sýningar, pop-up-markaði, veitingar og fleira. Þá fá prjónarar afhent stimpilkort og geta fengið stimpil í hverri búð sem þeir heimsækja. Ef níu stimplar nást á kortið í dag kemst viðkomandi í pott þar sem veglegir vinningar eru í boði.

Guðrún Hannele Henttinen í garnverslulninni Storkinum við Síðumúla segir garngönguna nú haldna í annað sinn. „Í fyrra var mjög góð þátttaka og við eigum von á að hún verði enn meiri í ár. Það er svo mikill fjöldi sem prjónar af ástríðu, miklu fleiri en margir halda. Þetta verður veisla fyrir þá.“

Guðrún á elstu prjónabúð landsins, Storkinn sem er 65 ára. „Það er svo mikil hreyfing á öllu á Íslandi að mér finnst jákvætt þegar eitthvað heldur velli,“ segir hún ánægjulega. Reyndar flutti búðin hennar í Síðumúlann fyrir níu árum eftir 56 ár í Kjörgarði. „Hér er opnara, bjartara og skemmtilegra,“ segir Guðrún, „og mun auðveldara að fá stæði.“

Prjónasprengja síðustu ára er alþjóðleg og henni fylgir fjölgun prjónahönnuða og aukið framboð af garni og prjónabókum, að sögn Guðrúnar. „Mín kenning er sú að í þessum tæknivædda heimi finni fólk ró og lífsfyllingu í að grípa í prjóna og nota hug og hönd til að skapa með þeim. Við höfum kastað á loft hugtakinu „ást í hverri lykkju“ og það á vel við því það er svo auðvelt og gott að tjá ást og umhyggju með því að prjóna eitthvað fallegt á fólk.“ gun@frettabladid.is

## Garnbúðirnar

**Amma mús**
Grensásvegi 46, Reykjavík
**Storkurinn**
Síðumúla 20, Reykjavík
**Litla prjónabúðin**
Faxafeni 9, Reykjavík
**Handprjónasambandið**
Borgartúni 31,Reykjavík
**Handverkskúnst**
Hraunbæ 102b, Reykjavík
**Föndra**
Dalvegi 18, Kópavogi
**Gallery Spuni**
Engihjalla 8, Kópavogi
**Handprjón**
Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði
**Garnbúð Eddu**
Strandgötu 19, Hafnarfirði

# PIER

# TAX FREE DAGAR

Afslátturinn nemur 19,36% sem verslunin sjálf veitir og er greiddur fullur virðisaukaskattur af sölunni.



HAAG hornsófi
169.900,-
137.007,-



614-171-1020



614-171-1023



614-171-1025



HEMP gólfmotta
4.990,-
4.023,-
WER-3076



LEIDEN sófaborð
19.990,-
16.119,-

Gólfpúðar 7.990,-
6.443,-



MANHATTAN stóll
89.900,- 72.495,-



MARINDA stóll
29.900,- 24.111,-



RICKART stóll
24.900,- 20.079,-



LYDIE hliðarborð
49.900,- 40.239,-

## FRÁBÆR VIKUTILBOÐ!




SKILRÚM
14.990,-
3.000,-
604-141-1013



LARVIK náttborð
19.900,-
9.995,-



ZWETTL skápur
149.900,-
70.000,-



AOMORI sófaborð
24.900,-
10.000,-



GROSIO stóll
24.900,-
12.000,-

**www.pier.is**

**KORPUTORG - SMÁRATORG - AKUREYRI - SELFOSS**

Gildir 30. ágúst - 5. sept. Gildir ekki með öðrum tilboðum.




Saga almenningssamgangna í Reykjavík hófst árið 1931 með stofnun Strætisvagna Reykjavíkur hf. Strætó bs. varð til með sameiningu SVR og Almenningsvagna hf. árið 2001.

# Ferðalag 40 ár aftur í tímann

**Hlemmur opnaði dyr sínar þann 31. ágúst árið 1978 og var þá aðalskiptistöð strætó. Hlemmur skipar nú stóran sess í menningarsögu Reykjavíkur, þó að hlutverk hans hafi sannarlega breyst á síðustu árum.**




Gestir fengu að hoppa upp í leið 4, Hagar – Sund. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Unnur Bergsveinsdóttir sagnfræðingur fræddi farþega um sögu Hlemms.



Hlemmur lék stórt hlutverk í reykvískri menningu og var snemma á níunda áratugnum afdrep pönkara.

# GERÐU GÓÐ KAUP Á VÍTAMÍN OG BÆTIEFNADÖGUM Í NETTÓ

## VALDAR VÖRUR Á 25-35% AFSLÆTTI

ALLAR VÖRUR FRÁ
GULA MIÐANUM
Á AFSLÆTTI

Guli miðinn




netto
Á NETINU

**Tilboðin gilda 23. ágúst-3. október 2018 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

www.netto.is

# DAGSKRÁ

## Sunnudagur

### STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Elías
**07.35** Kormákur
**07.50** Tindur
**08.05** Víkingurinn Viggó
**08.20** Mamma Mu
**08.25** Grettir
**08.40** Heiða
**09.05** Lukku láki
**09.25** Skógardýrið Húgó
**09.45** Tommi og Jenni
**10.05** Ninja-skjaldbökurnar
**10.30** Ljóti andarunginn og ég
**10.55** Friends
**11.20** Ellen
**12.00** Nágrannar
**12.20** Nágrannar
**12.40** Nágrannar
**13.00** Nágrannar
**13.20** Nágrannar
**13.45** Friends
**14.10** The Truth About Stress
**15.05** Tveir á teini
**15.40** Divorce
Gamansamur þáttur frá HBO þar sem Sarah Jessica Parker er í hlutverki Frances sem fer að finna fyrir leiða í hjónabandinu og ákveður að söðla um og byrja nýtt líf án eiginmannsins. Skilnaðurinn gengur hins vegar ekki snurðulaust fyrir sig og oftar en ekki enda samverustundir þeirra með skrautlegum uppákomum. Með önnur aðalhlutverk fara Thomas Haden Church og Molly Shannon.
**16.10** Grand Designs: Australia
**17.00** Curb Your Enthusiasm
**17.40** 60 Minutes
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** So You Think You Can Dance 15
**19.55** So You Think You Can Dance
**20.40** Silent Witness
**21.35** The Sinner
**22.20** Death Row Stories
**23.05** Sharp Objects
**00.00** American Woman
**00.20** Suits
**01.05** Lucifer
**01.45** Land Ho!
**03.20** Slow West
**04.40** Cardinal
**05.25** Cardinal
**06.10** Friends

### STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Leicester City - Liverpool
**08.40** Manchester City - Newcaste
**10.20** Ísland - Þýskaland HM 2019
**12.20** Cardiff City - Arsenal Premier League
Bein útsending frá leik Cardiff City og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**14.30** La Liga Report 2018/2019
**14.50** Burnley - Manchester United
**17.00** Messan
**18.00** PL Match Pack 2018/2019
**18.25** Sampdoria - Napoli
**20.30** Goðsagnir - Steingrímur Jó
**21.15** Pepsi-mörkin 2018
**22.40** Breiðablik - Grindavík
**00.20** FH - KR Pepsi-deild karla

### STÖÐ 2 SPORT 2

**08.05** Everton - Huddersfield
**09.45** Chelsea - Bournemouth
**11.25** Bologna - Inter
**13.05** Parma - Juventus
**14.45** Breiðablik - Grindavík
**17.00** FH - KR
**19.10** Formúla 1. Ítalía
Kappakstur Formúla 1 2018 - Keppni Útsending frá kappakstrinum í Ítalíu.
**21.30** Barcelona - Huesca
**23.10** Lazio - Frosinone
**00.50** Sampdoria - Napoli

### STÖÐ 3

**14.35** The Mentalist
**15.15** The Great British Bake Off
**16.15** Grand Designs
**17.05** Seinfeld
**17.30** Seinfeld
**17.55** Seinfeld
**18.20** Seinfeld
**18.45** Seinfeld
**19.10** Fresh Off the Boat
**19.35** Last Man Standing
**20.00** Grantchester
**20.50** Ballers
**21.20** Girls
**21.50** Game of Thrones
**22.45** Rome
**23.40** Grand Designs
**00.30** Fresh Off the Boat
**00.55** Last Man Standing
**01.20** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Stóri og Litli
**07.13** Tindur
**07.23** K3
**07.34** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**08.12** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.35** Mæja býfluga
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli Vinirnir
**09.54** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Strumparnir
**10.25** Ævintýraferðin
**10.37** Hvellur keppnisbíll
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og Litli
**11.13** Tindur
**11.23** K3
**11.34** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**12.12** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.35** Mæja býfluga
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Strumparnir
**14.25** Ævintýraferðin
**14.37** Hvellur keppnisbíll
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og Litli
**15.13** Tindur
**15.23** K3
**15.34** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**16.12** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.35** Mæja býfluga
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Strumparnir
**18.25** Ævintýraferðin
**18.37** Hvellur keppnisbíll
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Skrímsli í París
Bráðskemmtileg teiknimynd með íslensku tali.

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** Dell Technologies Championship
**11.30** Cambia Portland Classic Cambia Portland Classic
**13.30** Dell Technologies Championship
**17.00** Dell Technologies Championship
**22.10** Golfing World 2018
**23.00** Cambia Portland Classic Cambia Portland Classic

### STÖÐ 2 BÍÓ

**09.15** Evan Almighty
**10.50** Love and Friendship
**12.25** Southside with You
**13.50** My Old Lady
**15.35** Evan Almighty
**17.10** Love and Friendship
**18.45** Southside with You
**20.10** My Old Lady
**22.00** The Accountant
**00.10** The Witch
**01.45** Why Stop Now
**03.15** The Accountant

### RÚV

**07.30** KrakkaRÚV
**07.31**Stundin okkar 2002-2003
**07.55** Sögustund (Kálfurinn - Vilborg Dagbjartsdóttir)
**08.00** Hundalíf (Hunde sketsj)
**08.02** Hæ Sámur (Hey Duggee II)
**08.09** Símon
**08.14** Lilli
**08.18** Begga og fress
**08.31** Húrra fyrir Kela
**08.55** Hvolpasveitin
**09.18** Alvinn og íkornarnir
**09.30** Ronja ræningjadóttir
**10.00** Best í flestu
**10.40** Hið ljúfa líf
**11.00** Silfrið
**12.10** Menningin - samantekt
**12.35** Pricebræður bjóða til veislu
**13.05** Fólkið í kjallaranum
**14.50** Morgan Freeman. Saga guðstrúar
**15.40** Gríp ég því hatt minn og staf
**16.40** Veröld Ginu
**17.10** Kirkjur Íslands
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.25** Basl er búskapur
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Veröld sem var
**20.15** Ljósmóðirin
**21.10** Vetrarbræður
**22.40** Gómorra
**23.30** Sumartónleikar í Schönbrunn 2018
**00.45** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** American Housewife
**08.25** Life in Pieces
**08.50** The Grinder
**09.15** The Millers
**09.35** Superior Donuts
**10.00** Man With a Plan
**10.25** Speechless
**10.50** The Odd Couple
**11.15** The Mick
**11.40** Superstore
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.25** King of Queens
**12.45** How I Met Your Mother
**13.10** Family Guy
**13.40** Glee
**14.25** Survivor
**15.10** Superstore
**15.35** Top Chef
**16.25** Everybody Loves Raymond
**16.50** King of Queens
**17.10** How I Met Your Mother
**17.35** Ally McBeal
**18.20** Flökkulíf
**18.40** Flökkulíf
**19.00** Million Dollar Listing
**19.45** Superior Donuts
**20.10** Madam Secretary
**21.00** Billions
**22.00** The Handmaid's Tale
**23.00** Agents of S.H.I.E.L.D.
**23.45** Rosewood
**00.35** The Killing
**01.20** Penny Dreadful
**02.05** MacGyver
**02.55** The Crossing
**03.40** Valor
**04.30** Síminn + Spotify
**06.00** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




**THE SINNER**
KL. 21:30
Bill Pullman er frábær sem rannsóknarlögreglumaðurinn Harry Ambrose og rannsakar nú af hverju ellefu ára drengur myrti foreldra sína, að því er virðist að ástæðulausu.
Ótrúlega spennandi þáttaröð þar sem Jessica Biel er nú á bak við tjöldin sem framleiðandi þáttanna.




**Spennandi Sunnudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**

**SO YOU THINK YOU CAN DANCE**
KL. 19:10
Stærsta danskeppni í heimi þar sem efnilegir dansarar fá tækifæri til að slá í gegn. Í hverri viku fá þeir krefjandi verkefni og það fækkar í hópnum þar til ný dansstjarna er krýnd.






**SILENT WITNESS** SEINNI HLUTI AF SÖMU SÖGU ANNAÐ KVÖLD
KL. 20:35
Hörkuspennandi þáttaröð frá BBC um liðsmenn réttarrannsóknardeildar lögreglunnar í London sem kölluð er til þegar óhugnanleg morð hafa verið framin. Hver saga er sögð í tveimur þáttum. Fyrri þátturinn er sýndur á sunnudagskvöldum og sá seinni á mánudagskvöldum.
**Breskir sakamálaþættir eins og þeir gerast bestir.**

**DEATH ROW STORIES**
KL. 22:15
Vandaðir og spennandi heimildarþættir um alríkisglæpi sem varða við dauðarefsingu í Bandaríkjunum.




**THE ACCOUNTANT**
BÍÓ
KL. 22:00
Christian Wolff var sannkallað undrabarn í stærðfræði og leiðist út í að hvítþvo peninga fyrir hættulegustu glæpasamtök heims.



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**
**stod2.is**


ALFA ROMEO FRUMSÝNING
ALFA ROMEO STELVIO OG GIULIA
FRUMSÝNING LAUGARDAGINN 1. SEPTEMBER KL. 12-16.
WWW.ALFAROMEO.IS
La meccanica delle emozioni
ALFA ROMEO
ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI ALFA ROMEO Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16




Hjónin Karitas og Hafsteinn í nýopnaðri verslun og vinnustofu sinni við Gömlu höfnina í Reykjavík, Geirsgötu 7. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Framtíðarsýn** Í framtíðinni verður rýmið fullt af hönnun þeirra.



Fallegir munir setja sterkan svip.

# Gæði, líf og sál

Hjónin og hönnunartvíeykið **Karitas** og **Hafsteinn** hafa átt annasamt ár og hafa nýlokið við tvö stór og krefjandi verkefni á árinu.

Hjónin Hafsteinn Júlíusson og Karitas Sveinsdóttir, eigendur HAF Studio, opnuðu nýverið verslun í gömlu verbúðunum við Geirsgötu 7 sem ber nafnið HAF Store. Á neðri hæðinni bjóða þau upp á eigin vörulínu í bland við sérhönnuð húsgögn, listaverk, ljósmyndir og einnig sérvalda hönnunarvöru sem þau kaupa á ferðalögum um heiminn. Á efri hæðinni er vinnustofa þeirra.

Þau segjast vinna náið saman og geta tekist á um hugmyndir eða leiðir í verkefnum sínum. „Við erum algjörar samlokur, getum rifist og verið ósammála, tekist á. En það er aldrei alvarlegt. Ég er kannski í tölvunni og hún kemur og rífur hana af mér og segir: Nei, svona! Við erum gott teymi,“ segir Hafsteinn.

„Við erum mjög vön því að vinna saman. Við erum svo auðvitað stærra teymi því hér starfa þrír hönnuðir og arkitektar hjá okkur í öllum verkefnum, það gefur okkar vinnu meiri dýpt,“ segir Karitas.

Þau segjast stefna að því að sem flestar vörur í búðinni verði þeirra eigin hönnun. „Það er framtíðarpælingin. Að rýmið verði fullt af okkar vörum, en það tekur tíma og er þolinmæðisverk,“ segir Hafsteinn. „Þangað til veljum við inn fallegar vörur, ljósmyndir og listaverk. Við erum ekki í fjöldaframleiðslu heldur viljum bjóða upp á fágæta hluti. Við viljum hafa ríka umhverfis- og samfélagsvitund, viljum frekar að fólk kaupi fáa en góða hluti frekar en að fylla Sorpu af drasli. Þetta eru fallegir hlutir og munir sem við kaupum á ferðalögum,“ segir hann.

**PLASTPARKET RISPAST LÍKA, EN ERU RISPURNAR FALLEGAR? NEI, ÞAÐ HELD ÉG NÚ EKKI. ÞAÐ ER LÍKA GAMAN AÐ SJÁ MARMARA ELDAST OG LEÐUR SEM MÝKIST OG ER AUÐSJÁANLEGA NOTAÐ ER FALLEGT.**

Karitas

*Hvaða strauma og stefnur skynja þau í hönnun?*

„Falleg heimili eru þannig að þar er að finna blöndu af gömlum og nýjum húsgögnum og munum. Þar er að finna persónulega hluti sem hafa merkingu fyrir fólk og því þykir vænt um. Heimili ættu ekki að vera þannig að það sé eins og málunum hafi verið reddað í einni búð. Dýpt og gæði,“ segir Hafsteinn eftir smá umhugsun. „Ég get aldrei svarað þessari spurningu, um strauma og stefnur. Það er allt í gangi. Auðvitað eru alltaf einhverjir litir vinsælir eða efni. Við leggjum mikið upp úr náttúrulegum efnum,“ segir hann.

„Ég tek undir það,“ segir Karitas sem segist einnig klóra sér í kollinum þegar hún fær þessa spurningu. „Tökum sem dæmi fallegt parket úr gegnheilum viði. Það verður bara fallegra með árunum og eftir því sem það lætur á sjá. Því fylgir saga. Plastparket rispast líka, en eru rispurnar fallegar? Nei, það held ég nú ekki. Það er líka gaman að sjá marmara eldast og leður sem mýkist og er auðsjáanlega notað er fallegt,“ bendir hún á. „Gefur heimilinu líf og sál. Mér finnst meira varið í að velja vel, nota gæðaefni og láta svo hlutina endast árum saman. Svo á að vera líf á heimilum, við eigum fimm ára gamla dóttur sem mætti halda að fengi borgað fyrir að rusla út,“ segir hún og hlær.

„Já, lengri tíma hugsun en líka að gefa rýminu líf. Litir koma og fara. Það er alltaf betra að reyna að forðast það að fylgja síbreytilegri tísku og halda frekar í sinn persónulega stíl,“ segir Hafsteinn.

Karitas og Hafsteinn hafa hannað fjölda íslenskra og sænskra veitingastaða og verslana. Í vikunni var einn þeirra opnaður, Skelfiskmarkaðurinn, nýr veitingastaður í eigu Hrefnu Sætran og fleiri. HAF Studio sá um hönnun staðarins ásamt einum eigandanum Ágústi Reynissyni. Þau hönnuðu staðinn frá grunni og einnig ljós, stóla, borð og fleira.

Ferlið frá því þau hófu hönnun á staðnum þar til hann var opnaður var stutt, eða sjö mánuðir, og á sama tíma stóðu þau í undirbúningi við opnun verslunar sinnar og árið hefur því reynst þeim annasamt.

„Opnun verslunarinnar og vinnustofunnar og hönnun á Skelfiskmarkaðnum eru tvö stærstu verkefni sem við höfum leyst af hendi,“ segir Karitas frá. „En einnig með þeim ánægjulegustu. Hópurinn sem stendur að Skelfiskmarkaðnum og þeir sem unnu með okkur að undirbúningi var svo góður,“ segir hún og Hafsteinn tekur undir.

kristjana@frettabladid.is



HAF Studio hannaði Skelfiskmarkaðinn með Ágústi Reynissyni.



Hjónin kaupa fallega muni á ferðalögum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Ítarlegra viðtal við Hafstein og Karitas má lesa á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs- appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**



# KRÚNK KRÚNK & DIRRINDÍ

**frumsýning**
**16. september**
**í Hofi, Akureyri**

Höfundar:
Daníel Þorsteinsson
og Hjörleifur Hjartarson

Litrík og fjörug fjölskylduskemmtun þar sem Sinfóníuhljómsveit Norðurlands ásamt kór, dönsurum og leikara bjóða uppá fuglakabarett. Krummi er veislustjóri á skemmtistaðnum Fenjamýri og kynnir til leiks helstu farfugla, spéfugla og spáfugla og segir frá ferðalögum þeirra á sinn einstaka og gamansama hátt. Það er fjör í mýrinni og fuglarnir syngja, dansa og rappa.

Þú færð miða á **mak.is**, í síma **450-1000** eða í miðasölunni í Hofi sem er opin virka daga kl. 12-18.

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Menningarfélag Akureyrar
Strandgötu 12, Akureyri

MAK
MENNINGARFÉLAG AKUREYRAR




Hafsteinn og Karitas hafa hannað fjölda veitingastaða og verslana, bæði í Svíþjóð og á Íslandi. Hér njóta skærir litir sín í bland við leður og stál. MYND/HAFSTUDIO




Hjónin hafa unnið sleitulaust síðustu mánuði að hönnun og opnun verslunar sinnar og Skelfiskmarkaðarins.

Verkefnið var mjög krefjandi. Við hönnuðum öll ljós á staðnum, stóla og borð. Veitingastaðurinn er stór, um 600 fermetrar og húsið samsett, eiginlega er það þrjú hús. Gamli Sirkus og svo Klapparstígur 28 og 30. Húsið er á fjórum pöllum og það eru engin horn, heldur aflíðandi línur og kúrfur. Það fór mikil vinna í að teikna grunnplanið og ná þessu flæði í rýminu,“ segir Hafsteinn.

Flísarnar voru vatnsskornar á Ítalíu og þarlendir iðnaðarmenn komu til Íslands til að leggja þær. „Þær þurftu að passa upp á millimetra, það komu hingað fjórir Ítalir og voru í nokkrar vikur að leggja þær. Það var ekki annað hægt,“ segir hann frá.

Litapallettan er ólík þeirri sem þau hafa notað áður í hönnun sinni. „Við erum með rautt leður og blátt í flísum, gull og marmara. Það er mikil litagleði. Við fórum talsvert út fyrir þægindarammann og finnst það frábært. Við vorum tilbúin í þessu verkefni að gera eitthvað nýtt og koma á óvart og Ágúst var mjög faglegur og drífandi í ferlinu,“ segir Karitas.

„Suður-Evrópa, Miðjarðarhafið



Matbar við Hverfisgötu.

en líka Ísland og kannski kemur litagleðin líka frá gamla Sirkus,“ segir Hafsteinn. „Við viljum að fólk sjái eitthvað nýtt og ferskt, ekki klisjur sem fólk hefur séð úti um allan heim. Það skiptir líka máli að skapa góða heildarupplifun viðskiptavinarins og við vildum svolítið taka brasserí í nútímann,“ segir hann.

Hafsteinn bætir því við að það hafi verið uppi miklar vangaveltur um hvernig ætti að tengja við sögu gamla Sirkus, skemmtistaðarins. „Leiðin var sú að fara huglæga leið. Á föstudags- og laugardagskvöldum verður dj sem spilaði á gamla Sirkus. Maggi Legó til dæmis,“ segir hann.

*Þannig að Maggi Legó er eitt húsgagnið?*

„Já, það má eiginlega segja það! Ég held þetta hafi verið rétta leiðin, annað hefði verið svolítið skrýtið. Að endurgera gamla stemningu. Það er ekki hægt,“ segir hann.



Hjónin hafa hannað falleg verslunarrými.




Kynntu þér **Opel Grandland X** og bókaðu reynsluakstur á **grandland.opel.is**

**Sýningarsalur**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bílabúð Benna

## Lífið í vikunni

26.08.18–01.09.18

### ÞORSTANUM Í ÞUNGAROKK SVALAÐ Í SUMAR

Sumarið hefur einkennst af komu ógnarstórra þungarokksbanda hingað til lands. Góðvinirnir Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands slógu lokatóninn á einu stærsta þungarokkstónleikasumri Íslandssögunnar. Fréttablaðið tók saman málmsumarið mikla 2018.





### KÓNGURINN ÁTTI AFMÆLI

Sjálfur Michael Jackson hefði orðið sextugur í vikunni en hann lést fimmtugur að aldri, eftir að hafa fengið hjartaáfall á heimili sínu þann 25. júní 2009. Lífið leit yfir glæsilegan feril eins stærsta og ástsælasta tónlistarmanns veraldar.

### MÁLTÍÐ Á UNDIR 1.500 KRÓNUM!



Lífið fór á stúfana og taldi saman nokkra veitingastaði sem bjóða upp á ljúffengan en jafnframt ódýran hádegisverð. Réttirnir eru allt í senn hollir og góðir fyrir kroppinn yfir í það að vera aðeins sveittari útgáfa. Hins vegar eiga réttirnir það sameiginlegt að vera heil máltíð og saðsöm. Hver á vinninginn fer þó eftir smekk hvers og eins.

### JÚNÍUS MEYVANT GEFUR ÚT NÝTT LAG Í DAG

Nýja lagið nefnist High Alert og er aðgengilegt á öllum helstu tónlistarveitum. Von er á annarri plötu Júníusar Meyvants í nóvember en nafn plötunnar, Across the Borders, er ekki úr lausu lofti gripið. Tónleikaferðalag um Evrópu og Bandaríkin tekur við á nýju ári.






# Dansar og leikur í hrollvekjunni Suspiria

**Halla Þórðardóttir**, dansari hjá Íslenska dansflokknum, fer með hlutverk í kvikmynd ítalska leikstjórans Luca Guadagnino sem var meðal annars tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir síðustu mynd sína, Call Me by Your Name.



Halla er farin til Feneyja og verður viðstödd frumsýningu myndarinnar Suspiria á kvikmyndahátíðinni þar um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hin klassíska hrollvekja gamla skólans, Suspiria, hefur verið færð í nýjan búning. Með aðalhlutverk fara Tilda Swinton, Dakota Johnson og Mia Goth. Myndin verður frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum um helgina og náði Fréttablaðið í skottið á Höllu áður en hún lagði land undir fót.

„Ég hef aldrei leikið og dansað í kvikmynd áður, svo ég er mjög spennt að sjá afraksturinn,“ segir Halla.

„Suspiria er endurgerð á samnefndri mynd frá árinu 1977 en leikstjórinn vildi ekki tala um myndina sem endurgerð heldur sem ákveðinn virðingarvott við hina upprunalegu mynd. Söguþráðurinn hverfist um stúlku sem flytur til Þýskalands og ákveður að leggja stund á nám í dansskólanum Markos Danzgruppe.“

### Drungaleg stemning í tökum

Tökur á myndinni tóku um átta vikur og fóru fram um haustið 2016. Þrjár vikur fóru í æfingaferlið og að semja danssenur í myndinni. Halla segir umstangið í kringum tökurnar hafa verið mikla upplifun. Þær fóru fram í yfirgefnu hóteli á fjallstindi þar sem allt var í niðurníðslu; brotnir gluggar og mátti fólk ekki stíga niður fæti hvar sem það kaus.



Dansarar í Suspiria.
MYND/ALESSIO BOLZONI

„Á hverjum morgni þurftum við að keyra upp hlykkjóttan veg upp á toppinn og það var yfirleitt þoka alla leiðina enda farið að kólna. Á þaki hótelsins var svo frumskógur af loftnetum sem alltaf heyrðust einhver hljóð og ískur í. Stemningin var mjög skrítin,“ segir Halla.

„En það var rosalega gaman að leika í þessari mynd og gaman að kynnast öllu þessu fólki. Við vorum nokkrar sem vorum að þjálfa aðalleikkonurnar og þar á meðal Swinton. Það var alveg magnað að horfa á hana leika, hún er alveg frábær leikkona. Kvikmyndaheimurinn er að heilla mig.“

gunnthorunn@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


KFC
ÁFRAM
25 HOT WINGS
STELPUR
KFC
25 HOT WINGS
2.999 kr.

# Nýtt blað frá Hólf og gólf

## Tilboð og innblástur




Skoðaðu blaðið á byko.is






[e] STONE

**Marmaraflís**
Gegnheill náttúrusteinn, háglans, 80x80cm

**6.994** kr/m²

17800185

# 30% AF ÖLLUM

## rafmagns- og rafhlöðusögum

Hjólsagir • borðsagir • geirungssagir • sverðsagir • bútsagir • stingsagir og multisagir






*Ennþá lengri*
**PALLAHELGI**

# 20%

**af öllu pallaefni**
fura • lerki • plast • harðviður



*Hitagjafar*

# 20-30%

**afsláttur**
geilsahitarar • hitablásarar • olíufylltir ofnar




**Herregård tréolía XO**
Viðarvörn fyrir gagnvarið efni, palla, girðingar og garðhúsgögn. Fæst í ljósbrúnu og glæru.

**1.995**

80602501-2

Almennt verð: 2.495

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land



# JKE
NORDIC KITCHEN DESIGN

**JKE** er danskt vörumerki sem býður upp á einstaklega breiða línu í innréttingum í hæsta gæðaflokki.

JKE innréttingar verða á 25% afslætti út september.

**Komdu elhúsinu í lag fyrir jólin!**

**25% afsláttur**

## Vinnur þú 100.000kr.

**inneign hjá Hólf & Gólf og 12 mánaða áskrift af Húsum og híbýlum?**

Taktu mynd af rými sem þarfnast yfirhalningar, hvort sem um ræðir baðherbergi, stofu, eldhús eða annað. Settu myndina á Instagram og merktu #bykohusoghibyli

**Föstudaginn 21. september** verður heppinn vinningshafi tilkynntur. Að auki verða valdir aukavinningshafar sem fá 35.000 kr. inneign í Hólf & Gólf og 3 mánaða áskrift af Húsum og híbýlum.



HÚS OG HÍBÝLI

Gestadómari er **Sigríður Elín Ásmundsdóttir,** ritstjóri Húsa & híbýla.



GROHE

Tilboð

**Grotherm 1000**
Krómað hitastýrt sturtutæki með 1/2" niðurstút og CoolTouch® tækni sem kælir yfirborð tækisins, sérstaklega hentugt þegar börn eru nálægt

**22.995**
15334146
Almennt verð: 27.995



Tilboð

**Handlaug**
Á borð, 56x45cm. Blöndunartæki fylgja ekki með.

**9.900**
10708505
Almennt verð: 19.795



**NÝTT**
**EMIBIG**
lighting

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# 35% AF ÖLLUM girðingaeiningum



**BYKO**
GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Óttars Guðmundssonar



# Klimatångest

Íslendingar hafa alltaf verið uppteknir af veðrinu. Þjóðtrúin hefur að geyma ótal fyrirboða varðandi veðurfarið. Mikil berjaspretta var talin fyrir vondum vetri. Ótal orðtök og málshættir tengjast hversu ófyrirsjáanlegt veðrið er. Veðurfarið er sígilt samræðuefni í öllum heitum og köldum pottum þessa lands. Góðir veðurspámenn hafa alltaf verið í miklum metum. Gott þótti að heita á heilagan Þorlák til veðurs vegna þess að „hann lastaði aldrei veður“. Reykvíkingar hafa vælt stöðugt í allt sumar yfir vætutíð sem ekki er í anda hins forna biskups.

Meðan rigndi alla daga á Íslandi skein sólin glatt á frændur okkar Svía. Framan af voru menn kátir með alla þessa sól en smám saman kárnaði gamanið. Gróður eyddist, vatn þraut og miklir eldar loguðu í skraufþurrum skógunum. Sólríkt sumar snerist upp í martröð. Um fátt er meira rætt í Svíþjóð þessa dagana en þessa hitasvækju sumarsins. Nýr geðsjúkdómur er kominn fram, „klimatångest“ eða loftslagskvíði sem er gjörólíkur veðuráhyggjum Íslendinga. Menn óttast að veðurfar heimsins sé að breytast og veröldin smám saman að tortíma sjálfri sér. Hjá mörgum verður þetta að alvarlegri þráhyggju sem rænir fólk gleði daganna. Enginn talar lengur um veðursældina í Svíþjóð heldur um dapra framtíð og hitnun jarðar.

Umhverfissinnar sópa að sér pólitísku fylgi með hræðsluáróðri og „heimur á helvegi“ spám. Menn óttast um grunnvatnið og aðrar gjafir jarðar. Íslendingar láta sér þó fátt um finnast enda er hér enginn maður haldinn „klimatångest“. Meðan landinn þráir sól og sumaryl steyta sænskir bændur hnefann til himins framan í sólina. Svona er nú heimsins gæðum misskipt.







